

skoðun 20

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt




Mottuslaufur slá í gegn
*Fjórar stúlkur í Garðabæ hafa hannað slaufur sem líta út eins og yfirvaraskegg.*
fólk 38



# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
23. febrúar 2012
46. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Endalaus uppspretta
*Það er endalaust hægt að velta íslensku fyrir sér segir Sólveig Arnarsdóttir liðsstjóri í Orð skulu standa.*
**menning 30**

## Niðurfærsla skulda
*Íslenskir skattgreiðendur myndu greiða kostnað við skuldaniðurfellingu skrifar Þórarinn G. Pétursson.*
**skoðun 22**



## Fáheyrðir yfirburðir
*Kiel fór létt með Rhein-Neckar Löwen í þýsku úrvalsdeildinni í gær.*
**sport 42**

## veðrið í dag




**HVÖSS A-ÁTT** um S-vert landið í dag og slydda eða rigning. Hægari og úrkomulítið N-til fram eftir degi. Hiti víða um frostmark en 0-5 stig syðra.

VEÐUR 4

# Ólafur gat grætt á kaupunum

**Ef hagnaður hefði orðið á kaupum Al Thani í Kaupþingi hefði hann að hluta til runnið til Ólafs Ólafssonar, samkvæmt ákæru. Þrír af æðstu stjórnendum Kaupþings og einn stærsti eigandi bankans ákærðir.**

**SAKAMÁL** Embætti sérstaks saksóknara segir að ef kaup Sheikh Mohamed bin Khalifa Al Thani í Kaupþingi í september 2008 hefðu skilað hagnaði hefði Ólafur Ólafsson, þá einn stærsti eigandi bankans, hagnast á því.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í ákæru embættisins þar sem Ólafur, Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður bankans, og Magnús Guðmundsson, fyrrum framkvæmdastjóri Kaupþings í Lúxemborg, eru ákærðir fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun eða hlutdeild í slíkum brotum.

Í ákærunni segir að „í september 2008 létu ákærðu starfsmenn Kaupþings og Kaupþings Lúxemborg setja upp viðskiptafléttu í kringum kaup á 5,01% hlut í Kaupþingi. Í fléttunni fólst að Kaupþing lánaði tveimur félögum, Gerland og Serval, samtals um 26 milljarða króna. Var Gerland í eigu ákærða Ólafs en Serval í eigu Sheikh Mohamed bin Khalifa Al Thani. Lánsfé því sem ákærðu, Hreiðar Már og Sigurður, létu veita til félaganna […] var sama dag veitt áfram til kýpverska félagsins Choice Stay Ltd.“

Eigendur þess félags voru Sheikh Mohamed bin Khalifa Al Thani, Ólafur og Sheikh Sultan Al Thani, vinur Ólafs og ráðgjafi Sheikh Mohamed. Féð var síðan látið renna til Q Iceland Finance og hlutirnir í Kaupþingi keyptir í nafni þess félags.


ÓLAFUR ÓLAFSSON


HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON


SIGURÐUR EINARSSON


MAGNÚS GUÐMUNDSSON

Í ákærunni segir að svo „virðist sem hugsunin með fléttunni hafi verið sú að nær allur mögulegur hagnaður af viðskiptunum myndi flæða frá Q Iceland Finance til Choice Stay í gegnum hagnaðartengt lán (e. profit participation loan). Ef hagnaður hefði orðið af viðskiptunum með hlutabréfin hefðu það því verið eigendur Choice Stay[…]sem hefðu deilt honum með sér“. Samkvæmt hagnaðartengda láninu áttu lánakjörin að „endurspegla gengi bréfa Kaupþings þannig að ef t.d. 100 krónu hagnaður hefði orðið á bréfunum hjá Q Iceland Finance hefðu 90-100 krónur farið til Choice Stay“.

Ólafur neitaði því í yfirlýsingu í gær að einhver hagnaðarhlutdeild hefði átt að rata til hans.

- þsj / sjá síðu 8



**KÖTTUR Í TUNNU** Ýmiss konar furðuverur og fígúrur fóru um borg og bæ í gær til að syngja fyrir sælgæti og slá ketti úr tunnum. Þessir hressu krakkar fylltu Smáralindina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sálgreinir gagnrýnir þróun:

## Fegrunaraðgerðum á kynfærum kvenna fjölgar

**HEILBRIGÐISMÁL** Fegrunaraðgerðir á innri skapabörmum kvenna hafa færst í aukana á síðustu árum. Hver aðgerð kostar á bilinu 150 til 200 þúsund krónur og eru þær algengastar meðal kvenna á aldrinum 20 til 45 ára.

Sæunn Kjartansdóttir sálgreinir segir þessa þróun varhugaverða og veltir upp gagnrýnum sjónarmiðum í grein sem birtast mun í fræðiriti sem kemur út í næsta mánuði. Hún segir að vert sé að velta fyrir sér hvaðan ungar konur fái skilaboð um að skapabarmar þeirra líti illa út, hvert viðmiðið sé og hver komi konunum í skilning um að útliti þeirra sé ábótavant.

Á heimasíðunni Lytalaeknar.is segir að helstu ástæður aðgerðanna séu útlitslegar, auk þess sem stórir innri skapabarmar geti stundum valdið ertingu og sviða við kynlíf.

- sv / sjá síðu 4

Nýtt líf birtir sendibréf Jóns Baldvins Hannibalssonar til sextán ára stúlku:

# Biðst afsökunar á „erótísku“ bréfi

**SAMFÉLAGSMÁL** Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi ráðherra, biðst í Fréttablaðinu í dag afsökunar á því að hafa árið 2001 sent sextán ára frænku eiginkonu sinnar bréf sem á köflum voru erótísk. Tímaritið Nýtt líf fjallar um málið í dag.

Fréttablaðið hefur ekki séð umrædd bréf, en Jón Baldvin lýsir þeim í aðsendri grein í blaðinu í dag. Þar segist hann hafa sent stúlkunni, sem þá var skiptinemi í Venesúela, bók eftir Vargas Llosa um samskipti Norður- og Suður-Ameríku. Bæði bókin og bréf sem fylgdi séu „á köflum erótísk“. Hann segir það hafa verið dómgreindarbrest, hvorugt hafi átt erindi við stúlkuna.

Jón Baldvin segir stúlkuna hafa kært sig fyrir kynferðislega áreitni á grundvelli bréfanna árið 2005. Kærunni hafi verið vísað frá sem tilefnislausri. Þá hafi saksóknari ákveðið að rannsaka sérstaklega árið 2006 hvort refsivert væri að skrifa slík bréf í Bandaríkjunum, þar sem Jón Baldvin bjó á þeim tíma, eða í Venesúela. Því hafi síðar verið vísað frá.

„Öllum verður okkur á í lífinu. Öll þurfum við einhvern tíma á fyrirgefningu að halda. Ég harma það alla daga að hafa valdið fólki sem mér þykir vænt um í minni nánustu fjölskyldu sárindum og hugarangri að ósekju. Ég hef viðurkennt mína sök og beðist fyrirgefningar,“ skrifar Jón Baldvin í Fréttablaðinu í dag.

- bj / sjá síðu 24


TENGI
IFÖ BAÐINNRÉTTING
STÆRÐ: 29 X 46 X 51,5

VERÐ KR. 29.900.-
Ifö
Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000
Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

Mannvinir
Rauða krossins hjálpa börnum í neyð

Hjálpaðu núna
Rauði kross Íslands
raudikrossinn.is


Opið til 21 í kvöld
Smáralind
ENNEMM / SÍA / NM50751

## SPURNING DAGSINS



*Baldvin, verða Berlínarbollur á boðstólum?*

„Það er nauðsynlegt á þýskum bar, og kannski pylsur, súrkál og saltkringlur við hátíðleg tilefni.“

Baldvin Arnar Samúelsson er í hópi fólks sem vinnur nú að opnun Þýska barsins í miðborg Reykjavíkur.

49 lestarfarþegar létust og hundruð slösuðust í mannskæðasta lestarslysi Argentínu í áratugi:

# Tókst ekki að stöðva lestina í tæka tíð

**ARGENTÍNA, AP** Að minnsta kosti 49 létust og á sjöunda hundrað manna slösuðust í lestarslysi í gærmorgun í Buenos Aires, höfuðborg Argentínu. Eitt barn er meðal hinna látnu. Lestin kom á of miklum hraða inn á lestarstöðina Once á háannatíma og lenti af miklum krafti á fyrirstöðu við enda lestarteinanna.

Mestar skemmdir urðu á fremsta vagni lestarinnar, en þar hafði fjöldi farþega safnast saman til að komast sem fyrst út á stöðinni. Miklar skemmdir urðu einnig á fleiri vögnum. Rúður splundruðust og efri hluti sumra vagnanna klofnaði frá neðri hlutanum. Einn vagnanna þrýstist sex metra inn í næsta vagn á undan.

„Fólk er ennþá innilokað, lifandi fólk og kannski hafa margir dáið,“ sagði J.P. Schiavi, samgönguráðherra Argentínu, við fréttamenn stuttu eftir að slysið varð.

Lestarstjórinn var fluttur á sjúkrahús og ekki reyndist unnt að ræða við hann strax.

Ekki er vitað hvað olli slysinu. „Eftir því sem við best vitum þá virkuðu bremsurnar vel á fyrri lestarstöðvum,“ sagði Ruben Sobrero, verkalýðsleiðtogi lestarstarfsmanna.

Þetta er mannskæðasta lestarslys í Argentínu frá árinu 1970 þegar tvær lestir lentu saman á fullri ferð og 200 manns létust.

Lestarkerfið í landinu þykir úr sér gengið og síðustu mánuði hafa mörg alvarleg slys átt sér stað.

Í nóvember síðastliðnum ók lest á skólarútu með þeim afleiðinum að átta stúlkur létu lífið. - gb, þj



**BJARGAÐ ÚR FLAKINU** Slökkviliðsmenn bjarga særðum lestarfarþega úr flaki lestarinnar. 49 höfðu látist í gærkvöldi og yfir 600 látist. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**STJÓRNLAGARÁÐ** Alþingi hefur kallað stjórnlagaráð saman til fjögurra daga fundar til að fjalla um tillögur þingnefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Endurskoðun stjórnarskrár:

## Stjórnlagaráð hittist í mars

**STJÓRNLAGARÁÐ** Alþingi samþykkti í gær að kalla stjórnlagaráð saman að nýju til sérstaks fjögurra daga fundar í byrjun mars. Þar verður fjallað um spurningar og tillögur stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis að mögulegum breytingum á frumvarpi til stjórnskipunarlaga.

Ef ráðið sér tilefni til þess að gera breytingar á tillögum sínum hefur það frest til 12. mars til að skila breytingartillögum.

Eftir það mun stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd leggja til að tillögurnar í heild verði lagðar fyrir ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða forsetakjöri. - þj

Pláneta reyndist vatnaveröld:

## Andrúmsloftið vatn og gufa

**VÍSINDI Geimvísindamenn hafa fundið plánetu sem er með andrúmslofti sem samanstendur að mestu af vatni og gufu.**

**Plánetan er í um 40 ljósára fjarlægð frá jörðu, og er sannkölluð vatnaveröld. Hitastigið er þó í hærri kantinum, um 230 gráður við yfirborðið, að því er fram kemur í grein í vísindaritinu Science.**

**Plánetan fannst árið 2009, og hefur hingað til verið talið að andrúmsloftið hennar væri rykmettað. Nýjar myndir sem teknar voru með Hubble-sjónaukanum benda hins vegar til þess að það sem menn töldu áður vera ryk sé í raun vatn og gufa. - bj**

# Svarti dauði fer ekki í sölu í vínbúðunum

**ÁTVR vill ekki taka bjórinn Svarta dauða í sölu. Finnur að orðunum „Drekkið í friði“ á flöskunni. Felur í sér jákvæð skilaboð um ábyrga neyslu á bjórnum segir seljandi. Hann hefur kært ákvörðun ÁTVR til fjármálaráðuneytisins.**

**STJÓRNSÝSLA** Bjór kenndur við svarta dauða verður ekki seldur í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) vegna þess að á bjórflöskunum stendur „Drekkið í friði“. Eigandi vörumerkisins hefur kært ákvörðun ÁTVR um að taka bjórinn ekki í sölu til fjármálaráðuneytisins.

Bjórinn Black Death Beer hefur verið framleiddur frá árinu 1989 og seldur víða erlendis, auk þess sem hann hefur verið seldur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Sótt var um að koma bjórnum í reynslusölu í ÁTVR seint á síðasta ári, en umsókninni var hafnað.

Ákvörðun ÁTVR um að hafna því að selja bjórinn sem kenndur er við svarta dauða byggir á því að á umbúðum áfengis megi einungis vera skilaboð sem tengist vörunni, gerð hennar eða eiginleikum. Með öðrum orðum má ekki biðja þá sem ætla sér að drekka bjórinn að „drekka í friði“ samkvæmt ákvörðun ÁTVR.

Bjórinn er framleiddur af Vífilfelli, en eigandi vörumerkisins er Valgeir T. Sigurðsson. Í bréfi sem lögmaður Valgeirs hefur sent fjármálaráðuneytinu segir að textinn „Drekkið í friði“ feli í sér „jákvæð skilaboð og ábendingu um ábyrga neyslu vörunnar“. Þar er því mótmælt að textinn geti talist gildishlaðinn eða innihaldi ómálefnalegar upplýsingar.

Í bréfinu er einnig bent á að ósamræmi sé í því sem ÁTVR kjósi að taka í sölu og því sem hafnað hafi verið. Bent er á að á umbúðum bjórsins Bríó standi „Það er gott að vera bríó“. Orðið bríó finnst ekki í orðabók, en í bréfinu segir að það sé slangur fyrir að vera hífaður.

brjann@frettabladid.is




**SVARTUR** Á miðanum á bjórflöskunum er hauskúpa með pípuhatt ásamt tvemur gíturum. Undir hauskúpunni stendur „Drink in peace“, sem útleggst „Drekkið í friði“. MYND/VÍFILFELL



**VÍNBÚÐ** ÁTVR hefur heimild í lögum og reglugerð til að hafna því að taka vöru í sölu á ýmsum forsendum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Höfnuðu Motörhead og Heilögum papa

**Ákvörðun ÁTVR að taka ekki í sölu svarta dauða bjórinn er ekki eina umdeilda ákvörðunin sem stjórnendur stofnunarinnar hafa tekið undanfarið.**

- ÁTVR hafnaði því til dæmis að taka rauðvín sem ber nafn rokkhljómsveitarinnar Motörhead í sölu. Ákvörðunin var rökstudd með því að nafn hljómsveitarinnar sé vísun í amfetamínneyslu og Motörhead syngi um stríð, óábyrgt kynlíf og fíkniefni.
- ÁTVR vildi ekki heldur taka í sölu bjórinn Heilagan papa frá brugghúsinu Ölvisholti. Sú ákvörðun var rökstudd með því að mynd af munki með kross í hendi á umbúðunum bryti í bága við almennt velsæmi með skírskotun til trúarbragða.

Ráðist á yfirmann Dróma:

## Segist eiga fé hjá fyrirtækinu

**LÖGREGLUMÁL Ráðist var á yfirmann hjá Dróma á heimili hans í fyrradag. Meintur árásarmaður segist eiga inni peninga hjá fyrirtækinu. Forsvarsmenn fyrirtækisins hafa áhyggjur af öryggi starfsmanna sinna í kjölfar árásarinnar.**

**Fjármálafyrirtækið Drómi tók yfir skuldir SPRON og Frjálsa fjárfestingabankans. Innheimtuaðgerðir fyrirtækisins hafa verið gagnrýndar undanfarið.**

**Fórnarlambið kærði árásina síðdegis í gær. Áður hafði gerandinn komið á lögreglustöð og óskað eftir því að gefa skýrslu um atvikið. - bj, eh**

Brugðist við vítamínskorti:

## D-vítamínbætt léttmjólk á leiðinni í búðirnar

**HEILBRIGÐISMÁL** Á næstu dögum markaðssetur Mjólkursamsalan (MS) D-vítamínbætta léttmjólk.



„Þetta er gert samkvæmt ráðleggingum Landlæknisembættisins og rannsóknastofu í næringarfræði við HÍ og Landspítala, en D-vítamínneysla landsmanna er talsvert undir ráðleggingum,“ segir á vef MS.

„D-vítamín er hálfgert vandræðavítamín fyrir þá sem búa á norðurslóðum. Það er myndað í líkamanum með hjálp sólarljóssins en þegar sólar nýtur ekki við er mikilvægt að fá það úr fæði,“ segir þar jafnframt, en fá matvæli innihalda D-vítamín frá náttúrunnar hendi. „Er þar í raun aðeins um að ræða lýsi og feitan fisk.“ - óká




Ákæra á hendur þremur mönnum fyrir manndrápstilraun þingfest:

# Neituðu sök í skotárásarmáli

**DÓMSMÁL** Sakborningarnir þrír í skotárásarmálinu í Bryggjuhverfinu í nóvember neituðu allir fyrir dómi í gær að hafa gerst sekir um manndrápstilraun.

Ákæran á hendur mönnunum var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Mennirnir hafa allir sætt gæsluvarðhaldi síðan skömmu eftir árásina og voru færðir fyrir dóminn af lögreglu, tveir þeirra í járnum.

Þeir eru allir ákærðir í sameiningu fyrir tilraun til manndráps, með því að hafa skotið úr haglabyssu í átt að bíl vegna fíkniefnauppgjörs. Í bílnum voru tveir menn.

Einn þeirra, Kristján Halldór Jensson, er ákærður fyrir að hafa tekið í gikkinn og hinir tveir, Axel Már Smith og Tómas Pálsson Eyþórsson, fyrir að liðsinna honum við verkið. Við því getur legið sama refsing. Enginn gengst við þessum ákærulið.

Kristján játar vopnalagabrot, en á heimili hans fundust fjórir brúsar af úðavopnum. Þá játar Axel Már að hafa haft í fórum sínum lítilræði af fíkniefnum. - sh



**MEINTUR SKOTMAÐUR** Kristján Halldór Jensson er talinn hafa skotið úr haglabyssunni. Hann sést hér milli lögreglumanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# HEIMILISTÆKJA DAGAR

## BRJÁLAÐ VERÐ - HEFST Í DAG!!!



Electrolux

5 ÁRA ÁBYRGÐ

30 DAGA SKILARÉTTUR

tilboð 69.900 ~~74.990~~

**Þvottavél**
EWF106410W.
1000sn. Tekur 6 kg.
Þvottahæfni A+
14 þvottakerfi.
Stærð 85x60x60cm.
1805650



Electrolux

5 ÁRA ÁBYRGÐ

30 DAGA SKILARÉTTUR

tilboð 69.900 ~~82.995~~

**Þurrkari**
EDE77550W. Tekur 7 kg.
Með barka og rakaskynjara.
Sjálfvirk kæling.
1805423



SPANHELLUBORÐ

tilboð 89.900 ~~129.500~~

Electrolux

5 ÁRA ÁBYRGÐ

30 DAGA SKILARÉTTUR

**Spanhelluborð**
EHD60020P
Snertitakkar, tvær fasaður hliðar.
1808802



tilboð 89.900 ~~99.900~~

Electrolux

5 ÁRA ÁBYRGÐ

30 DAGA SKILARÉTTUR

**Uppþvottavél**
ESF 65050X
Orkunýting A, fimm þvottakerfi, 47dB.
1805340



tilboð 58.900 ~~73.900~~

**Frystikista**
G215, 203 ltr. Orkunýting A+
Frystigeta 18kg/24klst.
1805482

5 ÁRA ÁBYRGÐ

30 DAGA SKILARÉTTUR

## LJÓS RÝMINGAR SALA SKÚTUVOGI

**50-70% afsláttur**





tilboð 10.590 ~~13.900~~

**Blandari Desire**
Russel Hobbs, 600W, 1.5 ltr glerílát.
1840065



tilboð 12.790 ~~16.900~~

**Matvinnsluvél Desire**
Russel Hobbs, 600W, 1.5 ltr.
1840066



49.900 VERÐ VERND

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

5 ÁRA ÁBYRGÐ

30 DAGA SKILARÉTTUR

**Kælir/frystir**
FHC 142/DF2-28, 143x55x58 cm Orkunýting A.
Kælirými 171 ltr. og frystirými 41ltr.
1805498

## AÐEINS BROT AF ÚRVALINU

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 23.02.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,58 | 124,16 |
| Sterlingspund | 194,30 | 195,24 |
| Evra | 163,51 | 164,43 |
| Dönsk króna | 21,987 | 22,115 |
| Norsk króna | 21,790 | 21,918 |
| Sænsk króna | 18,572 | 18,680 |
| Japanskt jen | 1,5416 | 1,5506 |
| SDR | 190,87 | 192,01 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
224,7893

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Beitti eldri mann hrottalegu ofbeldi á Þórshöfn, meðal annars með munnhörpu:

# Árásarmaður leystur úr haldi

**LÖGREGLUMÁL** Hæstiréttur hefur fellt úr gildi gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Norðurlands eystra yfir manni sem hefur játað alvarlega líkamsárás á eldri mann á Þórshöfn fyrr í mánuðinum.

Farið var fram á varðhaldið þar sem rannsóknarhagsmunir kreföust þess og á það féllst héraðsdómur. Hæstiréttur er hins vegar ósammála, enda sé rannsókn málsins langt komin og ekkert fram komið um að maðurinn muni reyna að torvelda hana. Hann var fyrst handtekinn 11. febrúar og sleppt úr haldi en síðan úrskurðaður í varðhald 17. febrúar til 1. mars, eftir að lögregla gerði sér fulla grein fyrir alvarleika málsins.



**ÞÓRSHÖFN** Sögusagnir um áratuga gömul alvarleg afbrot sjötugs Þolandans virðast hafa verið kveikjan að árásinni.

Fram kemur í gæsluvarðhaldsúrskurðinum að árásin hafi verið mjög hrottafengin og sé rannsökuð sem tilraun til manndráps.

Talið er að maðurinn hafi ráðist margsinnis á Þolandann með hnefahöggum og hafi meðal annars notað munnhörpu sem eins konar hnúajárn. Þá telur lögregla að hann hafi sparkað ítrekað í hann, meðal annars í höfuð hans. Þolandinn hlaut heilablæðingu og mar á heila auk fleiri áverka. Fram hefur komið við rannsóknina að árásin geti tengst sögusögnum um alvarleg brot Þolandans, sem nú er sjötugur, fyrir mörgum áratugum. - sh

Atvinnulausir í Randers:

# Atvinnulausir sendir í tiltekt

**DANMÖRK** Bæjaryfirvöld í Randers á Jótlandi munu frá og með næstu mánaðamótum senda ungt atvinnulaust fólk út til hreingerningastarfa.

Á vef Berlingske segir að atvinnulausum undir 25 ára aldri verði gert að þrífa upp rusl í skóglendi bæjarins auk þess sem fólkið verði sent í tilfallandi störf hjá náttúrumiðstöð Randers og annað til að fegra bæinn og umhverfi hans. Um er að ræða fulla vinnu, 37 stundir á viku. - þj

Ægir Geirdal tapar dómsmáli:

# Ritstjóri sýkn af meiðyrðum

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær Steingrím Sævarr Ólafsson, ritstjóra vefmiðilsins Pressunnar, af ásökunum um meiðyrði í garð listamannsins Ægis Geirdal. Ægi er gert að greiða Steingrími 180 þúsund krónur í málskostnað.



STEINGRÍMUR SÆVARR ÓLAFSSON

Ægir fór fram á að sex ummæli þar sem hann var sakaður um kynferðisbrot yrðu ómerkt og krafðist einnar milljónar króna í miskabætur. Ummælin voru höfð eftir systrum sem töldu ótækt að Ægir væri í framboði til stjórnlagaþings, enda hefði hann brotið gegn þeim þegar þær voru börn. Ægir hafnaði þessu, höfðaði mál á hendur Steingrími og hótaði málsókn gegn systrunum sem ekkert hefur orðið af. - sh

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Hraðakstur í miðborginni

Fimm ökumenn voru sviptir ökuréttindum til bráðabirgða í fyrradag eftir að hafa ekið of hratt á Suðurgötu við Skothúsveg í Reykjavík. Þeir mældust á 64-74 km hraða á klukkustund þar sem hámarkshraði er 30.

## HALDIÐ TIL HAGA

Sagt var frá dómsmáli á bls. 2 í blaðinu í gær undir fyrirsögninni „Hrekkjalómur gerði á sig af hræðslu“. Ónærgætið var af blaðinu að draga sérstaklega fram þetta atriði málsins, sem snerist um að maður hefði gengið of langt í að bregðast við bjölluati með því að svipta lítinn dreng frelsi um stund. Blaðið biður drenginn og aðstandendur hans afsökunar á fyrirsögninni.

# Skapabarmaaðgerðir færast í aukana hjá lýtalæknum

**Fegrunaraðgerðir á skapabörmum kvenna njóta vaxandi vinsælda. Sálgreinir segir þróunina varasama. Eftirspurn mest á meðal yngri kvenna segja lýtalæknar. Engar tölur til um fjölda slíkra aðgerða hérlendis.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fegrunaraðgerðir á innri skapabörmum kvenna hafa færst í aukana á síðustu árum. Samkvæmt upplýsingum frá lýtalæknum er eftirspurnin mest meðal yngri kvenna frá tvítugu til 45 ára.

Á vefsíðu lýtalæknanna Guðmundar Más Stefánssonar og Ólafs Einarssonar, www.lytalaeknir.is, segir að helstu ástæður aðgerðarinnar séu útlitslegar, auk þess sem stórir innri skapabarmar geti stundum valdið ertingu og sviða við kynlíf. Þar segir einnig að konurnar eigi það sameiginlegt að innri skapabarmar þeirra séu stærri og síðari en þeir ytri og finnist mörgum það töluvert lýti. Kostnaður við hverja aðgerð er á bilinu 150 til 200 þúsund krónur.



SÆUNN KJARTANSDÓTTIR

Sæunn Kjartansdóttir sálgreinir, sem flutti erindi um málið á Læknadögum árið 2010, hefur nú skrifað grein um fegrunaraðgerðir á skapabörmum en hún mun birtast í fræðiriti sem kemur út í næsta mánuði. Í greininni segir að vert sé að velta fyrir sér hvaðan ungar konur fái skilaboð um að skapabarmar þeirra líti illa út, hvert viðmiðið sé og hver komi konunum í skilning um að útliti þeirra sé ábótavant.

„Kynfæri eru persónulegustu hlutar líkamans sem flestir deila aðeins með fáum útvöldum. Ef karlmaður gagnrýnir konu fyrir jafn persónulegan hluta hennar og innri skapabarma er ástæða fyrir konuna að velta alvarlega fyrir sér ekki útliti þeirra, heldur sambandinu,“ segir í grein Sæunnar.

Finni kona til óþæginda eða særsauka vegna stærðar innri skapabarma er sjálfsagt að bregðast við því, að mati Sæunnar. „En áður en ráðist er í að skera í skapabarma sem særa augun er mikilvægt að grandskoða merkingu þess sem á að skera í burtu.“

Engar tölur liggja fyrir um umfang fegrunaraðgerða hér á landi og eru skapabarmaaðgerðir þar meðtaldar. Embætti landlæknis hefur unnið að því á undanförnum árum að fá yfirlit yfir allar aðgerðir sem framkvæmdar eru á einkareknum læknastofum en þær hafa þó enn ekki borist. sunna@frettabladid.is

## Lítil vitund

Sigríður Dögg Arnardóttir kynfræðingur segir kynfæravitund beggja kynja í landinu almennt ábótavant. Myndir af sköpum í kynfræðslutímum grunn- og framhaldsskóla séu oftast teikningar þar sem skapabarmar eru symmetrískir og varla sjáanlegir, ekki ósvipaðir þeim sem sjást í klámmyndum, og því sé einu ákveðnu útliti tekið sem „eðlilegu“. Nauðsynlegt sé að bæta kynfæravitund og sýna að kynfæri kvenna séu ekki öll eins.





**SKURÐAÐGERÐ** Ekki eru til neinar tölur um fjölda fegrunaraðgerða hér á landi, en að sögn lýtalækna hefur aðgerðum á skapabörmum fjölgað síðustu árin.

NORDICPHOTOS/AFP






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**ÚRKOMUSAMT**
Það er heldur stutt á milli lægða hjá okkur þessa dagana og því veður nokkuð breytilegt. Lægð dagsins fylgir stífur vindur einkum við suðurströndina og verður úrkomusamt syðra fyrri partinn en fer síðan að snjóa norðan til síðdegis.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 8° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 7° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 18° |
| London | 16° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 12° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 2° |
| París | 13° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is




## AURIS DÍSIL ECO - EYÐSLUGRANNUR OG UMHVERFISVÆNN

Toyota Optimal Drive vélarlínan. Nýstárlegar, vistvænar lausnir sem skapa fullkomið jafnvægi á milli minni eldsneytiseyðslu, minni losunar koltvísýrings og akstursánægju.

- **1.4 D4D dísilvél**
- **4,5 lítrar/100 km í blönduðum akstri**
- **118 g/km $CO^2$**

Verð: 3.490.000 kr.*

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kópavogi**
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Verð miðast við Auris Dísil Eco Terra, 1.4l, beinskiptan. Búnaður á myndinni getur verið frábrugðinn þeim sem fylgir Auris Dísil Eco Terra.

## KJÖRKASSINN




*Hefur þú lært skyndihjálp og endurlífgun?*

| | |
|---|---|
| Já | 74,9% |
| Nei | 25,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér fyrirhuguð hækkun bílastæðagjalds í Reykjavík réttlætanleg?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Vísir

Forstjóri FME hótar stjórn stofnunarinnar stjórnsýslukæru og málaferlum:

# Miðaldaréttarfar verður aldrei liðið

**STJÓRNSÝSLA** Gunnar Þ. Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME), áskilur sér rétt til að láta reyna á málatilbúnað stjórnar FME við ætlaða brottvikningu hans úr starfi með stjórnsýslukæru. Þetta kemur fram í bréfi sem Skúli Bjarnason, lögmaður hans sendi stjórnarformanni FME í gær.

„Sú kærumeðferð, ef af verður, fyrirbyggir ekki að látið verði reyna á aðra þætti málsins fyrir dómstólum, samhliða eða í kjölfarið,“ segir jafnframt í bréfinu. „Miðaldaréttarfar á Íslandi á 21. öld verður aldrei liðið.“



GUNNAR Þ. ANDERSEN

Eins er áréttað í bréfinu að Gunnar hafni því að hafa á nokkurn hátt beitt blekkingum vegna aðkomu hans að málefnum Landsbankans árið 2001. „Væri þetta skoðað til fulls fellur að sjálfsögðu hinn meinti blekkingarþáttur út og málatilbúnaðurinn hrynur.“

Gunnar og lögmaður hans líta svo á að þriggja sólarhringa svarfrestur sem stjórn FME gaf þann 20. þessa mánaðar byrji ekki að líða fyrr en stjórnin hafi svarað öllum spurningum sem að henni hafi verið beint vegna fyrirhugaðrar uppsagnar Gunnars.

Í bréfinu sem forstjóri FME fékk boðsent frá stjórn FME 17. þessa mánaðar er honum kynnt fyrirætlan stjórnar um að segja honum upp störfum með sex mánaða fyrirvara. „Þá er það jafnframt fyrirætlan stjórnar að lýsa því yfir að ekki verði óskað eftir vinnuframlagi þínu á uppsagnartímanum,“ segir þar. **- óká**

Skrifað undir útgáfusamning:

# Saga ASÍ kemur út í október

**FÉLAGASAMTÖK Skrifað hefur verið undir útgáfusamning vegna sögu Alþýðusambands Íslands (ASÍ) sem koma á út í tveimur bindum næsta haust.**

**Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, og Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, skrifuðu í gær undir samninginn, að því er fram kemur á vef ASÍ. Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur hefur undanfarin fjögur ár unnið að ritun bókarinnar. Áætlaður útgáfudagur verksins er sagður fyrsti október.** **- óká**










# Þjónustumiðstöð á nýjum gatnamótum

**Bygging verslunar- og þjónustumiðstöðvarinnar Miðja Suðurlands er í undirbúningi. Byggingin er tengd færslu Suðurlandsvegar norðaustur fyrir Selfoss og byggingu nýrrar brúar yfir Ölfusá. Árborg hefur lofað lóð undir starfsemina.**

**FERÐAIÐNAÐUR** Sveitarfélagið Árborg hefur veitt vilyrði fyrir sex hektara lóð undir nýja verslunar- og þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn á Suðurlandi. Miðstöðin kallast Miðja Suðurlands og á að rísa við fyrirhuguð gatnamót Suðurlandsvegar og Biskupstungnabrautar þegar hringvegurinn verður fluttur norðaustur fyrir Selfoss.

Fullbyggð á verslunar- og þjónustumiðstöðin að vera 14 til 18 þúsund fermetrar. Í fyrsta hluta byggingarinnar er gert ráð fyrir að reisa fjölorkustöð sem býður jafnt upp á hefðbundið eldsneyti sem og þjónustu við farartæki knúin nýjum orkugjöfum á borð við metan og rafmagn. Þá á sérstaklega að huga að þjónustu við húsbíla og fellihýsi.

Að byggingu Miðju Suðurlands stendur fyrirtækið Gatnamót ehf. Í forathugunum þess kemur fram að alls fari daglega 9.000 bílar um þennan kafla Suðurlandsvegar. Þá telji íbúafjöldi svæðisins 50.000 manns ef talin er með sumarhúsabyggð á sumrin.

Að sögn Árna Blöndals, eins forsvarsmanna Gatnamóta, er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist við fyrsta tækifæri. „Við gerðum samstarfssamning við Sveitarfélagið Árborg í janúar og fengum þá vilyrði fyrir þeirri lóð sem við hyggjumst nýta undir starfsemina,“ segir hann og kveður bæði minnihluta og meirihluta í stjórn sveitarfélagsins áfram um að sjá verkefnið verða að veruleika.

Árni segir að búa eigi til „hlýlegt og notalegt umhverfi“, en staðsetja eigi stórverslanir í báðum endum byggingarinnar. Öðrum megin er gert ráð fyrir lágvöruverðsverslun og hinum megin byggingavöruverslun.

Í samgönguáætlun 2011-2022 er gert ráð fyrir nýjum vegi norðaustan Selfoss með nýrri brú á Ölfusá á árunum 2019 til 2022. Á árunum 2015 til 2018 stendur hins vegar til að tvöfalda og endurnýja veginn milli Hveragerðis og Selfoss. Samkvæmt áætluninni gætu nýlegar upplýsingar um takmarkað burðarþol Ölfusárbrúar við Selfoss þó orðið til að breyta forgangsröðun.

„Því er settur sá fyrirvari að unnt verði að víxla framkvæmdum á Suðurlandsvegi í áætlun þessari,“ segir þar.

Árni kveðst hins vegar vongóður um að hægt verði að hefja framvæmdir við Miðju Suðurlands innan fárra ára, en það ráðist svolítið af ákvörðunum á sviði stjórnmálanna. **olikr@frettabladid.is**



**STÓRHUGA ÁÆTLANIR** Auk þjónustu við bifreiðaeigendur er gert ráð fyrir að í Miðju Suðurlands verði meðal annars þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn, matvöruverslanir, sérvöruverslanir, veitingastaðir og kaffihús, auk svæðis fyrir margs konar afþreyingu fyrir ferðamenn. MYND/GATNAMÓT EHF.




**NÝ GATNAMÓT** Rými er við fyrirhuguð gatnamót Suðurlandsvegar, Biskupstungnabrautar og afleggjara niður að Selfossi. MYND/GATNAMÓT EHF.

Framkvæmdastjóri Framsóknar segir að staðið verði við skuldbindingar:

# Framsókn hissa á fjárnámsfrétt

**VIÐSKIPTI** Viðræður hafa staðið yfir milli Framsóknar í Reykjavík og forsvarsmanna fyrirtækisins JCDecaux, sem á og rekur strætóskýli borgarinnar, um uppgjör skuldamáls þeirra. Þess vegna segir lögmaður flokksfélagsins frétt Fréttablaðsins í gær af árangurslausu fjárnámi hjá flokknum koma „verulega á óvart“.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem lögmaðurinn Snorri Sturluson hefur sent fjölmiðlum. Þar segist hann jafnframt hissa á ummælum framkvæmdastjóra JCDecaux í Fréttablaðinu, í ljósi þess að unnið hafi verið að lausn málsins.

Framkvæmdastjórinn Einar Hermannsson sagðist í Fréttablaðinu í gær ekki vera búinn að ákveða sig hvort hann mundi krefjast þess að Framsókn í Reykjavík yrði tekin til gjaldþrotaskipta, eins og hægt er að gera innan þriggja vikna frá árangurslausu fjárnámi.

Deilan snýst um skuld vegna auglýsinga í strætóskýlum fyrir alþingiskosningarnar 2009. JCDecaux telur Framsókn skulda sér 3,6 milljónir en flokksfélagið telur að þáverandi kosningastjóri þess, Hallur Magnússon, hafi gert munnlegt samkomulag um mun lægri greiðslu. Héraðsdómur hefur dæmt JCDecaux í vil í málinu.

Snorri segir að „meint skuld“ verði greidd upp þegar samningar liggi fyrir eða Hæstiréttur hafi kveðið upp lokaorð í málinu.



**FRAMSÓKNARHÚSIÐ** Framsóknarflokkurinn undrast ummæli framkvæmdastjóra JCDecaux. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hrólfur Ölvisson, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins, segir að flokksfélagið í Reykjavík eigi sama og engar eignir, en komi til þess að greiða þurfi skuldina verði það mál leyst. **- sh**

Íslendingar vilja

# LÆGRI SKATT

## Á BARNAFATNAÐ OG BARNASKÓ

**Hagkaup lækkar VSK á ÖLLUM barnafatnaði og barnaskóm úr 25,5% í 7% út mánuðinn***

BARNAFATNAÐUR ER NAUÐSYNJAVARA!






*Lækkum VSK úr 25,5% í 7%. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI ÁKÆRIR VEGNA AL THANI-MÁLSINS

# Kaupþingsstjórar og Ólafur ákærðir

**Þrír af æðstu stjórnendum Kaupþings og einn stærsti eigandi bankans hafa verið ákærðir vegna meintra umboðssvika og markaðsmisnotkunar. Ákæran snýr að meintum lögbrotum tengdum kaupum Sheikh Al Thani á 5% hlut í Kaupþingi seinni hluta september 2008.**

Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, Sigurður Einarsson, fyrrum starfandi stjórnarformaður og formaður lánanefndar bankans, Ólafur Ólafsson, sem átti 9,88% hlut í Kaupþingi í gegnum félög í sinni eigu, og Magnús Guðmundsson, fyrrum framkvæmdastjóri Kaupþings í Lúxemborg, hafa verið ákærðir fyrir brot gegn almennum hegningarlögum og lögum um verðbréfaviðskipti vegna aðkomu sinnar að svokölluðu Al Thani máli. Sérstakur saksóknari telur fjórmenningana hafa framið umboðssvik og markaðsmisnotkun eða átt hlutdeild í slíkum brotum. Verði þeir fundnir sekir um þau brot sem þeim er gefið að sök að hafa framið gæti beðið þeirra allt að sex ára fangelsi.

Í ákærunni, sem er fjórtán blaðsíðna löng, eru þær röksemdir sem málsóknin er byggð á raktar ítarlega. Fréttablaðið hefur ákæruna, sem er dagsett 16. febrúar 2012, undir höndum. Enn átti eftir að birta einhverjum fjórmenninganna ákæruna í gærmorgun en búist var við því að það myndi takast þegar liði á daginn. Stefnt er að því að þingfesta málið í byrjun mars.

Málið sem ákært er fyrir snýst um kaup Q Iceland Finance ehf. á 5,01% hlut í Kaupþingi í lok september 2008, rúmum tveimur vikum fyrir bankahrun. Opinberlega var látið líta út fyrir að Sheikh Mohamed bin Khalifa Al Thani, skráður eigandi félagsins, hefði keypt hlutinn fyrir samtals tæpa 26 milljarða króna og að um erlenda fjárfestingu væri að ræða. Eftir fall Kaupþings kom hins vegar í ljós að Kaupþing hafði fjármagnað kaupin með því að lána tveimur aflandsfélögum, Gerland Trading (í eigu Ólafs Ólafssonar) og Serval Trading Group Corp. (í eigu Al Thani), 12,9 milljarða króna hvoru til að fjármagna kaupin. Til viðbótar lánaði Kaupþing á sama tíma öðru félagi í eigu Al Thani, Brooks Trading Ltd. 50 milljónir dala. Stjórnendur Kaupþings hafa sagt opinberlega að lánið hafið verið til að kaupa skuldatryggingar á bankann, en álag þeirra var á þeim tíma orðið mjög hátt.

Al Thani var í persónulegum ábyrgðum fyrir láninu til Serval. Í ákærunni kemur fram að eftir hádegi þann 8. október 2008, daginn áður en Kaupþing féll, hafi lánsféð sem Brooks Trading fékk lánað verið „ráðstafað í flýti til Íslands þar sem því var umbreytt í íslenskar krónur á genginu 256 krónur fyrir hvern Bandaríkjadal og andvirðið notað til að endurgreiða bróðurpartinn af láni bankans til félagsins Serval“. Við það voru 12,8 milljarðar króna af tæplega 12,9 milljarða láni Serval greiddir upp. Þennan dag fengust 127 íslenskar krónur fyrir hvern Bandaríkjadal hjá Seðlabanka Íslands og því ljóst að Kaupþing umbreytti láni Brooks Trading á rúmlega tvöföldu því gengi. Í ákærunni segir að „Al Thani hafði gengist í persónulega ábyrgð á láni Kaupþings til Serval, en sem fyrr segir var lánið til Brooks Trading veitt án ábyrgða og trygginga. Á endanum stóð Kaupþing því uppi með ótryggða kröfu á hendur eignalausu félagi, þ.e. Brooks, en krafa á Serval, sem tryggð var með persónulegri ábyrgð, hafði verið greidd niður með lánsfé bankans til Brooks“.



**HINIR ÁKÆRÐU** Sérstakur saksóknari hefur ákært þá Hreiðar Má Sigurðsson, Magnús Guðmundsson, Sigurð Einarsson og Ólaf Ólafsson vegna meintra umboðssvika og markaðsmisnotkunar. Allt að sex ára fangelsi bíður þeirra ef þeir verða sakfelldir.



**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@fréttabladid.is

## Kaflar ákærunnar:

**1** Hreiðar Már Sigurðsson er ákærður fyrir umboðssvik. Í ákærunni segir að hann hafi misnotað aðstöðu sína sem forstjóri Kaupþings og farið út fyrir heimildir sínar þegar hann lét bankann veita Brooks Trading Ltd., eignalausu félagi með takmarkaða ábyrgð sem skráð er á Tortola-eyju, peningamarkaðslán upp á 50 milljónir dala 19. september 2008. Eigandi félagsins var Sheikh Mohamed bin Khalifa Al Thani. Magnús Guðmundsson er auk þess ákærður fyrir hlutdeild í umboðssvikum Hreiðars Más í þessum kafla.
Umrætt peningamarkaðslán var ekki undirritað, lánanefnd Kaupþings hafði ekki samþykkt það og endurgreiðsla þess var ekki tryggð með neinum hætti samkvæmt ákærunni. Lánsfjárhæðin var lögð inn á reikning Al Thani í Kaupþingi í Lúxemborg. Lánið var á gjalddaga 30. september 2008 en var síðar framlengt til 14. október og loks til 18. nóvember 2008. Hreiðar Már hætti störfum hjá Kaupþingi í lok dags 21. október.

Magnúsi er gefið að sök að hafa tekið þátt í undirbúningi og framkvæmd umboðssvika Hreiðars Más. Í ákærunni segir að hlutdeild hans hafi falist „í því að Magnús hafði bæði milligöngu um samningsviðræður við raunverulegan eiganda Brooks Trading Ltd., Sheikh Mohamed bin Khalifa Al Thani, og um að útvega félagið sem notað var af hálfu Al Thani í viðskiptunum“. Magnús á auk þess að hafa tekið þátt í því með Hreiðari Má að fyrirskipa starfsmönnum Kaupþings að borga lánið út og „hlaut honum að vera ljóst að Hreiðari Má brast heimild til lánveitingarinnar og að lánið var veitt án nokkurra ábyrgða eða trygginga“.
Lánið til Brooks Trading Ltd. hefur ekki innheimst.

**2** Hreiðari Má og Sigurði Einarssyni er gefið að sök að hafa framið umboðssvik með því að hafa misnotað aðstöðu sína þegar þeir fóru út fyrir heimildir sínar með því að veita Gerland Assets Ltd., eignalausu félagi með takmarkaða ábyrgð sem er skráð á Tortola-eyju, tæpa 12,9 milljarða króna peningamarkaðslán 29. september 2008.

Gerland var í eigu Ólafs Ólafssonar, eins stærsta eiganda Kaupþings. Fjárhæðin var síðan millifærð inn á reikning Choice Stay Ltd., félags sem var m.a. í eigu Ólafs og í kjölfarið ráðstafað áfram til Q Iceland Finance ehf., félags í eigu Al Thani, sem notaði hana til að greiða fyrir helming upphæðarinnar sem hann reiddi fram fyrir hlutabréf í Kaupþingi í september 2008. Lánið var ekki undirritað, samþykki lánanefndar lá ekki fyrir veitingu þess og endurgreiðsla var ekki tryggð.

Ólafur er ákærður fyrir hlutdeild í þessum umboðssvikum, og til vara fyrir peningaþvætti og hylmingu, fyrir að hafa „ásamt meðákærðu Hreiðari Má og Sigurði, lagt á ráðin um að umrætt lán yrði greitt úr sjóðum bankans“.

Lánið til Gerland Assets Ltd. hefur ekki innheimst.

**3** Hreiðar Már og Sigurður eru ákærðir fyrir markaðsmisnotkun í viðskiptum með hlutabréf Kaupþings í september 2008. Ólafur og Magnús eru ákærðir fyrir hlutdeild í þeirri markaðsmisnotkun.

Hreiðari Má og Sigurði er gefið að láta ranglega líta svo út að þekktur fjárfestir frá Katar, Sheikh Al Thani, „hefði lagt til fé til að kaupa 5,01% hlutafjár í Kaupþingi […] þegar Q Iceland Finance ehf., dótturfélag í eigu eignarhaldsfélags hans Q Iceland Holding ehf., keypti umræddan hlut af bankanum og leyna fullri fjármögnun bankans á hlutabréfakaupunum og aðkomu meðákærða Ólafs að þeim“.

Í ákærunni segir að í þessum tilgangi hafi verið sett upp viðskiptaflétta sem var fólgin í því að Kaupþing lánaði Serval Trading Group Corp, eignalausu félagi í eigu Al Thani skráð á Tortola-eyju, um 12,9 milljarða króna. Hinn helmingur kaupverðsins, 12,9 milljarðar króna, var lánaður til Gerland og þaðan ráðstafað eftir krókaleiðum til Q Iceland Finance, líkt og lýst er í öðrum kafla ákærunnar.

Í ákærunni segir að „Hreiðar Már og Sigurður tóku sameiginlega ákvörðun um hlutabréfaviðskiptin og fjármögnun þeirra og gaf ákærði, Hreiðar Már, starfsmönnum bankans fyrirmæli um framkvæmd þeirra“. Um hafi verið að ræða viðskipti sem fólu í sér „blekkingu og sýndarmennsku“ og voru líkleg til að gefa misvísandi upplýsingar um eftirspurn og verð hlutabréfa í Kaupþingi. Þá hafi full fjármögnun bankans á viðskiptunum , aðkoma Ólafs að þeim og að helmingur markaðsáhættu vegna hlutabréfanna hvíldi enn á bankanum verið dulin.

Hlutdeild Magnúsar og Ólafs er m.a. skýrð með því að þeir hafi átt „milligöngu um að koma viðskiptunum á og áttu samskipti“ við Al Thani. Þá hafi þeir báðir komið að undirbúningi viðskiptafléttunnar auk þess sem Magnús hefði komið að framkvæmd hennar og Ólafur að fjármögnun hennar.

**4** Í þessum kafla eru allir fjórir mennirnir ákærðir fyrir markaðsmisnotkun með því að hafa „í september 2009, í fréttatilkynningu sem birt var á vef Kauphallar Íslands og viðtölum við fjölmiðla í kjölfarið, dreift fréttum og upplýsingum sem hver fyrir sig og í heild gáfu eða voru líklegar til að gefa misvísandi upplýsingar og vísbendingar“ um kaup á 5,01% hlut í Kaupþingi í september 2008. Gefið hafi verið í skyn að fjármagn væri að koma inn í bankann með viðskiptunum og að gefið hafi verið til kynna að Al Thani stæði einn að viðskiptunum en aðkomu Ólafs að þeim leynt.
Í ákærunni segir að upplýsingarnar hafi gefið „til kynna að bankinn nyti mikils trausts virts erlends fjárfestis sem væri tilbúinn að verja miklu fé til að fjárfesta í hlutabréfum hans.

Upplýsingarnar voru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvarðanir varðandi viðskipti með hlutabréf bankans“.

Í ákærunni er síðan talin upp fréttatilkynning vegna viðskiptanna sem send var að morgni 22. september 2008, fimm ummæli sem Hreiðar Már lét falla um kaupin í fjölmiðlum 22.-23. september, tvenn ummæli sem Ólafur lét falla í fjölmiðlum 23. september 2008 og ein ummæli sem Sigurður lét falla í fjölmiðli 23. september 2008. Öll eiga ummælin það sameiginlegt að þau eru látin falla í þeim tilgangi að láta líta út fyrir að Al Thani hefði raunverulega keypt hluti í bankanum, væri að gera það með erlendri fjárfestingu og að kaupin styrktu bankann.




## TÍMALÍNA Al Thani-málsins

**2008**

**19. SEPTEMBER 2008**
Kaupþing lánar Brooks Trading, í eigu Al Thani, 50 milljónir Bandaríkjadala.

**22. SEPTEMBER**
Tilkynnt um kaup Al Thani á 5,01% hlut í Kaupþingi fyrir tæpa 26 milljarða króna.

**29. SEPTEMBER**
12,9 milljarða króna lán til Gerland Assets Ltd. og 12,9 milljarða króna lán til Serval Trading Group Corp. greidd út. Í kjölfarið voru greiddir tæplega 26 milljarðar króna fyrir kaupin á 5,01% hlut í Kaupþingi sem látið var líta út fyrir að Sheikh Al Thani væri að kaupa.

**8. OKTÓBER**
Lánið til Brooks Trading flutt heim til Íslands og umbreytt í íslenskar krónur á tvöföldu gengi Seðlabankans. Krónurnar notaðar til að greiða niður lán sem Al Thani var í persónulegum ábyrgðum fyrir. Við það losnaði um ábyrgðirnar.

**9. OKTÓBER**
Kaupþing fellur og Fjármálaeftirlitið tekur yfir bankann.

**2009**

**13. MARS 2009**
Rannsókn á kaupum Al Thani á hlut í Kaupþingi og þeirri fléttu sem sett var á fót vegna þeirra kaupa er vísað frá FME, sem hafði rannsakað málið um tíma, til embættis sérstaks saksóknara.

**2010**



**7. MAÍ 2010**
Hreiðar Már og Magnús handteknir vegna rannsóknar á starfsemi Kaupþings fyrir bankahrun. Þeir eru síðar um daginn úrskurðaðir í gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Í gæsluvarðhaldsúrskurði Magnúsar kemur fram að eitt þeirra mála sem verið sé að rannsaka séu kaup Al Thani á bréfum í Kaupþingi og sú flétta sem sett var á svið í kringum þau kaup.

**2012**

**16. FEBRÚAR 2012**
Gefin út ákæra á hendur Hreiðari Má Sigurðssyni, Sigurði Einarssyni, Magnúsi Guðmundssyni og Ólafi Ólafssyni í Al Thani-málinu.

## Al-Thani tók mikla áhættu

Hörður Felix Harðarson, verjandi Hreiðars Más Sigurðssonar, segir að ákæran á hendur fjórmenningunum séu vonbrigði.

„Það hefur verið látið í það skína í fjölmiðlaumræðu að þessi viðskipti hafi verið ein allsherjar sýndarviðskipti, en við rannsókn málsins var upplýst að svo var ekki,“ sagði hann við fréttastofu Stöðvar 2 og Vísis í gær. „Kaupandi hlutabréfanna bar mikla fjárhagslega áhættu af þessum viðskiptum, og þau byggðu á eðlilegum forsendum. Þess vegna eru það vonbrigði að málið sé komið í þennan farveg.“

**- sh**

## Leitað í hesthúsi og verkfærageymslu

„Ég hafna alfarið ásökunum sérstaks saksóknara og lýsi mig saklausan af þeim öllum,“ segir Ólafur Ólafsson í yfirlýsingu til fjölmiðla í gær.

Í yfirlýsingunni segir Ólafur að Sheikh Al Thani hafi staðfest við sérstakan saksóknara að hann hafi einn staðið að kaupunum og hann hafi því vonað að rúmlega þriggja ára rannsókn „með tilheyrandi skoðun bankagagna á Íslandi og erlendis, símhlerunum, yfirheyrslum, húsleit á skrifstofum, í íbúðarhúsum, hesthúsi og verkfærageymslu“ myndi leiða í ljós að hann hefði engin lög brotið. Ákæran komi honum því mjög á óvart.

Þá segir hann allar vangaveltur í ákærunni um að hann hafi getað hagnast á viðskiptunum rangar.

**- sh**

# Sony Center

www.sonycenter.is

## Framtíðin er skýr hjá Sony

5 ára ábyrgð á öllum sjónvörpum án aukakostnaðar!

## Blu-Ray spilari

Nettengjanlegur Blu-Ray spilari fylgir á meðan birgðir endast!




**GLÆSILEGT 40" LED SJÓNVARP MEÐ ÞRÁÐLAUSU NETI** KDL-40EX721
- Full HD 1920 x1080 punktar
- EDGE LED baklýsing
- X-Reality Motionflow 200 Hz myndvinnsla
- Bravia Internet sjónvarp

Tilboð 199.990- Verð áður 249.990.-



**BLU-RAY SPILARI** BDP-S185
- Bravia internet video
- HD Upscale á DVD diskum




**ÞEGAR MYNDGÆÐIN SKIPTA MÁLI! 40" 3D LED SJÓNVARP** KDL-40HX723
- Full HD 1920x1080 punktar
- EDGE LED baklýsing
- X-Reality Motionflow 400 Hz myndvinnsla
- Bravia Internet sjónvarp

Tilboð 249.990.- Verð áður 289.990.-




**GLÆSILEGT 46" 3D LED HÁGÆÐASJÓNVARP MEÐ X-REALITY 200HZ MYNDVINNSLU** KDL-46EX720
- Full HD 1920x1080 punktar
- EDGE LED baklýsing
- X-Reality Motionflow 200 Hz myndvinnsla
- Bravia Internet sjónvarp

Tilboð 279.990.- Verð áður 319.990.-




**EINSTÖK HÖNNUN! 40" 3D LED SJÓNVARP** KDL-40NX723
- Full HD 1920x1080 punktar
- EDGE LED baklýsing
- X-Reality Motionflow 200 Hz myndvinnsla
- Bravia Internet sjónvarp

Verð 269.990.-

Sony Center
Kringlunni
588 7669

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

VISA 6 MÁNAÐA VISA VAXTALAUS LÁN Í SONY CENTER



**VILL VIÐURKENNINGU** Nepalbúinn Chandra Bahadur Dangi, sem er 72 ára gamall og 56 sentimetra hár, býr sig undir ferðalag til höfuðborgarinnar Katmandú til að fá staðfestingu þess að hann sé minnsti maður heims. NORDICPHOTOS/AFP

Situr í gæsluvarðhaldi í Frakklandi vegna gruns um tengsl við vændishring:

# Strauss-Kahn aftur í vanda

**FRAKKLAND** Yfirheyrslum yfir Dominique Strauss-Kahn, fyrrverandi yfirmanni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, var haldið áfram í gær í Frakklandi, þar sem hann hefur verið í gæsluvarðhaldi síðan á þriðjudag.

Strauss-Kahn er grunaður um að hafa stundað svallveislur, bæði í París og í Washington, þar sem vændiskonur voru meðal gesta. Rannsókn lögreglunnar snýst einkum um það hvort vændishringur hafi útvegað vændiskonur í veislur á Carlton-hótelinu í borginni Lille. Strauss-Kahn gæti átt yfir höfði sér ákærur fyrir að hafa misnotað fé, komi í ljós að borgað hafi verið fyrir svallveislurnar með fé frá fyrirtækjum.

Þetta er í annað sinn sem Strauss-Kahn situr í fangelsi grunaður um kynferðistengd brot. Mál gegn honum í New York fyrir nauðgun á hótelþernu síðastliðið vor var fellt niður. Sjálfur segist Strauss-Kahn ekkert hafa brotið af sér. Einn lögmanna hans sagði nýverið í útvarpsviðtali að Strauss-Kahn hafi ekki vitað að konurnar væru vændiskonur: „Hann hefði ekki getað áttað sig auðveldlega á því, enda er fólk ekki alltaf í fötum í svona veislum, eins og þú getur ímyndað þér, og ég skora á þig að sjá muninn á naktri vændiskonu og öðrum nöktum konum.“ - gb



**STRAUSS-KAHN** Öðru sinni settur í fangelsi vegna gruns um kynferðisbrot. NORDICPHOTOS/AFP

Noregskonungur 75 ára:

# Slá nýja mynt fyrir konung

**NOREGUR** Haraldur Noregskonungur og Sonja drottning munu prýða nýja mynt sem Seðlabanki Noregs ætlar að búa til í tilefni af 75 ára afmælum hjónanna á árinu.

Myntin verður úr silfri og verða í mesta lagi slegin fjörutíu þúsund stykki af henni. Myntin verður 200 norskar krónur.

Haraldur konungur verður 75 ára á mánudag, en mun ekki halda upp á afmælið. Hann hyggst vera í útlöndum á afmælisdaginn og vilji ekki halda upp á daginn. - þeb

Málþing um velferð barna:

# Forvarnir spara umtalsvert fé

**MÁLÞING** Forvarnarstarf í kynferðisbrotum gegn börnum er samfélaginu nauðsynlegt og sparar til lengri tíma mikið fjármagn. Þetta er meðal þess sem kemur fram í fyrirlestri Sigríðar Björnsdóttur, verkefnastjóra Blátt áfram, á málþinginu Framtíð barna sem haldið verður í Öskju í Háskóla Íslands í dag.



**SIGRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR**

„Við munum á þessu ári standa fyrir fræðandi brúðuleikhússýningum í öllum grunnskólum landsins fyrir börn í 2. bekk og svo bjóðum við einnig upp á námskeiðið Verndari barna fyrir fullorðna. Okkur vantar aukið fjármagn til að geta rannsakað áhrif forvarnastarfs okkar en við teljum okkur geta sýnt fram á umtalsverðan árangur á þeim sjö árum sem við höfum starfað,“ segir Sigríður.

Íslenskar rannsóknir hafa sýnt fram á að 27% barna hafa fyrir 18 ára aldur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Sigríður bendir á mikilvægi þess að fagaðilar þekki þau varúðarmerki sem kunna að birtast hjá fórnarlömbum kynferðisofbeldis. - bg

# Tveggja daga heimsókn SÞ til Íran skilaði ekki árangri

**Kjarnorkueftirlit SÞ segir það vonbrigði að Íranar hafi ekki viljað leyfa skoðun herstöðvar í Parchin. Leiðtogi Írans segir syndsamlegt að eiga kjarnorkuvopn. Rússar vara Ísrael við árásum á kjarnorkubúnað Írans.**

**ÍRAN** Sendinefnd Alþjóðakjarnorkustofnunarinnar segist ekki hafa haft erindi sem erfiði í tveggja daga heimsókn sinni til Írans í vikunni. Beiðni þeirra um að fá að skoða herstöðina í Parchin var hafnað af írönskum stjórnvöldum.

Þá tókst ekki samkomulag um orðalag skýrslu, þar sem farið yrði yfir óleyst deilumál varðandi kjarnorkuáform Írana.

„Við tókum þátt í uppbyggilegum anda, en ekkert samkomulag tókst,“ segir Yukiya Amano, framkvæmdastjóri stofnunarinnar.

„Það eru vonbrigði að Íranar féllust ekki á beiðni okkar um að heimsækja Parchin, hvorki á fyrri né seinni fundi okkar.“

Ali Khameini, erkiklerkur og æðsti leiðtogi Írans, ítrekaði hins vegar í gær að kjarnorkuáform landsins snerust ekki um að koma sér upp kjarnorkuvopnum, heldur væri tilgangurinn friðsamlegur.

Hann sagði í sjónvarpsávarpi í gær að leiðtogar Vesturveldanna vissu fullvel „að við erum ekki á höttunum eftir kjarnorkuvopnum vegna þess að íslamska lýðveldið Íran lítur á það sem synd að eiga kjarnorkuvopn“. Hann sagði Írana líta svo á að það sé bæði „gagnslaust, skaðlegt og hættulegt“ að vera með slík vopn.

Á hinn bóginn sagði hann að sá árangur, sem íranska þjóðin hefði náð í kjarnorkuvinnslu, hafi fært þjóðinni bæði virðingu og stolt. Auk þess færi kjarnorkuvopn þjóðinni engin völd.



**STOLTUR AF KJARNORKUAFREKUM** Ali Khameini, erkiklerkur Írans, á fundi með írönskum kjarneðlisfræðingum þar sem hann sagði þeim að halda áfram sínu mikilvæga starfi. NORDICPHOTOS/AFP

Vaxandi þrýstingur hefur verið á Íran frá Vesturlöndum vegna þess að írönsk stjórnvöld hafa ekki sýnt kjarnorkustofnun Sameinuðu þjóðanna fulla samvinnu.

Jafnframt hafa orðið háværari raddir um að hugsanlega verði gerðar árásir á Íran til að stöðva kjarnorkuáform þeirra. Helst hefur þá komið til tals að Ísraelar hugsi sér til hreyfings og séu jafnvel þegar farnir að undirbúa árásir á kjarnorkubúnað Írans.

Nú síðast í gær hafa Rússar varað Ísraela við því að gera árás á Íran.

„Að sjálfsögðu myndi hvers kyns hernaður gegn Íran hafa skelfilegar afleiðingar fyrir þennan heimshluta og fyrir öll alþjóðasamskipti,“ sagði Gennadí Gatilov, aðstoðarutanríkisráðherra Rússlands, á blaðamannafundi í Moskvu í gær.

„Ég vona að Ísraelar átti sig á öllum þessum afleiðingum,“ sagði hann enn fremur, „og þeir ættu einnig að hugleiða afleiðingar slíkra aðgerða fyrir sig sjálfa.“

gudsteinn@frettabladid.is






**BÍLLINN** Bíll mannsins fannst á þessum fáfarna vegi fyrir helgi, en vegurinn er aðeins ruddur nokkrum sinnum á ári. NORDICPHOTOS/AFP

Efasemdir um sögu Svíans sem bjó í bíl:

# Missti vinnuna og bjó í bílnum

**SVÍÞJÓÐ** Sænskur maður, sem fannst í bíl sínum á föstudag eftir að hafa verið fastur í tvo mánuði, hafði búið í bílnum frá því um mitt síðasta ár. Þetta segja sænskir fjölmiðlar.

Maðurinn heitir Peter Skyllberg og er 44 ára gamall. Honum var bjargað úr bílnum, sem hafði snjóað inni á fáförnum vegi. Skyllberg segist ekki hafa borðað síðan 19. desember, þegar bíllinn festist. Hann segist hafa lifað á snjó, en hann er mjög máttfarinn og hefur lítið getað tjáð sig við lögreglu.

Verslunareigandi í nágrenni við staðinn þar sem maðurinn fannst hefur sagt við fjölmiðla að maðurinn hafi vanið komur sínar þangað í byrjun sumars. Hann hafi sagst búa í skóginum og sofa ýmist í tjaldi eða í bílnum. Hann hafi misst vinnuna sem smiður í Örebro. Aftonbladet hefur einnig eftir ónafngreindum manni sem þekkir Skyllberg að hann hafi verið skuldum vafinn og lánardrottnar verið á eftir honum. Hann hafi því látið sig hverfa í maí og ekki látið heyra í sér síðan.

Efasemdir hafa vaknað um að maðurinn hafi í raun lifað í 60 daga án matar. Prófessor í næringarfræði við Uppsalaháskóla segir að ólíklegt sé að fólk geti lifað svona lengi án matar, en mögulegt sé að kuldinn hafi hjálpað til. Frostið náði allt að 30 gráðum. - þeb

# iPad 2

## spjaldtölva ársins*




# Verð frá: 89.990.-



Smart cover
Hlíf fyrir iPad 2
**Verð: 7.990.-**



Incipio Feather
Bakhlíf fyrir iPad 2 / margir litir
**Verð: 7.990.-**



Griffin Elan Folio Slim
Leðurtaska fyrir iPad 2
**Verð: 7.990.-**



Griffin Elan Folio PU + Magnet
Leðurtaska fyrir iPad 2
**Verð: 10.990.-**



Macally skjávörn
Filma með fingrafaravörn f. iPad 2
**Verð: 3.490.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
* Spjaldtölva ársins 2011 að mati PC Magazine

**Smáralind**
Opnunartímar
**Virka daga** 11-19 | **Fimmtudaga** 11 - 21 | **Laugardaga** 11 - 18
**Sunnudaga** 13 - 18 | **Sími** 512 1300 | www.epli.is

**Laugavegi 182**
Opnunartímar
**Virka daga** 10-18 | **Laugardaga** 11 - 16
**Sími** 512 1300 | www.epli.is

epli.is

**FRÉTTASKÝRING:** Skýrsla Evrópunefndar gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi um Ísland

## Trúarbragðakennsla getur gert mikið gagn

Menntun getur komið að mikilvægu gagni í baráttu gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi með fræðslu um fjölbreytileika mannlífs, segir í skýrslunni. Börn ættu að eiga kost á að fræðast um mismunandi trúarbrögð en bjóða ætti upp á valkosti fyrir nemendur sem vilja ekki sækja trúarbragðakennslu þar sem áhersla er lögð á ríkistrúna, eins og gert er hér á landi. Hægt er að fá undanþágu frá slíkum tímum en ekkert annað fag er boðið í staðinn. Nefndin segist hafa veitt því athygli að viðburðir sem tengist kristinni trú fari stundum fram á skólatíma. Athugasemdir hafi borist um að börnum þyki þau litin hornauga ef þau taki ekki þátt.

Nefndin telur það eina helstu framförina að í lögum hafi áætlanir um móttöku nemenda sem hafa ekki íslensku sem móðurmál verið settar fram. Í lögunum er einnig kveðið á um rétt til að fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

## Íslenskukennslu og túlkun ábótavant

Innflytjendur sem eru á atvinnuleysisbótum eiga rétt á ókeypis íslenskukennslu, en fjárframlög til íslenskukennslu fyrir aðra útlendinga hafa verið skorin niður. Ríkið niðurgreiddi tungumálakennsluna mjög mikið fram til ársins 2009, en síðan þá hefur verið niðurgreitt um helming. Stéttarfélög niðurgreiða svo allt að þrjátíu prósent til viðbótar fyrir fólk á vinnumarkaði svo vinnandi fólk þarf aðeins að greiða um tuttugu prósent. Nefndin segist hins vegar hafa fengið upplýsingar um að sú fjárhæð reynist mörgum erfið.

Stjórnvöld hér á landi ættu að grípa til aðgerða sem miða að því að gera innflytjendum kleift að læra opinbert tungumál þjóðarinnar, sem er lykilþáttur í aðlögun. Ekki á að líta svo á að sú aðlögun sé alfarið á ábyrgð innflytjendanna sjálfra, segir í skýrslunni. „Þetta er sérstaklega mikilvægt í löndum þar sem innflytjendur eiga það á hættu að umsóknum þeirra um ríkisborgararétt verði synjað vegna ónógrar tungumálakunnáttu, eins og raunin er á Íslandi." Skortur á íslenskukunnáttu geti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Nefndin kveðst hafa skilning á þeim fjárhagslegu sjónarmiðum sem liggi að baki niðurskurði í íslenskukennslu, en telur að lækkun niðurgreiðslna muni hafa neikvæð áhrif. Þá er einnig hvatt til þess að fjárfest verði í þjálfun túlka, því viðurkennt sé að túlkunarþjónusta sé ekki í háum gæðaflokki hér á landi.

## Fordómar sannarlega til staðar

Þörf er á frekari aðgerðum til að stuðla að jákvæðara viðhorfi gagnvart fjölbreytileika íslensks samfélags, að því er fram kemur í skýrslunni. Þar er vísað í rannsókn frá árinu 2010 þar sem um þrjátíu prósent Íslendinga vildu takmarka fjölda innflytjenda til landsins. Þar af vildu tveir þriðju setja skorður við innflutningi allra útlendinga en einn þriðji komu fólks með annan litarhátt, trú og menningu. Kynþáttafordómar séu því sannarlega til staðar á Íslandi. Vekja þurfi almenning til vitundar um kynþáttafordóma og auka fræðslu.



**RÁÐIST Á HEIMILI** Kúbverskir feðgar flúðu landið eftir að ráðist var að heimili þeirra árið 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nefndin hefur áhyggjur af því að umfjöllun fjölmiðla, þar sem greint er frá ríkisfangi eða þjóðerni einstaklinga sem grunaðir eru um glæpi, muni auka hættu á fordómum og leiði til þess að almenningur líti á allt fólk sem tilheyri þjóðfélagshópunum sem glæpamenn.

Sjónvarpsstöðin Omega hefur viðhaft fjandsamleg ummæli um múslima. Þá hafa vefsíður birt fjandsamleg ummæli um múslima og nokkrar vefsíður hafa verið stofnaðar í þeim tilgangi að dreifa bröndurum byggðum á kynþáttafordómum. Engar kvartanir hafa borist lögreglu og því hefur ekkert verið gert í þessum málum.

Kynþáttaofbeldi er ekki sérstakt vandamál á Íslandi þó upp komi einangruð tilvik. Í skýrslunni er tekið dæmi af feðgum frá Kúbu sem yfirgáfu landið í kjölfar ofbeldis þar sem ráðist var að heimili þeirra og þeim hótað. Nefndin segir að viðbrögð við þeim atburðum hafi vakið athygli sína, en ganga var haldin til stuðnings feðgunum og gegn kynþáttafordómum.








**MANNLÍF** Engar ákærur hafa verið gefnar út vegna kynþáttamisréttis frá árinu 2003 og félagasamtökum hafa ekki borist kvartanir heldur. Þessu er fagnað í skýrslu nefndar gegn kynþáttafordómum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gera má betur í baráttu við misrétti og fordóma

**Kynþáttafordómanefnd Evrópuráðsins gerir ýmsar athugasemdir við stöðu mála á Íslandi í nýrri skýrslu sinni, þó margt hafi lagast á undanförnum árum. Skýrsla nefndarinnar var gerð opinber á þriðjudag.**

Íslensk stjórnvöld hafa ekki staðfest þá alþjóðasamninga sem þau voru hvött til að gera fyrir fimm árum, þegar kynþáttafordómanefnd Evrópuráðsins gerði síðast skýrslu um stöðu mála á Íslandi. Þá var eindregið lagt til við stjórnvöld að þau staðfestu ýmsa alþjóðasamninga. Tólfti viðauki við mannréttindasáttmála Evrópu, sem kveður á um bann við mismunun að því er varðar réttindi sem tryggð eru í lögum, hefur verið undirritaður en ekki fullgiltur. Aðrir samningar sem um ræðir eru endurskoðaður félagsmálasáttmáli Evrópu, sáttmáli UNESCO gegn mismunun á sviði menntunar, rammasamningur um vernd þjóðernisminnihlutahópa og Evrópusáttmáli um svæðisbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa. Þá voru stjórnvöld hvött til að undirbúa staðfestingu alþjóðasamnings um vernd réttinda allra farandverkamanna og fjölskyldumeðlima þeirra og viðbótarbókun við sáttmála gegn tölvuglæpum.

### Vilja breytta stjórnarskrá

Stjórnarskráin ætti að innihalda öflugri vörn gegn kynþáttafordómum og misrétti að mati nefndarinnar. Stjórnvöld telja að 65. grein hennar veiti nægilega vernd. Greinin kveður á um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

### Ríkisborgararéttur frá Alþingi getur skapað ójafnræði

Kynþáttafordómanefndin hefur áhyggjur af tveimur ákvæðum í nýjum lögum um íslenskan ríkisborgarétt. Í fyrsta lagi hefur nefndin áhyggjur af því að hægt sé að neita umsækjendum um ríkisborgararétt ef þeir hafa hlotið sekt eða fangelsisdóm, eða eru grunaðir um refsiverðan verknað. Þannig geta minniháttar brot sem sektir liggja við útilokað að einstaklingar geti fengið ríkisborgararétt. Nefndin telur þetta ákvæði óþarflega strangt og samrýmast ekki meginreglu um meðalhóf. Frumvarp um breytingar á þessum lögum er til umfjöllunar í allsherjarnefnd Alþingis nú og þar er miðað við hærri sektir en áður.

Þá verða umsækjendur að standast íslenskupróf eða fá undanþágu frá því. Þrátt fyrir að prófið sé talið tiltölulega auðvelt þá eiga einstaklingar, einkum frá Suðaustur-Asíu, sérstaklega erfitt með að fullnægja þessu skilyrði. Stjórnvöld eru því hvött til að tryggja að lestrarkennsla og íslenskunámskeið séu aðgengileg sem víðast.

Þá er í skýrslunni gerð athugasemd við að Alþingi geti veitt íslenskan ríkisborgararétt. Þessi aðferð hafi verið notuð þegar einstaklingar geta ekki náð tökum á íslensku þrátt fyrir viðleitni og einnig þar sem fólk hefur framið smávægileg brot. Nefndin segir að þótt þessi tilhögun teljist jafngilda þrautaúrræði eða lokaáfrýjun, þá mætti einnig líta svo á að hún skapi óvissu og ójafnræði.

### Engar ákærur vegna kynþáttamisréttis

Stjórnvöld hér á landi voru hvött til þess fyrir fimm árum að grípa til aðgerða til að tryggja að ákvæðum hegningarlaganna um kynþáttafordóma og misrétti yrði beitt skilvirkt. Lagt var til að rannsakað yrði hvers vegna kvartanir væru jafn fáar og raun ber vitni.

Frá árinu 2003 hafa hvorki verið gefnar út ákærur fyrir brot á banni við kynþáttamisrétti né fyrir brot á grein um bann við kynþáttahatri. Frjáls félagasamtök hafa ekki heldur fengið kvartanir frá fórnarlömbum kynþáttafordóma undanfarin ár. Nefndin fagnar þessum jákvæðu merkjum en bendir engu að síður á að hér á landi er enginn sérhæfður aðili sem fórnarlömb geta snúið sér til. Slíkt embætti ætti að vera óháð lögreglu og ákæruvaldinu og fara með rannsókn ásakana um ósæmilega hegðun af hálfu lögreglunnar.

Þá hefur verið þrýst á að íslensk stjórnvöld innleiði ákvæði sem kveði á um sérstaka refsiþyngingu ef kynþáttafordómar liggja að baki broti, en það hefur ekki verið gert.

### Fá tilvik ekki afsökun

Stjórnvöld hafa verið hvött til þess að tryggja að allir sem koma að refsiréttarkerfinu, lögmenn, lögregla, ákæruvaldið og dómarar, búi yfir góðri þekkingu á lagaákvæðum um kynþáttafordóma og misrétti og hvernig megi koma auga á fordóma sem afbrotahvata. Sú staðreynd að glæpir af þessu tagi eru mjög sjaldgæfir á Íslandi réttlætir ekki að þeim sé gefinn lítill gaumur við þjálfun þeirra sem að þeim koma, að mati nefndarinnar. Lagt var til að aukin áhersla yrði á að veita lögreglunni góða þjálfun á sviði mannréttinda og jafnréttis til að auka skilning á menningarlegri fjölbreytni. Þessi atriði eru nú hluti af grunnþjálfun í Lögregluskólanum.

Þá er hvatt til þess að stjórnvöld komi á fót miðstöð þar sem innflytjendur eigi aðgang að sérhæfðri aðstoð og þjónustu. Eftir að Alþjóðahúsi var lokað er eina slíka miðstöðin fjölmenningarsetur undir velferðarráðuneytinu, sem er staðsett á Ísafirði. Nefndin vill að miðstöð verði komið upp í höfuðborginni, því þar séu langflestir innflytjendur.

## Hvað gerir kynþáttafordómanefnd?

Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi (ECRI) var stofnuð af Evrópuráðinu og er sjálfstæður eftirlitsaðili á sviði mannréttinda. Nefndin hefur eftirlit með ríkjum Evrópuráðsins og greinir stöðuna í hverju ríki fyrir sig. Nefndin skoðar níu til tíu lönd á hverju ári og því er hvert þeirra heimsótt á fimm ára fresti. Skýrslan sem nefndin skilaði nú um Ísland er sú fjórða sem gerð hefur verið.




**Þórunn Elísabet Bogadóttir**
thorunn@frettabladid.is

VÍSINDALEG
FRAMÞRÓUN

# *Extra-Firming Day*

## Stinnari húð þökk sé Clarins



Rannsóknir Clarins hafa leitt í ljós það sem til þarf til þess að viðhalda stinnri húð.
Nýja Extra-Firming dagkremið er eina kremið frá Clarins sem er stútfullt af þykkni úr jurtum sem byggja upp og styrkja þéttleika húðarinnar.*
Andlitshúðin verður stinnari og hrukkur minna sjáanlegar. Haltu yfirbragði húðarinnar stinnu. Minnkaðu línur. Sjáðu af hverju eitt er selt á 8 sekúndna fresti í heiminum.**
Clarins er frumkvöðull til árangurs og í 1.sæti þegar kemur að lúxushúðsnyrtivörum á Evrópumarkaði.***

*Ex vivo próf. **Samkvæmt sölutölum, allra vara í Extra Firming línunni.
***Heimild: European Forecasts.




# CLARINS

## Clarins dagar í verslunum Hagkaups

Dagana 23. - 29. febrúar.

Glæsilegur kaupauki* að verðmæti 11.000kr. fylgir þegar verslað er fyrir 5.900kr. eða meira.

*Líttu við og kynntu þér það allra nýjasta frá Clarins og fáðu þér prufu af kremi sem hentar þinni húðtegund.*



*Gildir meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**FIMMTUDAGUR OPNUM KLUKKAN 11 FIMMTUDAGUR OPNUM**




**BÓNUS PYLSUR 10 STK**
**359 KR.** ca. 480 gr. pakki

**PYLSUBRAUÐ 5 STK**
**139 KR.**

**BÓNUS PYLSUR OG PYLSUBRAUÐ**



## NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS
ÓMISSANDI MEÐ ÖLLUM MAT !



**BAGUETTE BRAUÐ 129 KR.STK**




**179** KR. 1 LTR.
**FLORIDASAFI 1 LTR.**

NÝBAKAÐ Í BÓNUS



**198** KR. 4 STK
BÓNUS 4 STK. **KORNKUBBAR**




**198** KR. 600 GR
**BÓNUS KJARNABRAUÐ**
600GR




**98** KR. 5 STK
**BÓNUS FLATKÖKUR**
5 STK.




**2298** KR.KG
*ALI* **FERSKAR KJÚKLINGAGBRINGUR**




**2298** KR.KG
*ALI* **FERSKT KJÚKLINGAFILLET**

**KJARNAFÆÐI**




**1395** KR. KG
KJARNAFÆÐI **FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB**




**1998** KR.KG
*ÍSLANDSNAUT* **FERSKT UNGNAUTASNITSEL**




**1998** KR.KG
*ÍSLANDSNAUT* **FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS**



100% KJÖT
10 STK. / 120 GRAMMA

**1598** KR. 10 STK.
FROSNIR **NAUTABORGARAR**




**498** KR. 1.2 LTR.
isio 4
MATAROLÍA
**20% MEIRA MAGN**




**798** KR. 620 GR
620 GR FROSIÐ
**100% NAUTAHAKK**

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



**195** KR. KG
APPELSÍNUR



**195** KR. KG
PERUR Í LAUSU



**398** KR. 700 GR
EPLI PINK LADY



**195** KR. 2 STK
FUJI EPLI PÖKKUÐ




**359** KR.200 GR
## BÓNUS SPÍNAT
FERSKT FRÁ SPÁNI



**159** KR. KG
JONAGOLD EPLI



**159** KR. KG
GUL EPLI



## AVOCADO ER OFURFÆÐA LÁRPERAN
Einómettuðu fitusýrurnar og næringar-innihald **avocado** hjálpa til við efna-skiptahraða líkamans og dregur úr þörfinni á ofáti. Einómettaðar fitusýrur hjálpa til við að lækka LDL kólesterólið sem oft er nefnt það slæma og þær stuðla einnig að hækkun á HDL kólesteróli sem er talið vera hið góða.

AVOCADO Í LAUSU
**495 KR.KG**




**298** KR. 1000 G



**298** KR. 1000 G

*FROSIÐ* SPERGILKÁL OG *FROSIN* GRÆMETISBLANDA M. SPERGILKÁLI, GULRÓTUM OG HVÍTKÁLI: *MAGN 1 KG.*



**59** KR. KG
RAUÐRÓFUR Í LAUSU



**59** KR. KG
GULUR LAUKUR Í LAUSU




**498** KR. 1.2 KG




**498** KR. 1 KG



## FROSNIR ÁVEXTIR
Í HEILSUDRYKKI




**498** KR. 1 KG



**195** KR. KG
ÓMISSANDI EFTIR SALTKJÖTIÐ
VATNSMELÓNUR



**129** KR. KG
ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU:
RAUÐAR OG HVÍTAR

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | | 1 | 4 | 2 | | 6 | |
| | | | | 6 | 9 | | 5 | |
| | | | | | | | | |
| 2 | | 7 | | 9 | | 6 | | 3 |
| 6 | | | | 1 | | | | 8 |
| 1 | | 5 | | 7 | | 4 | | 2 |
| | | | | | | | | |
| | 1 | | 9 | 8 | | | | |
| | 4 | | 7 | 5 | 1 | | 8 | 6 |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS 46


Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# neytendur
hagur heimilanna

**418** **KRÓNUR** var meðalverðið á einu kílói af agúrkum í nóvember samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands. Verðið hefur ríflega tvöfaldast frá árinu 2005 þegar kílóverðið var 194 krónur að meðaltali.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### Viðbrenndir pottar

*Í stað þess að henda potti má láta reyna á húsráð sér til bjargar.*

Því hefur til dæmis verið fleygt að lyftiduft kunni að koma að notum í aðstæðum þar sem kolsvartar viðbrenndar matarleifar eru eins og límdar í botninn á pottinum. Þá er sett í pottinn eins og ein matskeið af lyftidufti, eða matarsóda, og góð botnfylli af vatni. Þetta er svo látið sjóða upp og eiga þá matarafgangarnir og sótið að losna upp af botninum. Annar kostur mun svo vera að setja skvettu af uppþvottavéladufti í botnfylli af vatni í potti sem svona er fyrir komið og láta liggja í 15 til 20 mínútur. Eftir það á að nægja að skola óhreinindin burt. - óká

■ Matvæli

## Bannað að kalla ávexti ofurávexti

Danska matvælastofnunin hefur bannað framleiðendum að nota orðið ofurávexti, það er að segja superfrugter, superfruit eða powerfruit, á umbúðir ávaxtadrykkja. Framleiðendurnir eru ósammála stofnuninni um að orðin séu villandi. Þeir segja að hollusta ávaxtanna réttlæti nafnið sem þeim er gefið. Matvælastofnunin í Danmörku segir að ekki hafi verið sannað að um ofurávexti sé að ræða. Sumir framleiðendanna segjast nú hafa selt þessar vörur sínar til annarra landa þar sem menn hafi ekki áhyggjur af fyrrgreindum nöfnum á drykkjunum.

■ Matvæli

## Fjarlægja krabbameinsmyndandi efni

Norskir vísindamenn hafa þróað aðferð til þess að fjarlægja meirihluta krabbameinsvaldandi efnis, akrýlamíðs, úr kartöflum sem á að steikja. Efnið finnst ekki í matvælum sem eru framleidd eða elduð við suðuhitastig, heldur myndast það í mestu magni í kolvetnaríkum matvælum sem eru hituð mikið. Hefur það fundist í kartöfluflögum, steiktum kartöflum, djúpsteiktum kartöflum, hrökkbrauði, kexi og smákökum.

Gert ráð fyrir kaupmáttaraukningu í febrúar:

# Kaupmáttur örlítið dregist saman

**EFNAHAGSMÁL** Laun landsmanna stóðu í stað í janúar frá mánuðinum á undan. Þetta leiðir launavísitala Hagstofu Íslands í ljós en gildi hennar fyrir janúarmánuð var birt í gær.

Kaupmáttur launþega minnkaði því um 0,3% í mánuðinum þar sem vísitala neysluverðs hækkaði um 0,3%. Er janúar þar með annar mánuðurinn í röð þar sem kaupmáttur lækkar en hann lækkaði um 0,1% í desember. Á síðustu tólf mánuðum hefur kaupmáttur launa þrátt fyrir þetta aukist um 2,5%.

Fram kemur í Morgunkorni greiningardeildar Íslandsbanka að búast megi við nokkurri hækkun á kaupmætti í febrúar vegna þeirra kjarasamningsbundnu hækkana sem tóku gildi um síðustu mánaðamót. Laun flestra á almennum markaði hækkuðu um 3,5%.

Vísitala kaupmáttar launa stendur nú í 110,8 stigum og hefur hækkað um rúmlega 6,4% frá því að hún náði sínu lægsta gildi í maí árið 2010. Kaupmáttur er þó enn talsvert minni en þegar hann var mestur fyrir hrun í janúar 2008. Nemur munurinn 7,8%. - mþl



**KAUPMÁTTUR** Greiningardeild Íslandsbanka á von á því að kaupmáttur launa hafi aukist nokkuð í febrúar vegna kjarasamningsbundinna launahækkana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Í MYLLUNNI** Til þess að mega bera Skráargatið má brauð ekki innihalda meira en 7 g af fitu og 0,5 g af salti í hverjum 100 g. Innihald trefja verður að vera að minnsta kosti 5 g í hverjum 100 g. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vara merkt Skráargatinu er hollust í sínum flokki

**Hollustumerkið Skráargatið verður tekið upp á Íslandi á næstunni. Þar með eiga neytendur að geta gengið að því vísu að matvæli sem merkt eru með þessu merki uppfylli þá kröfu að vera hollust í sínum flokki. Myllan hefur beðið spennt eftir þessari leið til þess að koma á framfæri hollum vörum sínum, að sögn Iðunnar Geirsdóttur, matvælafræðings hjá fyrirtækinu.**

Skráargatið, sem er eitt elsta hollustumerkið í Evrópu, var tekið upp í Svíþjóð 1989. Fyrir þremur árum gengu Danir og Norðmenn til samstarfs við Svía um merkið. Vegna samstarfsins þurfti að taka tillit til ýmissa nýrra matvæla og ólíkra neysluvenja. Breyta varð bæði skilyrðunum og matvælaflokkunum til þess að kerfið hentaði betur stærri og fjölbreyttari hópi neytenda. Mögulega leggja Íslendingar fram óskir og/eða kröfur varðandi endurskoðun á matvælaflokkum og/eða skilyrðum fyrir Skráargatinu.

Alls eru nú skilgreindir á þriðja tug matvælaflokka sem geta notað Skráargatið og til einföldunar hafa þeir verið dregnir saman í níu hópa, það er mjólk og mjólkurvörur, fita og olíur, kjöt og kjötvörur, fiskur og fiskafurðir, tilbúnir réttir, brauð og kornvörur, ávextir og grænmeti.

Sem dæmi um skilyrði má nefna að mjólk og sýrðar mjólkurvörur án viðbættra bragðefna mega ekki innihalda meira magn af fitu en 0,7 g í hverjum 100 g vörunnar. Heildarsykurmagn í sýrðum mjólkurvörum með viðbættum bragðefnum verður að vera undir 9 g í 100 g. MS hefur þegar merkt Skyr.is drykki með Skráargatinu þó svo að hollustumerkið hafi ekki enn verið tekið formlega í notkun.

Brauð má ekki innihalda meira en 7 g af fitu og ekki meira en 0,5 g af salti í hverjum 100 g. Hins vegar þarf brauð að innihalda að minnsta kosti 5 g af trefjum í hverjum 100 g.

Iðunn Geirsdóttir, matvælafræðingur hjá Myllunni, segir fyrirtækið þegar með á markaði sjö brauðtegundir sem uppfylla skilyrði Skráargatsins. „Það eru Eyrarbrauð, nýja brauðið Lífskorn, tvær tegundir af maltbrauði, danskt rúgbrauð og speltbrauð. Við eigum eftir að draga úr saltmagni í fleiri tegundum af rúgbrauði en við stöndum vel hvað varðar viðmið um magn trefja, fitu og sykurs í þeim,“ segir Iðunn.

Hún getur þess að gerð sé krafa um að 25 prósent af mjölinu séu heilkorn en heilkorn er heilt fræ korntegundar (kím, fræhvíta og klíð). „Heilkorn getur verið kornið sjálft eða heilmalað korn. Fræ eins og hörfræ og sólkjarnar flokkast ekki undir heilkorn þótt þau séu líka afar holl. Heilkornaskilgreiningin segir ekki alla söguna.“

Að sögn matvælafræðingsins hefur Myllan beðið lengi eftir leiðum til þess að koma á framfæri hollum vörum sínum á sýnilegan hátt. „Við erum ánægð með að Skráargatið hafi verið samþykkt en munum bíða með að merkja vörurnar þar til Matvælastofnun hefur sett formlega umgjörð utan um þetta.“

ibs@frettabladid.is

Northland Healing Arts kynnir

Heilunarnám

Með Victor McWind



Heilunarnám á vegum Northland Healing Arts hefst 9. mars og stendur til 1. des. Um er að ræða 11 helgar, frá föstudegi til sunnudags. Að náminu loknu útskrifast nemendur sem heilarar.

**Kynningarfundur um námið verður haldinn laugardaginn 25. feb. kl. 12:00 að Bæjarflöt 15, Grafarvogi.**

Umsjón með náminu hefur Victor McWind, sem hefur 25 ára reynslu af heilun auk þess að vera lærður í mjúkvefjanuddi. Victor hefur m.a. stundað nám við The Lung Ta Institute og BioSonic Institute - Cranial Sacral Advanced Studies. Hann starfaði hjá The Institute for Physical Therapy í New York og í Woodstock, en býr nú og starfar í Reykjavík.

Nánari upplýsingar um námið er að finna á www.mcwindbodywork.com. Einnig má hafa samband við Victor í síma 690-7281 eða með tölvupósti: victor@mcwindbodywork.com.
Victor starfar einnig við heilun og tekið er við tímapöntunum í sama símanúmeri.

**Hvað segja útskriftarnemar okkar um námið?**

Stundum tekur maður ákvarðanir sem breyta lífi manns svo um munar. Heilunarnámið með Victori var ein slík í mínu lífi. Efninu var miðlað af mikilli þekkingu og fagmennsku, bæði fræðilega og verklega. Í dag starfa ég við heilun.

Áslaug Björt Guðmundardóttir

Alkemistinn eftir Paulo Coelho er fræg bók um mann sem fer í langa ferð
frá heimili sínu til að finna fjársjóð. Eftir mörg ár kemur hann heim og finnur fyrir heppni fjársjóðinn í bakgarðinum sínum.
Á þessu námskeiði uppgötvaði ég hver minn fjársjóður er og hvar hann er að finna. Námskeiðið er fyrir þá sem sem eru tilbúnir að vinna í sjálfum sér og
fá þar með vitneskju sem getur hjálpað öðrum.

Guðrún Freydís Sævarsdóttir

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is



# Madrid

## í vor með VITA

4 nætur 27. apríl - 1. maí









## Madrid á Spáni

27. apríl, 4 nætur

Madrid er borg menningar og lista, fótbolta, matar og mannlífs, og það fram á rauða nótt. Borg sem kemur skemmtilega á óvart með breiðstræti sín, öngstræti, göngugötur, fögru hallir og kirkjur, heimsfrægu myndlistarsöfn, gróðursælu almenningsgarða, hjalandi gosbrunna og síðast en ekki síst iðandi mannlíf.

**Verð frá 99.900 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 í tvíbýli á Melia Hotel Galgos með morgunverði 27. apríl í fjórar nætur.
Innifalið: flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 109.900 kr.

Fararstjóri: **Kristinn R. Ólafsson**

**Kristinn R. Ólafsson** er þekktastur fyrir útvarpspistla sína frá Spáni í 30 ár en hann hefur búið í Madrid síðan 1977 og er án efa fróðastur Íslendinga um Spán nútímans og sögu landsins og menningu.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 58591 02/12

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á vísir.is

**224,41** ER GENGISVÍSITALA ÍSLENSKU KRÓNUNNAR. Hún hefur ekki verið hærri síðan í maí 2010 en hækkun á gengisvísitölu þýðir að gengi krónunnar er að veikjast.

# Meistaradeildin mikilvæg tekjulind

**Endurskoðunarfyrirtækið Deloitte vinnur á ári hverju skýrslu um tekjur stærstu knattspyrnuliða heims. Í nýútkominni skýrslu er varpað ljósi á þá gríðarlegu þýðingu sem Meistaradeildin hefur fyrir stóru félagsliðin í Evrópu.**

Spænsku risarnir í Real Madrid voru tekjuhæsta knattspyrnulið heims á síðasta tímabili. Er þetta sjöunda árið í röð sem Real Madrid trónir á toppi tekjulistans í alþjóðlegum fótbolta en endurskoðunarfyrirtækið Deloitte vinnur á ári hverju skýrslu um tekjur 20 stærstu knattspyrnuliða heims.

Nýjasta útgáfa skýrslunnar kom út í síðustu viku en eins og áður sagði var Real Madrid á toppi listans með tekjur sem námu 480 milljónum evra, jafngildi 87,5 milljarða íslenskra króna. Erkióvinir þeirra í Barcelona voru í öðru sæti með 451 milljón evra í tekjur en liðin eru í sérflokki á toppi listans.

Í þriðja sæti voru ensku meistararnir í Manchester United með 367 milljóna evra tekjur og í því fjórða þýska stórliðið Bayern München með tekjur upp á 321 milljón. Önnur félög á listanum voru með tekjur á bilinu 115 til 250 milljón evrur en næst á eftir Bayern koma ensku liðin Arsenal og Chelsea og ítölsku liðin AC og Inter Milan.

Í skýrslu Deloitte er einnig að finna umfjöllun um þýðingu Meistaradeildarinnar fyrir tekjustreymi bestu liða Evrópu. Þá er vakin athygli á þeim mun sem er á peningunum í boði í Meistaradeildinni og í Evrópudeildinni, hinni keppni evrópska knattspyrnusambandsins.

> **754** milljónum evra er deilt milli þeirra 32 liða sem tóku þátt í riðlakeppni Meistaradeildarinnar.

Á síðasta tímabili var alls 754 milljónum evra deilt milli þeirra 32 liða sem tóku þátt í riðlakeppni Meistaradeildarinnar. Til samanburðar fá þau 56 lið sem taka þátt í riðlakeppni Evrópudeildarinnar 150 milljónir evra. Þessi munur hefur þó dregist aðeins saman eftir að gamla UEFA-Evrópukeppnin breytti um nafn, varð að Evrópudeildinni, og hlaut nýja styrktaraðila árið 2009. Þannig hefur sú upphæð sem dreift er til liðanna í keppninni næstum fjórfaldast á þremur árum.

Tekjur frá Evrópudeildarþátttöku geta skipt lið sem komast sjaldan í Evrópukeppni nokkru máli. Fyrir þau lið sem eru vön að keppa í Meistaradeildinni eru þetta þó ekki sérstaklega háar fjárhæðir. Þannig hlaut slóvakíska liðið MSK Zilina sömu fjárhæð fyrir þátttöku í riðlakeppni Meistaradeildarinnar á síðustu leiktíð og sigurlið Evrópudeildarinnar. En lið Zilina tapaði öllum sex leikjum sínum í Meistaradeildinni og skoraði aðeins þrjú mörk og hlaut fyrir vikið minnst af öllum þátttökuliðum í Meistaradeildinni.

Muninn má einnig sýna fram á með því að bera saman tekjur Manchester United frá þátttöku sinni í Meistaradeildinni á síðustu leiktíð við væntar tekjur liðsins fyrir þátttöku í Evrópudeildinni. Í fyrra komst liðið alla leið í úrslitaleik Meistaradeildarinnar og hlaut fyrir þátttökuna í útsláttarhluta keppninnar 16,1 milljón evra. Fari liðið alla leið og vinni Evrópudeildina í vor fær það hins vegar einungis 4,6 milljónir evra.

Loks er í skýrslunni að finna samanburð á tekjum evrópsku stórliðanna og tekjum liða utan Evrópu. Kemur í ljós að tekjur stærstu liða heims utan Evrópu, Corinthias og São Paulo í Brasilíu, myndu skila liðunum í kringum 50. sæti á tekjulistanum. Voru liðin með tekjur á bilinu 70 til 80 milljónir evra á síðustu leiktíð. magnusl@frettabladid.is



MEISTARADEILDIN Þátttaka í Meistaradeildinni er gríðarleg tekjulind fyrir bestu félagslið Evrópu og getur árangur liða þar skipt sköpum um hve háar tekjur liðanna verða á tilteknu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Tekjur Man. Utd. jukust á fyrri hluta leiktíðarinnar



Fjármál Manchester United hafa verið nokkuð í sviðsljósinu frá því að bandaríski auðjöfurinn Malcolm Glazer framkvæmdi skuldsetta yfirtöku á félaginu árið 2005. Á miðvikudag var hálfsársuppgjör þess fyrir yfirstandandi leiktíð birt. Leiðir það í ljós að tekjur liðsins jukust um 11,8% á fyrri helmingi reikningsársins en þær hafa vaxið hratt síðustu misseri. Rekstrarkostnaður jókst hins vegar einnig nokkuð á tímabilinu, eða um 14,3% og voru tekjur fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta á tímabilinu því einungis 4,6 milljónum punda hærri en í fyrra. Ólíklegt er talið að félaginu takist á seinni hluta reikningsársins að endurtaka þá aukningu sem varð á tekjum á fyrri hlutanum, af þeirri ástæðu helst að félagið mistókst að komast upp úr riðli sínum í Meistaradeildinni og verður af miklum tekjum fyrir vikið.

Þá kemur í ljós í uppgjörinu að félagið hefur nú keypt til sín eigin skuldabréf fyrir 92,8 milljónir punda frá því að félagið endurfjármagnaði skuldir sínar með 512 milljón punda skuldafjárútboði 2010. Kaupir félagið bréfin til þess að lækka vaxtagreiðslur en slíkar greiðslur námu 24,5 milljónum punda á fyrri helmingi reikningsársins.


# Úrval notaðra bíla


**Mercedes-Benz M320 CDI**
árg. 2006, ekinn 95 þús. km.
3000cc, sjálfsk. dísil
Verð: 6.490.000 kr.


**Toyota Land Cruiser**
árg. 2008, ekinn 82 þús. km.
2982cc, sjálfsk. dísil
Verð áður: 6.490.000 kr.
▸ Verð nú: 5.990.000 kr.


**Volkswagen Golf**
árg. 2007, ekinn 75 þús. km.
1595cc, beinsk. bensín
Verð: 1.690.000 kr.


**Kia cee'd LX**
árg. 2010, ekinn 42 þús. km.
1396cc, beinsk. bensín
Verð: 2.290.000 kr.


**Mazda Tribute 4x4**
árg. 2006, ekinn 67 þús. km.
2967cc, sjálfsk. bensín
Verð áður: 1.990.000 kr.
▸ Verð nú: 1.790.000 kr.


**Volkswagen Golf**
árg. 2008, ekinn 60 þús. km.
1595cc, beinsk. bensín
Verð: 1.890.000 kr.


**Kia Sorento 4x4**
árg. 2007, ekinn 80 þús. km.
2497cc, sjálfsk. dísil
Verð: 3.290.000 kr.


**Toyota Yaris**
árg. 2006, ekinn 71 þús. km.
1364cc, sjálfsk. bensín
Verð: 1.590.000 kr.


**Hyundai i10**
árg. 2011, ekinn 27 þús. km.
1086cc, beinsk. bensín
Verð áður: 1.690.000 kr.
▸ Verð nú: 1.590.000 kr.


**Ford Escape XLT**
árg. 2005, ekinn 78 þús. km.
2966cc, sjálfsk. bensín
Verð áður: 1.490.000 kr.
▸ Verð nú: 1.090.000 kr.

ASKJA

**ASKJA** · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is





BLÁFUGL Eigið fé Bláfugls var rúmir tveir milljarðar króna í lok árs 2010 en það ár tapaði það rúmum 60 milljónum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

PwC annast opið söluferli á Bláfugli fyrir Miðengi:

## Bláfugl í opið söluferli

**VIÐSKIPTI** Miðengi ehf., dótturfélag Íslandsbanka, hefur falið endurskoðunarfyrirtækinu PwC að annast formlegt söluferli á 100 prósenta hlut Miðengis í Bláfugli, eða Bluebird Cargo. Bláfugl er íslenskt flugfélag sem sérhæfir sig í fraktflugi og blautleigu flugvéla til flutningamiðlara.

Í tilkynningu frá Miðengi segir að söluferlið sé opið öllum áhugasömum fagfjárfestum. Þá er gerð krafa um að fjárfestar geti sýnt fram á eiginfjárstöðu umfram 500 milljónir króna.

Á árinu 2010 tapaði Bláfugl jafngildi rúmra 63 milljóna íslenskra króna á núverandi gengi. Í lok árs 2010 var eigið fé fyrirtækisins jafngildi rúmlega tveggja milljarða króna en athygli vekur að fyrirtækið sat í lok síðasta árs á miklu magni reiðufjár, eða jafngildi um 1.680 milljóna. - mþl

Eldsneytisverð í Noregi hækkar:

## Lítrinn á 328 krónur

**NOREGUR** Listaverð á 95 oktana bensíni fór allt upp í 15 krónur í Ósló í Noregi í vikunni, sem jafngildir um 328 íslenskum krónum og hefur verðið aldrei verið hærra.

Í frétt á vefmiðlinum E24 segir að verðið hafi hækkað um tíu aura frá síðustu viku.

Þar segir jafnframt að útsöluverð gæti verið allt að krónu hærra í afskekktari byggðum landsins þar sem flutningskostnaður leggst ofan á verðið.

Opinberar álögur hafa einnig verið að hækka og tekur nú ríkið til sín um sjö krónur af hverjum seldum lítra. - þj

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## Mörg fyrirtæki á leið á hlutabréfamarkað:

# Ótal tækifæri

Sjö fyrirtæki sem eru beint eða óbeint, að hluta eða í heild í eigu Landsbankans verða skráð í Kauphöll Íslands á næstu misserum, eins og Fréttablaðið sagði frá í gær. Þá hefur Steinþór Pálsson, forstjóri bankans, sagt að hugsanlegt sé að bankinn sjálfur verði skráður á markað á þessu ári og þá væntanlega minnihluti í honum seldur.

Landsbankinn er í meirihlutaeigu ríkisins og því óhætt að tala um að framundan sé mesta einkavæðing Íslandssögunnar, en um leið hægt að fullyrða að með því að ríkið fékk bankann í fangið og hann fyrirtækin hafi átt sér stað einhver mesta ríkisvæðing eða þjóðnýting Íslandssögunnar.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Það er af ýmsum ástæðum fagnaðarefni að til stendur að skrá þessi fyrirtæki á hlutabréfamarkað og í því geta falizt ótal tækifæri.

Í fyrsta lagi er þannig undið ofan af þeirri afar óheilbrigðu stöðu að fjöldi stórra fyrirtækja á samkeppnismarkaði hafi verið í eigu bankanna (og í þessu tilviki í óbeinni eigu ríkisins). Það hefur skekkt samkeppnisstöðuna á viðkomandi mörkuðum og sett keppinautana í klemmu. Of hægt hefur gengið að renna fyrirtækjum úr mjúkum faðmi bankanna.

Í öðru lagi skiptir miklu máli að fyrirtækin séu skráð á hlutabréfamarkað til þess að sala þeirra sé gegnsæ og menn geti forðazt tortryggni og ásakanir um einkavinavæðingu eða spillingu.

Í þriðja lagi mun skráning þessara félaga í Kauphöllina efla hlutabréfamarkaðinn, sem þarf nauðsynlega að ná sér á strik á nýjan leik eftir hrun. Virkur hlutabréfamarkaður er nauðsynlegur til að bæta aðgang fyrirtækja að fé og fjölga möguleikum almennings og fagfjárfesta til að ávaxta fé sitt. Alltof mikið af peningum liggur nú í bankainnistæðum á lágum vöxtum eða í ríkisskuldabréfum og gerir lítið gagn í atvinnulífinu.

Í fjórða lagi fá lífeyrissjóðirnir með eflingu hlutabréfamarkaðarins ný tækifæri til að ávaxta fé sjóðsfélaga og dreifa áhættu sinni. En þeir fá líka tækifæri til að beita sér í þágu þroska og siðvæðingar markaðarins; tækifæri sem þeir létu sér úr greipum ganga fyrir hrun. Páll Harðarson forstjóri Kauphallarinnar hvatti forsvarsmenn lífeyrissjóðanna á síðasta ársþingi landssamtaka þeirra til að vera virkari á hlutabréfamarkaðnum og aðhaldssamari gagnvart félögum sem þeir fjárfesta í; ganga til dæmis fastar eftir því að stjórnarhættir fyrirtækja séu í lagi og ekki tekin óhófleg áhætta.

Með því að grípa þetta tækifæri myndu lífeyrissjóðirnir stuðla að heilbrigðum hlutabréfamarkaði, þar sem mistök fortíðarinnar yrðu ekki endurtekin, og fengju um leið færi á að bregðast við hluta af þeirri gagnrýni, sem að þeim var beint í úttektarskýrslunni á dögunum.

Endurreisn hlutabréfamarkaðarins hefur farið vel af stað. Hagar, sem voru fyrsta fyrirtækið sem skráð var í Kauphöllina eftir hrun, hafa hækkað í verði um fimmtung og fjárfestar þannig fengið ágæta ávöxtun nú þegar. Það skiptir þó máli að stilla væntingum í hóf og gæta þess að hjarðhegðun útrásartímans, þar sem jafnvel afleitar fréttir af fyrirtækjum virtust ekki geta komið í veg fyrir að þau héldu áfram að hækka í verði, verði ekki endurtekin.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

**Krónulaust Ísland eftir 5 ár**



**Leiðin að upptöku evrunnar**
VILHJÁLMUR ÞORSTEINSSON, frumkvöðull og fjárfestir.

**Hvað kostar krónan íslensk heimili?**
ÓLAFUR DARRI ANDRASON, hagfræðingur ASÍ.

Fundarstjóri er MARGRÉT ARNARDÓTTIR, verkfræðingur.

Fundurinn verður haldinn í dag,
fimmtudaginn 23. febrúar kl. 20,
að Skipholti 50A, 2. hæð.

**Allir velkomnir.**

Já! ÍSLAND

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ljóst

Gunnar Þ. Andersen fékk uppsagnarbréf á föstudaginn frá stjórn Fjármálaeftirlitsins. Bréfið, sem var birt opinberlega í gær, er býsna afdráttarlaust. Þar segir berum orðum að stjórnin hafi komist að þeirri niðurstöðu að borin von væri að semja um málalyktir við Gunnar. Þar sem það væri orðið ljóst að hann væri ekki samstarfsfús og bullandi vanhæfur í þokkabót yrði honum sagt upp og ekki óskað eftir vinnuframlagi hans á uppsagnartíma. Orðið „ljóst“ kemur raunar fjórum sinnum fyrir í þessu eða svipuðu samhengi í bréfinu, sem þó er innan við síða að lengd.



### Rekinn

Málið lá með öðrum orðum mjög ljóst fyrir og skilaboð bréfsins eru eins skýr öllu læsu fólki og orðið getur: Þú, Gunnar Andersen, ert rekinn og því fær ekkert breytt – en við verðum samt að leyfa þér að skila andmælum.



### Villandi

Aðalsteinn Leifsson, stjórnarformaður FME, lagði annan og einkennilegri skilning í bréfið ef marka má yfirlýsingar hans í fjölmiðlum eftir að málið kvisaðist út. „Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um að segja Gunnari upp störfum og ég veit ekki hvort sú ákvörðun verði tekin,“ sagði hann við Fréttablaðið. Þetta er í besta falli villandi hártogun hjá stjórnarformanninum, sem rak forstjórann einmitt fyrir að villa um fyrir sér.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Skulda- eða evrukreppa?

ESB-aðild



Magnús Orri Schram
alþingismaður

Einkenni núverandi heimskreppu er erfið skuldastaða einstakra ríkja. Ekki er hægt að tengja kreppuna evrunni, heldur frekar að ákveðin ríki í Evrópu standa frammi fyrir erfiðleikum meðal annars vegna óráðsíu í rekstri og skuldasöfnunar, aðgerða til bjargar bankakerfi, og verðhækkana á eignum knúðum áfram af útlánaglöðum bönkum. Þá var þess ekki gætt að halda í samkeppnishæfni í alþjóðavæddum viðskiptaheimi. Þetta þekkja Grikkir, Spánverjar og Ítalir.

Kreppan hefur á hinn bóginn sýnt fram á marga kosti myntsamstarfsins. Í fyrsta lagi hefur sameiginleg mynt komið í veg fyrir að einstök ríki bregðist við samdrætti með því að setja upp hindranir eða höft í viðskiptum sín á milli. Í öðru lagi kemur evran í veg fyrir að hægt sé að gengisfella myntir einstakra landa til að styrkja framleiðslu innanlands. Þesslags úrræði hafa í för með sér gríðarlega kjaraskerðingu neytenda, verðbólgu og skuldasöfnun og gengur því þvert gegn hagsmunum almennings til lengri tíma. Í þriðja lagi hefur evran gert sameiginlegar aðgerðir mögulegar, þó að slík samstilling hafi tekið tíma og ekki verið þrautalaus. Þannig hefur evran í raun mildað áhrif alvarlegrar heimskreppu, samhæft aðgerðir og komið í veg fyrir höft, viðskiptahindranir og gengisfellingar.

Vissulega hefur kreppan leitt fram galla á evrusamstarfinu. Mikil vinna hefur verið lögð í að taka á þeim vandamálum. Allt eftirlit hefur verið bætt, aukin samvinna er um stjórn fjármála ríkjanna og alþjóðlegt aðhald aukið. Evran er því sterkari eftir kreppu en fyrir kreppu og verður áfram áhugaverður kostur fyrir Íslendinga. Nánara samstarf um stjórn ríkisfjármála er ákjósanlegt fyrir Íslendinga sem hafa góða reynslu af utanaðkomandi aga á ríkisfjármál.

Samþykki þjóðin aðild að ESB getur hún strax gengið inn í ERM2 samstarfið og um leið tengt krónu við gengi evru með stuðningi evrópska seðlabankans. Þannig næst jafnvægi í gengið og möguleiki gefst til afnáms hafta. Evran er ákjósanleg fyrir heimili og fyrirtæki á Íslandi sem vilja stöðugleika, minni verðbólgu, lægri vexti og afnám verðtryggingar. Raunverulegar kjarabætur fyrir íslensk heimili felast í upptöku nýrrar myntar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Gullöld mannsins

Í DAG

Jón Ormur Halldórsson
dósent

Við lifum lengsta frið frá stríðum stórvelda frá því stærri ríki tóku að myndast fyrir þúsundum ára. Það eru nær sjötíu ár frá því að stórveldum heimsins laust síðast saman í styrjöld. Milljónir hafa fallið vegna stríðsátaka á þessum tíma en heimurinn hefur ekki þurft að þola styrjaldir stórvelda um forustu í heiminum eða yfirráð á einstökum svæðum hans. Þessar fimmtíu aldir frá því Súmerar fóru að skrifa hluti hjá sér voru allar með öðrum hætti.

### Ótti við vatnaskil

Við höfum í áratugi litið svo á að tiltölulega lítil hætta sé lengur á því að stærstu ríki heimsins fari að bítast um forustu í heiminum með þeim hætti sem stórveldi hafa gert alla sögu mannsins. Í nógu langan tíma til að gleyma því hvað þetta er einstakt ástand. Ástæðurnar fyrir þessum langa friði eru margar. Ein þeirra er fælingarmáttur kjarnorkuvopna. Aðrar eru jákvæðari, sumar efnislegar, aðrar huglægar. Nú stöndum við hins vegar við vatnaskil í alþjóðlegum efnahagsmálum og stjórnmálum. Hlutföll í heiminum eru gerbreytt frá því sem var fyrir skemmstu. Margir fræðimenn spyrja því spurninga um framtíð alþjóðakerfisins. Stóra spurningin þar er sú hvort hnígandi stórveldi heimsins og þau rísandi sjá sér öll hag í því að viðhalda grunngerð og einkennum núverandi alþjóðakerfis.

### Gullöld

Formleg og óformleg alþjóðakerfi uxu smám saman af grunni sem lagður var við lok síðari heimsstyrjaldarinnar, fyrst einkum af Bandaríkjunum og að minna leyti af Bretum og síðar einnig af Evrópusambandinu og mörgum öðrum. Þetta er ein mesta smíð mannsins. Þessi kerfi komu ekki einungis í veg fyrir stórstyrjaldir um forustu í heiminum heldur opnuðu þau smám saman leiðir til alþjóðlegra viðskipta og samskipta. Af þessu hlaust heimsvæðingin sem með öllum sínum göllum hefur valdið langmestu lífskjarabyltingu í sögu mannsins og tengt mannkynið saman með áður algerlega óþekktum hætti. Lífskjörum milljarða manna um allar álfur hefur verið breytt á nokkrum áratugum. Framfarir á öllum mögulegum sviðum þekkingar, samskipta og framleiðslu hafa valdið því að samtíminn er orðinn kapítuli alveg út af fyrir sig í heimssögunni. Við lifum gullöld mannsins.

### Vaxandi spenna

Þetta hvílir á alþjóðakerfinu. Sífellt meiri, nánari, víðtækari og þéttari samvinna yfir landamæri ríkja er drifkraftur kerfisins. Kerfið sjálft; stofnanir, bandalög, samningar, lög og samþykktir eru ekki annað en beinagrind fyrir ótrúlega flókin net og fjölþætt kerfi sem tengja saman heiminn með algerlega nýjum hætti. Samspil á milli slíkra formlegra og óformlegra kerfa getur verið býsna flókið og það er líka viðkvæmt. Innan margra þessara kerfa, ekki síst þeirra formlegu sem oft eru stífari en hin, hefur myndast mikil og vaxandi spenna vegna þess að öll hlutföll í heiminum hafa gerbreyst án þess að kerfin hafi í öllum greinum þróast með. Það sem mestri spennu veldur er ör vöxtur Kína, miklar breytingar í Asíu og minnkandi efnahagsmáttur Vesturlanda. En miklu fleira kemur til. Það mun reyna mjög á þanþol alþjóðakerfisins á næstu árum.

> Ástæðurnar fyrir þessum langa friði eru margar. Ein þeirra er fælingarmáttur kjarnorkuvopna. Aðrar eru jákvæðari, sumar efnislegar, aðrar huglægar. Nú stöndum við hins vegar við vatnaskil í alþjóðlegum efnahagsmálum og stjórnmálum. Hlutföll í heiminum eru gerbreytt frá því sem var fyrir skemmstu. Margir fræðimenn spyrja því spurninga um framtíð alþjóðakerfisins.

### Stóra sagan

Margir sjá nú hvað þeir gætu misst. Nokkur ríki Vesturlanda áttu það til, að ekki sé meira sagt, að umgangast forustuhlutverk sitt í alþjóðakerfinu af lítilli ábyrgð og raunar stundum af glæpsamlegum kjánaskap sem varð til úr blöndu af græðgi, hroka og vanþekkingu. Galdurinn við kerfið er vestrænn að uppruna en fer hins vegar ekki í manngreinarálit á endanum. Þetta er hvatinn til frjálsra alþjóðaviðskipta sem hefur byggst inn í kerfið og gefið því þrótt. Þetta byrjaði allt með nýlendueinokun en hagsmunir frjálsra viðskipta urðu ofan á. Það þýddi hins vegar líka að fólk í Asíu, sem er alveg örugglega eins klárt og duglegt og Vesturlandabúar, gat farið að keppa á heimsmarkaði. Hundraðfaldur launamunur á milli nýlenduherra og undirsáta hefur verið að hverfa með undrahraða síðustu árin. Það er stóra sagan í heiminum, stóri aflvakinn í alþjóðakerfinu.

### Hvað tekur við?

Ein meginspurning heimsmálanna, og hún varðar alla menn, er þessi: Munu hin nýju stórveldi Austursins sjá sér hag í að viðhalda alþjóðakerfi sem hefur fengið að þróast frá lokum síðari heimsstyrjaldar? Það er auðvitað að þau ætla sér stóraukna hlutdeild í stjórn heimsins. Spurningin er hins vegar sú hvort þau hafi vilja og getu til að viðhalda grunnþáttum kerfisins.

### Stefna

Það má lesa úr hegðun rísandi velda eins og Kína, Indlands, Brasilíu, Tyrklands og Suður-Afríku að þau vilja öll auka veg svæðisbundinnar samvinnu. Bandaríkjamenn hafa áhyggjur af því að verða lokaðir úti af svæðisbundnum klúbbum en þetta fyrirkomulag hentar nýjum stórveldum. Þessi ríki munu hins vegar dragast meira inn í stórpólitík heimsins. Heimsvæðing síðustu áratuga kann að hafa gert hagsmuni allra ríkja heims líkari en þeir voru.

Ekkert kemur hins vegar í staðinn fyrir sterkan vilja helstu ríkja og ríkjablokka heimsins. Hann er ekki augljós sem stendur. Samskipti rísandi og hnígandi velda eru erfið og hafa nær aldrei þar til nú verið friðsamleg.

# Þjóð of heimsk fyrir lýðræðið

Ný stjórnarskrá

Lýður Árnason
læknir og fulltrúi í stjórnlagaráði

Áberandi er andstaða stjórnarandstöðunnar við frumvarp stjórnlagaráðs til nýrrar stjórnarskrár. Einnig margra fræðimanna sem vara við að það fari óbreytt í þjóðaratkvæði. Afdráttarlaust er nýja stjórnarskráin sögð of flókin eða hrein tilraunastarfsemi. Lítum á dæmi.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks saka þingnefndina sem ákvarðar framhald stjórnarskrárinnar um tilraunastarfsemi í sambandi við stjórnarskrárbreytingar. Fulltrúi Framsóknarflokks í þingnefndinni er hreinskilinn í þeirri afstöðu sinni að frumvarp stjórnlagaráðs sé ólesið bull. En starf stjórnlagaráðs byggir á hundruðum blaðsíðna fræðimanna frá mismunandi tímum, allt frá stofnun Bandaríkjanna fram á okkar dag. Starf stjórnlagaráðs byggir á yfirlestri stjórnarskráa fjölmargra landa frá ýmsum tímum, starf stjórnlagaráðs byggir á tveimur hnausþykkum bindum stjórnlaganefndar sem voru einkar gagnleg, starf stjórnlagaráðs byggir á endurreisnarþrá eigin þjóðar í kjölfar hruns, samnefnurum þjóðfundar og umfram allt á óháðum fulltrúum sem kosnir voru af þjóðinni. Þetta er því engin tilraunastarfsemi heldur vel ígrundað ferli.

Lagatæknir sem sat í stjórnlaganefnd segir að í nýju stjórnarskránni séu einfaldlega of mörg flókin og stefnumótandi atriði tekin saman á einn stað til að hægt sé að ætlast til þess að þeim verði svarað af eða á. Að taka til stefnumótandi atriði á einn stað finnst mér einmitt vera uppskrift að stjórnarskrá. Við getum deilt um hvort þau séu of mörg og flókin en læs þjóð getur myndað sér skoðun á því.

Að mínum dómi er ekkert flókið í hinni nýju stjórnarskrá. Þvert á móti er hún mjög skýr og einföld. Því mun þjóðin kynnast verði af þjóðaratkvæðagreiðslu. En slík atkvæðagreiðsla verður að vera um frumvarpið í heild því hálfsamþykkt stjórnarskrá gerir lítið annað en að færa þjóðina aftur á byrjunarreit. Þingið gæti hæglega sofið á slíku í 70 ár til viðbótar. Reyndar hugnast það mörgum og ástæðan þessi: Verði engin þjóðaratkvæðagreiðsla gefur það valdhöfum valfrelsi. Verði þjóðaratkvæðagreiðsla um annað en heildina verður útkoman matskennd og aftur fá valdhafar valfrelsi. Þjóðaratkvæðagreiðsla um hina nýju stjórnarskrá, óbreytta, mun hinsvegar leggja Alþingi línur. Því er reynt að leggja stein í götu nýrrar stjórnarskrár vegna þess að verði hún samþykkt færir hún í öllum sínum einfaldleika vendipunktinn nær þjóðinni.

> Að mínum dómi er ekkert flókið í hinni nýju stjórnarskrá. Þvert á móti er hún mjög skýr og einföld. Því mun þjóðin kynnast verði af þjóðaratkvæðagreiðslu.

Kynningarátak í aðdraganda atkvæðagreiðslu mun skila nýrri stjórnarskrá inn á hvert heimili í landinu. Þá mun hver sem vill dæma sjálfur um ágæti frumvarpsins. Sjálfskipaðir vizkubrunnar ættu að hætta þeim leiðasið að ákveða heimsku þessarar þjóðar, leyfum henni að gera það sjálf.

www.meiraprof.is
Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU

ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN
KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK
ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00


# Er hægt að færa niður skuldir almennings án þess að nokkur beri kostnaðinn?

Fjármál



**Þórarinn G. Pétursson**
aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands

Kröfur um almenna niðurfellingu skulda eru háværar og reglulega koma ýmsir fram sem telja sig hafa fundið leið til að gera það án þess að nokkur beri af því kostnað. Svo er ekki: á endanum þarf einhver að bera kostnað af slíkum afskriftum og það eru líklega að stærstum hluta íslenskir skattgreiðendur.

### Leið 0

Augljósasta leiðin til að færa niður skuldir almennings er að eigendur lánanna, þ.e. innlendar lánastofnanir, færi þessar skuldir niður með því að afskrifa þær. Ef þessi niðurfærsla er t.d. 200 ma.kr. (algeng tala í almennri umræðu um málið), rýrnar eigið fé þessara lánastofnana sem því nemur. Þar sem skattgreiðendur eru að stærstum hluta eigendur þessara lána (í gegnum eign sína á Íbúðalánasjóði og Landsbankanum) bera þeir stærstan hluta kostnaðarins. Afgangurinn lendir á innlendum lífeyrissjóðum og erlendum eigendum annarra lánastofnana. Ekki er útilokað að hluti afgangsins (eða jafnvel allt) lendi á endanum á skattgreiðendum þar sem þessir aðilar reyni að sækja sér fébætur frá hinu opinbera fyrir dómstólum.

### Leið 1

Einhver taldi sig hafa fundið leið fram hjá því að láta skattgreiðendur borga reikninginn með því að láta Seðlabankann prenta peninga fyrir upphæðinni og þannig væri hægt að færa niður skuldir almennings án þess að nokkur kostnaður hlytist af. Við nánari skoðun kemur í ljós að þetta stenst engan veginn. Til að skilja það er afar mikilvægt að átta sig á því að peningar sem Seðlabankinn býr til (annaðhvort með „raunverulegri“ prentun þeirra eða með rafrænni aukningu innlána lánastofnana í Seðlabankanum) er skuldbinding Seðlabankans og er því á skuldahlið bankans. Við það að Seðlabankinn prentar 200 ma.kr. til að færa niður skuldir almennings myndast skuld á efnahagsreikningi Seðlabankans upp á 200 ma.kr. en engin eign til mótvægis (hann eignast 200 ma.kr. skuld almennings við lánastofnanir en færir hana niður í ekkert með því að afskrifa hana). Það þýðir að eitthvað annað á skuldahlið Seðlabankans þarf að lækka á móti svo þetta gangi upp bókhaldslega. Þetta annað er eigið fé Seðlabankans sem rýrnar þá um 200 ma.kr. Og hvað með það kann einhver að segja. Jú, Seðlabankinn er í eigu skattgreiðenda og rýrnun eiginfjár hans er því ekkert annað en reikningur á skattgreiðendur með sama hætti og í Leið 0, nema hvað að í þessu tilviki bera skattgreiðendur örugglega allan kostnaðinn óskiptan.

### Leið 2

Til að reyna að komast hjá því að rýra eigið fé Seðlabankans með þessum hætti datt einhverjum öðrum í hug það snjallræði að búa til sérstakt eignarhaldsfélag í eigu Seðlabankans og að þar væri hægt að færa tapið þannig að það sæist ekki í efnahagsreikningi bankans. Nánari skoðun leiðir í ljós að það skiptir að sjálfsögðu engu máli. Við fyrstu sýn liti efnahagsreikningur Seðlabankans vissulega betur út: hann ætti 200 ma.kr. eign (kröfu á þetta eignarhaldsfélag) á móti aukningu skuldbindinga vegna peningaprentunarinnar. En á efnahagsreikningi eignarhaldsfélagsins er nú 200 ma.kr. skuld við Seðlabankann en engin eign (félagið eignast 200 ma.kr. skuld almennings við lánastofnanir en færir hana niður í ekkert með því að afskrifa hana). Eigið fé eignarhaldsfélagsins er því neikvætt um 200 ma.kr. og Seðlabankinn á því eignarhaldsfélag sem er einskis virði og þarf því á endanum að afskrifa það sem gefur nákvæmlega sömu niðurstöðu og í Leið 1.

### Leið 3

Enn á ný taldi einhver sig hafa fundið leið fram hjá þessu. Hvað ef Seðlabankinn prentar peninga, lætur skuldara hafa en gegn því skilyrði að þeir borgi niður lánin sín og gegn því skilyrði að lánastofnanir leggi þá peninga strax aftur í Seðlabankann sem legði þá aftur í eignarhaldsfélagið? Í því tilviki ætti Seðlabankinn vissulega 200 ma.kr. eign (kröfu á eignarhaldsfélagið) á móti 200 ma.kr. aukningu skuldbindinga vegna peningaprentunarinnar og eignarhaldsfélagið ætti líka 200 ma.kr. eign (peninginn sem Seðlabankinn lagði inn í hann frá lánastofnunum) á móti 200 ma.kr. skuld sinni við lánastofnanirnar. Kröfu lánastofnana á heimili hefur því í raun verið breytt í kröfu þeirra á eignarhaldsfélagið. Krafan er því ekki horfin og kostnaðurinn af því að afskrifa hana lendir annaðhvort á lánastofnunum eða Seðlabankanum. Ef þessi 200 ma.kr. greiðsla lánastofnana inn í eignarhaldsfélag Seðlabankans er bundin um aldur og ævi (og því í raun tekin eignarnámi), er þetta í raun töpuð eign fyrir lánastofnanirnar þar sem þær geta aldrei leyst hana til sín og nýtt hana (sama niðurstaða og Leið 0). Geti lánastofnanirnar hins vegar gengið að þessari eign verður tapið á endanum Seðlabankans (sama niðurstaða og Leiðir 1 og 2).

### Lokaorð

Þótt skuldir innlendra heimila og fyrirtækja hafi lækkað töluvert undanfarin tvö ár eru þau enn mjög skuldsett og margir búa við erfiða skuldastöðu. Úrlausn skuldamála þeirra er því brýn. Almenn skuldaniðurfelling til allra er hins vegar afar ómarkviss aðgerð þar sem stór hluti hennar myndi helst nýtast þeim sem þurfa lítið á henni að halda. Hún yrði einnig mjög kostnaðarsöm og þann kostnað þyrftu íslenskir skattgreiðendur að bera með einum eða öðrum hætti. Að láta sem svo sé ekki er bæði villandi og óábyrgt.

# Kyn og loftslagsbreytingar, verkefni í Úganda

Loftslagsmál



**Svandís Svavarsdóttir**
umhverfisráðherra

Áhrif loftslagsbreytinga verða líklega meiri á konur en karla, ekki síst í fátækari ríkjum heims. Í þeim löndum bera konur yfirleitt ábyrgð á vinnu við ræktun matvæla, söfnun eldiviðar og vatnsöflun til heimilisins, til viðbótar öðrum verkum. Það eru því konur sem finna mest fyrir áhrifum loftslagsbreytinga sem valda þurrkum og lélegri uppskeru, lengja leiðina að vatnsbólum eða gera aðgengi erfiðara að eldiviði.

Konur búa líka yfir mikilvægu afli til breytinga. Aukin völd og menntun kvenna er ein áhrifaríkasta leiðin til bættrar framtíðar mannkyns alls. Það má til sanns vegar færa í loftslagsmálum.

### Kynjasjónarmið mikilvæg

Ísland hefur sett kynjasjónarmið á oddinn í alþjóðlegu loftslagsviðræðunum undanfarin ár. Bæði er mikilvægt að taka tillit til sjónarmiða beggja kynja við mótun aðgerða til að draga úr loftslagsbreytingum, og eins að samþætta þau þeim aðgerðum sem snúa að aðlögun að breytingum sem orsakast af loftslagsvandanum. Aukin þátttaka kvenna í verkefnum tengdum loftslagsmálum, ekki síst ákvarðanatöku, er mikilvægur þáttur þess að ná árangri í að vinna gegn loftslagsvandanum.

Því miður stefnir ekki í að þjóðir heims nái samkomulagi í tæka tíð til að koma í veg fyrir breytingar á loftslagi. Það er því óhjákvæmilegt að lögð verði áhersla á aðgerðir til að aðstoða ríki til að aðlagast loftslagsbreytingum eins og kostur er, og þá sérstaklega fátækustu ríkin þar sem talið er að áhrifin verði mest.

Þeirra á meðal eru fátæk ríki í Afríku sunnan Sahara, sem eru þau lönd sem talið er að muni eiga hvað erfiðast með að aðlaga sig breytingum í loftslagi. Þorri íbúa þar eru smábændur sem lifa af sjálfsþurftarbúskap sem byggir á aðgangi að landi og náttúru. Þessi stóri hópur er því hvað viðkvæmastur fyrir loftslagsbreytingum sem hafa öfgar í veðurfari í för með sér.

### Samstarf við Úganda

Úganda í austurhluta Afríku er eitt þessara landa. Nú hafa þarlend stjórnvöld ákveðið að ganga til samstarfs við stjórnvöld Íslands, Noregs og Danmerkur, um að samþætta jafnréttissjónarmið í aðgerðum landsins til að takast á við loftslagsbreytingar. Verkefnið er margþætt. Það felur í sér rannsóknir á vegum Makerere háskóla, stefnumótun, undirbúning fyrir þátttöku í alþjóðlegum samningaviðræðum, ráðstefnu og gerð heimildamyndar. Jafnframt verða skipulögð námskeið fyrir sérfræðinga úr ýmsum geirum í landinu, s.s. ráðuneytum, stofnunum, félagasamtökum og héraðsstjórnum. Alþjóðlegum jafnréttisskóla Háskóla Íslands (GEST) hefur verið falin ábyrgð á gerð námsefnisins og framkvæmd námskeiðanna en umhverfisráðuneytið leggur sérfræðiþekkingu til verkefnisins.

Hér á landi hafa dvalið úgandískir sérfræðingar til að vinna að gerð námsefnisins með íslenskum sérfræðingum á sviði umhverfis-, loftslags- og jafnréttismála. Stefnt er að því að halda þrjú námskeið í mismunandi hlutum Úganda síðar á árinu, með það að markmiði að auka þekkingu og færni fólks til að vinna að verkefnum á sviði jafnréttis og loftslagsbreytinga. Fyrsta námskeiðið verður í bænum Mbale í austur Úganda um miðjan mars og er gert ráð fyrir um 35 þátttakendum á því.

Takist vel til með framkvæmd þessa er stefnt að því að sambærileg verkefni byggð á reynslunni frá Úganda geti farið af stað í öðrum löndum.

### Hugmyndum hrint í framkvæmd

Ísland lagði til að vísað yrði til jafnréttis kynjanna í viðræðum um loftslagsmál fyrir þremur árum, en þá var engin slík tilvísun til staðar í samningstextum. Með harðfylgi hefur tekist að fá samþykkt ákvæði þar að lútandi inn í samningstexta og nú er slík áhersla almennt viðurkennd. Nú er tekið nýtt og mikilvægt skref á þessari vegferð, þegar hugmyndum um jafnréttissjónarmið í loftslagsmálum verður hrint í framkvæmd þar sem áhrifa loftslagsbreytinga gætir einna mest. Með áframhaldandi starfi leggur Ísland lóð sín á vogarskálarnar í einu mesta jafnréttismáli samtímans, en loftslagsmálin varða framtíð mannkyns og allra þjóða. Þar er aðkoma beggja kynja nauðsynleg.

Því miður stefnir ekki í að þjóðir heims nái samkomulagi í tæka tíð til að koma í veg fyrir breytingar á loftslagi. Það er því óhjákvæmilegt að lögð verði áhersla á aðgerðir til að aðstoða ríki til að aðlagast loftslagsbreytingum eins og kostur er, og þá sérstaklega fátækustu ríkin þar sem talið er að áhrifin verði mest.

# Ofurskattur á samgöngum

Samgöngumál



**Özur Lárusson**
framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins

Á dögunum birti Capacent niðurstöður úr könnun um ferðavenjur íbúa höfuðborgarsvæðisins er gerð var á tímabilinu október til desember 2011. Könnunin er um margt athyglisverð og gefur glögga mynd af ferðamáta almennings bæði á haustmánuðum sem og í samskonar könnun er gerð var í febrúar 2002.

Það sem kemur ekki á óvart er að liðlega 76% aðspurðra sinna sínum daglegu erindum á einkabílnum. Það sem er athyglisvert er að mjög svipað hlutfall gerði það árið 2002 sem segir manni að þrátt fyrir hækkandi eldsneytisverð og stóraukna skattheimtu ríkisins á bílinn og eldsneyti þá eru kostirnir í stöðunni þeir sömu í dag og þeir voru 2002, þ.e. einkabíllinn. Við búum í stóru en fámennu landi sem gerir það að verkum að almenningssamgöngur verða alltaf takmörkunum háðar. Allar hugmyndir um stórbættar almenningssamgöngur í gegnum tíðina hafa ekki gengið eftir og er ósköp skiljanleg ástæða fyrir því. Það er fámennið, það verður aldrei hægt að koma á fót öflugu lestarkerfi eða öðru álíka sem fullnægir þörfum okkar til samgangna í því fámenni sem við búum við, það er einfaldlega of dýrt og mun aldrei standa undir sér.

Við getum ekki borið okkur saman að því leyti við nágrannaþjóðir okkar þar sem íbúafjöldi er margfalt meiri og byggðir mun þéttari. Við erum og verðum háð einkabílnum í samgöngum og því þurfa stjórnvöld að hætta skattpíningu á bílnum og rekstri hans. Skattheimta ríkisins af eldsneyti er komin í tæpan helming þess verðs sem bensínið kostar úti á bensínstöð, það er skattpíning, þó svo stjórnvöld haldi öðru fram og bendi á, máli sínu til stuðnings, að hún sé svipuð og jafnvel minni en gengur og gerist í samanburðarlöndunum sem oft er vitnað til!

Sá samanburður er ekki sanngjarn því almenningur í þessum svokölluðu samanburðarlöndum hefur val, þ.e. nothæft almenningssamgangnakerfi í formi lesta, sporvagna og strætókerfis sem virkar. Hjólreiðar hafa sótt í sig veðrið hérlendis sem er mjög jákvæð þróun, þar geta sveitarfélög og stjórnvöld stórbætt aðstöðu með átaki í gerð hjólreiðastíga o.fl. Bílaumferð og hjólreiðar fara ekki vel saman og því þarf að bæta aðstöðu hjólreiðafólks stórlega. Það er hins vegar staðreynd að hjólreiðar koma ekki í stað bílsins við þær vegalengdir og veðurfar sem við búum við enda gera þær það hvergi þó svo allar aðstæður til hjólreiða séu betri annars staðar en hér á landi. Tölurnar tala sínu máli eins og fram kemur í skýrslu Capacent, 4% nota Strætó, 15% ganga, 3,8% hjóla og 76,4% ferðast í einkabílnum.

Ef stjórnvöld vilja stuðla að bættum samgöngum almennings þurfa þau að endurskoða skattheimtu sína af bílum og eldsneyti. Það er ekki hægt að búa við þessa ofurskatta í sjálfsögðum samgöngum ef við ætlum að halda áfram að komast á milli staða með fólk og vörur.

Skattheimta ríkisins af eldsneyti er komin í tæpan helming þess verðs sem bensínið kostar úti á bensínstöð, það er skattpíning, þó svo stjórnvöld haldi öðru fram…

ÚTSÖLULOK

# ...ARÚTSALA

Rúm Gott

# ERTU AÐ VAKNA ÞREYTT/UR EÐA MEÐ VERKI Í LÍKAMANUM?

**Komdu í legugreiningu og fáðu sérsmíðað rúm fyrir þig!**





# ÚTSÖLULOK

**MIÐVIKUDAGINN 29. FEBRÚAR**

... Verð frá kr. 309.897.-

... Verð frá kr. 139.000.-

... af öllum heilsurúmum!

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!



Vertu örugg/ur.
Komdu í greiningu

**Einstaklingsmiðuð þjónusta**

Rúmgott er eini aðilinn á Íslandi sem notar legugreiningu til að meta þarfir viðskiptavina sinna.

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## ÞAR SEM HVER VIÐSKIPTAVINUR ER SÉRSTAKUR!

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

# Dagur hinna slæmu „túrverkja“

Heilbrigðismál



Silja Ástþórsdóttir
formaður Samtaka um endómetríósu

Ég vakna upp við skerandi sársauka. Ég teygi mig eftir verkjatöflunum og skelli í mig tveimur parkódín forte og tveimur íbúfen. Ég veit að lyfin slá ekki á verkina en þau sljóvga mig aðeins sem er skárra en ekkert. Ég hnippi í manninn minn sem fer svefndrukkinn á fætur og kemur til baka með tvo hitapoka sem veita mér svolitla líkn. Fram eftir morgni græt ég og styn af kvölum. Ég dreg það eins lengi og ég get að fara á salernið en loks get ég ekki dregið það lengur og maðurinn minn styður mig fram. Það er stingandi sárt að pissa og það kemur yfir mig gríðarleg þörf til að hafa hægðir en það er jafnframt svo sárt. Ég finn að ég er að detta út og læt mig síga niður á gólfið. Þegar ég ranka úr yfirliðinu er líðanin óbærileg. Ég ligg á hliðinni á köldu flísalögðu gólfinu og kasta upp. Þegar það alversta er liðið hjá, ber maðurinn minn mig inn í rúm. Í vanmætti sínum reynir hann að hugga mig með því að strjúka mér en mér finnst öll snerting óþægileg.

Sama hvað læknirinn sagði, þá getur þetta ekki verið eðlilegt. Við ákveðum að hringja í lækni sem kemur og tvístígur yfir mér og afræður loks að senda mig með sjúkrabíl á spítala. Þegar þangað er komið ganga hlutirnir hægt. Blóðþrýstingurinn er mældur, blóðprufa tekin og mér gefin aumingjaleg panodyl. Reyndar eru verkirnir aðeins farnir að hjaðna þegar þarna er komið sögu enda langt liðið á daginn. Ég er dauðuppgefin og dorma þar sem ég ligg á bekknum. Loks er okkur tjáð að ekkert finnist að mér og okkur bent á að fara niður á kvennadeild Landspítalans. Þar er ég skoðuð í sónar sem sýnir að ekkert sé að frekar en fyrri daginn og við erum send heim án nokkurra frekari ráðlegginga.

Í næsta verkjakasti ætla ég að vera heima og ekki eyða orkunni í tilgangslausa spítalaferð. Stundum vildi ég bara fá að deyja. Ekki af því að ég sé í grunninn þunglynd eða áhugalaus um lífið. Þessir stöðugu verkir og allt sem þeim fylgir er einfaldlega það slæmt að það er óbærilegt að lifa með því.

**Vika endómetríósu á Íslandi**

Á morgun hefst vika endómetríósu á Íslandi. Henni lýkur 1. mars með alþjóðlega gulu-boladeginum en á þeim degi er fólk hvatt til að sýna samhug og klæðast einhverju gulu sem er litur endómetríósu.

Endómetríósa/legslímuflakk er krónískur móðurlífssjúkdómur. Talið er að um 5% kvenna séu með sjúkdóminn. Meðalgreiningartími sjúkdómsins er sjö ár víðast um heim og er engin ástæða til að ætla að greiningartíminn sé styttri hér á landi. Algengt er að endó-konur fari lækna á milli í mörg ár í leit að sjúkdómsgreiningu og hjálp áður en greining fæst. Á meðan grasserar sjúkdómurinn og versnar og líðanin eftir því sömuleiðis.

> Fyrsta skrefið í átt að bata er að fá sjúkdómsgreiningu og þar með vita hvað er að.

Sjúkdómurinn á sér margar birtingarmyndir. Í vægum tilfellum finna konur engin einkenni hans meðan aðrar búa við krónískar kvalir með mikilli skerðingu lífsgæða. Sjúkdómurinn getur leitt til örorku og í einstaka tilvikum hafa fylgikvillar sjúkdómsins leitt til dauða. Um 30% af ófrjósemi og vanfrjósemi kvenna er talið mega rekja til endómetríósu.

Merki um endómetríósu geta meðal annars verið eitt eða fleiri af eftirfarandi einkennum: Miklir verkir við blæðingar, sársauki við þvaglát og/eða hægðir, sársauki við kynlíf og síþreyta. Sjúkdómurinn er aðallega meðhöndlaður með skurðaðgerðum og hormónagjöf sem geta gefið góða raun.

Kvensjúkdómalæknar, skólahjúkrunarfólk og heilbrigðisstarfsfólk, foreldrar, ættingjar, vinir og vinkonur, munið eftir sjúkdómnum endómetríósu og vísið konu með ofangreind einkenni til Samtaka um endómetríósu. Það gæti bjargað henni frá margra ára þrautagöngu. Fyrsta skrefið í átt að bata er að fá sjúkdómsgreiningu og þar með vita hvað er að.

Heimasíða: www.endo.is.
Netfang: endo@endo.is.
Facebook: Samtök um endómetríósu.

# „Maladomestica 10 punktar“

Samfélagsmál



Jón Baldvin Hannibalsson
fv. ráðherra

Blaðamaður hringdi og sagðist hafa fyrir því heimildir að á morgun (23. feb. '12), birtist viðtal í Nýju lífi, þar sem ég væri borinn alvarlegum sökum um meinta „kynferðislega áreitni“ við stúlku í fjölskyldu okkar Bryndísar.

Ég baðst undan að svara óséðum ásökunum, en sendi ritstjóra Nýs lífs tölvupóst og krafðist þess að fá að sjá sakarefni, fyrir birtingu; og að fá ráðrúm til að svara í sama tölublaði. Það ber að mínu viti ekki vott um að sanngirni hafi verið höfð að leiðarljósi við undirbúning málsins af blaðsins sjálfu, fyrst ekkert var sannreynt með því að gefa hinum ákærða kost á að bera hönd fyrir höfuð sér.

Við nánari umhugsun er það mín niðurstaða að mér sé ekkert að vanbúnaði að upplýsa málið að óséðum kæruatriðum. Hér er um að ræða fjölskyldubö l, sem illu heilli hefur eitrað andrúmsloftið innan stórfjölskyldu okkar Bryndísar í meira en áratug. Það er álitamál, hvert erindi fjölskylduböl á við almenning í gegnum fjölmiðla. En úr því að Guðrún Harðardóttir (systurdóttir Bryndísar) hefur kosið að fara þá leið meira en áratug eftir að málsatvik urðu, verður að taka því.

Ég ætla að byrja á því að játa á mig sök. Ekki um kynferðislega áreitni – kærur um slíkt hafa verið bornar fram í tvígang og verið vísað á bug jafnharðan. En ég gerði mig sekan um dómgreindarbrest, sem lýsir sér í því að hafa orðið við tilmælum Guðrúnar Harðardóttur um að efna til bréfaskrifta við hana, sem aldrei skyldi verið hafa. Hún var skiptinemi í Venesúela, á 17da aldursári. Ég sendi henni bók eftir Vargas Llosa (sem fékk reyndar bókmenntaverðlaun Nóbels í fyrra ) og bréf með. Sagan er dæmisaga um samskipti Norður-Suður Ameríku. Bók og bréf eru á köflum erótísk. Sjálfur hefur höfundurinn kallað bók sína „Erópólitíska“. Þetta bréf lýsir dómgreindarbresti mínum því að bréfið átti ekkert erindi við viðtakandann. Þetta hefur dregið dilk á eftir sér innan fjölskyldunnar og valdið þar óvild og jafnvel sorgarviðbrögðum árum saman. Ég hef ítrekað beðist fyrirgefningar á því – og endurtek þá afsökunarbeiðni hér með einu sinni enn.

Kynferðisafbrot eru einatt þess eðlis að reynt er að hylma yfir þau og þagga þau niður innan fjölskyldna. Þetta mál snýst ekki um kynferðisafbrot af neinu tagi, svo sem staðfest er af réttarkerfinu. Það snýst um bréfasendingar milli lífsreynds manns og óþroskaðrar stúlku, þar sem bréfritarinn hefur ítrekað beðist afsökunar á dómgreindarbresti og boðist til að gera allt sem í hans valdi stendur til að bæta fyrir glöp sín. Ég hef boðist til að bera fram afsökunarbeiðni við fjölskyldu Guðrúnar Harðardóttur og að ræða málið við hvern þann, sem fjölskyldan kýs sér til fulltingis, sálfræðinga, félagsráðgjafa eða milligöngumenn innan fjölskyldunnar.

Hér ríkir engin afneitun, engin þöggun og ekkert leyndarpukur. Hin umdeildu bréf hafa verið fjölfölduð og send til umfjöllunar fleiri sáttaaðilum en tölu verður á komið, innan og utan fjölskyldunnar. Fyrir nú utan þau afrit sem gengið hafa manna í millum í leynd og pukri. Allt án árangurs. Spurningin er: Hvaða erindi á þetta fjölskyldubö l við almenning? Er einhver að nokkru bættari? Enginn er dómari í sjálfs sín sök. Ég læt því öðrum eftir að dæma um það.

Fyrir jólin 2005 vildi Guðrún Harðardóttir láta á það reyna fyrir dómi, hvort þessi sendibréf gætu flokkast undir kynferðislega áreitni. Lögreglukæru var vísað frá sem tilefnislausri. Í ársbyrjun 2006 mælti saksóknari ríkisins fyrir um frekari rannsókn, sem stóð í hálft annað ár. Rannsóknarefnið var, hvort fyrir því fyndist lagabókstafur í Venesúelu (þar sem viðtakandi var skiptinemi) eða í BNA (þar sem bréfritari þá bjó), að einkabréf milli fullveðja einstaklinga teldust refsivert athæfi að lögum. Því var vísað frá. Um lögfræðilega hlið málsins þarf því ekki að deila.

Heimilisbölið er þyngra en tárum taki eins og Brynjólfur biskup komst að orði á sinni tíð. Öllum verður okkur á í lífinu. Öll þurfum við einhvern tíma á fyrirgefningu að halda. Ég harma það alla daga að hafa valdið fólki sem mér þykir vænt um í minni nánustu fjölskyldu sárindum og hugarangri að ósekju. Ég hef viðurkennt mína sök og beðist fyrirgefningar. Nú, þegar fjölskylduraunir hafa verið bornar á torg, endurtek ég afsökunarbeiðni mína hér með opinberlega. Réttarkerfið hefur kveðið upp sinn dóm, nú hefur málið verið lagt í dóm almenningsálitsins. Þeim dómi verða allir að hlíta.

# Samkeppnislög skipta miklu máli á flugmarkaði

Samkeppnislög



Páll Gunnar Pálsson
forstjóri Samkeppniseftirlitsins

Þann 9. febrúar sl. féll dómur í Hæstarétti Íslands þar sem staðfest er að Icelandair hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína á flugleiðinni milli Keflavíkur og Kaupmannahafnar. Var félagið dæmt til að greiða 80 m.kr. í sektir. Um var að ræða kynningu og sölu á svokölluðum Netsmellum, sem stóðu viðskiptavinum Icelandair til boða á árinu 2004. Héraðsdómur hafði áður staðfest niðurstöðu samkeppnisyfirvalda um brot Icelandair en fellt niður sektir.

Dómur Hæstaréttar felur í sér mikilvægt fordæmi. Hann er staðfesting þess að markaðsráðandi aðili í farþegaflugi verður að gæta sín vel á því að hindra ekki aðgang að markaðnum með kynningu og verðlagningu á flugfargjöldum.

Jafnframt er staðfest sú meginregla að sektir skuli liggja við brotum á bannreglum samkeppnislaga. Horfði Hæstiréttur einnig til þess að Icelandair hafði áður brotið sama bannákvæði.

**Samkeppnisyfirvöld hafa ítrekað gripið inn í samkeppnishömlur á flugmörkuðum**

Engum vafa er undirorpið að samkeppnisaðstæður á flugmarkaði skipta atvinnulíf og almenning í þessu landi miklu máli. Fyrrgreindur dómur fjallar um eitt af allmörgum málum þar sem samkeppnisyfirvöld hafa gripið inn í samkeppnishamlandi aðstæður á flugmörkuðum.

Í tvígang hafa samkeppnisyfirvöld gripið inn í undirverðlagningu Icelandair, í fyrra skiptið árið 2003 og í það síðara með ákvörðun árið 2007. Seinna málið endaði með fyrrgreindum Hæstaréttardómi.

Í nokkur skipti hafa samkeppnisyfirvöld gripið til aðgerða vegna flugafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli. Nægir að nefna háar sektir á Flugþjónustuna á Keflavíkurflugvelli (IGS), fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu við afgreiðslu farþegaflugvéla og nýleg fyrirmæli til IGS ehf. um að ganga til samninga við Cargo Express ehf. um fraktafgreiðslu, en því hafði verið neitað um slíka samninga. Árið 2000 var fyrirmælum beint til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. um að semja við flugafgreiðslufyrirtækið Vallarvini um nauðsynlega aðstöðu til innritunar og farþegaþjónustu, en flugstöðin hafði hafnað slíku.

Þá hefur Samkeppniseftirlitið beitt sér gagnvart flugmálayfirvöldum til að liðka fyrir samkeppni. Nægir að nefna að í fyrra beindi Samkeppniseftirlitið bindandi fyrirmælum til Flugmálastjórnar um að breyta verklagi sínu við veitingu flugréttinda með það að markmiði að auka samkeppni í flugi til og frá Íslandi.

Nánar er fjallað um þessar og fleiri aðgerðir í pistli nr. 1/2012, sem birtur er á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins.

**Aðgerðirnar hafa skilað árangri**

Um þessar mundir bjóða tvö flugfélög upp á flugsamgöngur til og frá Íslandi allan ársins hring. Þriðja félagið hefur boðað starfsemi. Fleiri flugfélög bjóða auk þess upp á árstíðabundna þjónustu. Ein forsenda þessa er að flugfélög hafa val um flugþjónustufyrirtæki auk þess sem þjónusta flugmálayfirvalda er smátt og smátt að færast til betri vegar. Í þessu felst mikil breyting á fáum árum, frá því að eitt flugfélag réði lögum og lofum og naut til þess ýmiss konar stuðnings yfirvalda.

Þessa breytingu má að miklu leyti þakka þeim sem sáu tækifæri til þess að bjóða upp á nýja valkosti og höfðu kjark til að hrinda þeim í framkvæmd. Jafnljóst er að þær tilraunir hefðu í mörgum tilvikum mistekist, ef samkeppnislaganna hefði ekki notið við og þeim fylgt eftir.

Margt er hins vegar óunnið. Nefna má að í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2008, Öflug uppbygging – Opnun markaða og efling atvinnustarfsemi, er m.a. fjallað sérstaklega um flugmarkaði, bent á ýmsar aðgangshindranir inn á þessa markaði og leiðir til að ryðja þeim úr vegi.

**Samkeppnislögin vernda samkeppni en ekki alltaf einstaka keppinauta**

Hæstaréttardómur sá sem gerður var að umtalsefni hér í upphafi markar endalok á mjög langri meðferð málsins hjá Samkeppniseftirlitinu og dómstólum. Málið er raunar gott dæmi um það hversu hart er oft tekist á um úrlausnir samkeppnismála og hversu flókin þau geta verið.

Þessi langa málsmeðferð leiðir jafnframt hugann að því að úrlausnir samkeppnisyfirvalda koma ekki alltaf kvartandanum sjálfum að fullum notum, þótt sem betur fer séu til fjölmörg dæmi um að þær hafi komið í veg fyrir að keppinautar hafi hrökklast út af markaðnum.

Skiljanlegt er að keppinautur sem kvartar til samkeppnisyfirvalda vilji skjóta úrlausn máls. Staðreyndin er hins vegar sú að samkeppnislöggjöfin og framkvæmd hennar beinist ekki að því að bjarga fyrirtækjum frá hvers konar tjóni af samkeppnishindrunum, heldur því að stöðva brot og skapa til framtíðar bætt samkeppnisumhverfi, efnahagslífinu og almenningi til hagsbóta.

Á hinn böginn getur endanleg niðurstaða í samkeppnismálum verið keppinautum tilefni til þess að sækja bætur á hendur því fyrirtæki sem braut samkeppnislögin og bakaði þeim tjón.





**MosiDesign.nl** er ný hollensk sölusíða með íslenskri hönnun. Þar er meðal annars að finna skart frá Hring eftir hring og Stássi, tréslaufur eftir Guðmund Jón Stefánsson og ýmiss konar íslenska vöruhönnun.




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457


STÓR FLOTTUR



teg MAGGIE - með sérstaklega gott hald fyrir þung brjóst, fæst frá 36-42 í skálum E,F,FF,G,GG,H,HH,J,JJ á kr. 10.985,- glæsilegar buxur frá M-4xl á kr. 4.750,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur

Eirberg



Verð: 6.950 kr.

Skrefamælir

Sýnir vegalengd orkunotkun og tíma • Skynjar hröðun

Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



Vorum að opna í dag með fulla verslun af nýrri vorvöru!

hjá Hrafnhildi

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Vertu vinur okkar á facebook

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16


**Haust og vetrarlína Ingvars Helgasonar og Suzanne Ostwald fékk frábærar viðtökur í New York.**

# *Tóku tískuvikuna með trompi*



Þetta er ótrúlega spennandi. Við bjuggumst ekki við slíkri umfjöllun enda mikið að gerast á tískuvikunni og fjöldi ungra hönnuða að gera það sama og við. Þetta er fyrsta línan sem við sýnum á tískuviku,“ segir Ingvar Helgason fatahönnuður en nýjasta lína hans og Susanne Ostwald, fékk feykigóðar viðtökur á tískuvikunni í New York í síðustu viku.

Meðal annars mátti lesa á Style.com að Ostwald Helgason hafi komið hvað mest á óvart þetta sýningarkvöld og fylgjast ætti með þeim í framtíðinni. Á Style Bubble.co.uk voru þau sögð hafa farið af stað með hvelli og WWD sagði sýninguna „stjörnu frumraun“. Þá var farið fögrum orðum um línuna á Vogue.com og sagt að þau sigldu af stað með vind í seglunum.

Ingvar og Suzanne hófu samstarf árið 2008 og reka vinnustofu í London. Milk Studios í London valdi þau í hóp ungra hönnuða sem fyrirtækið styrkir til þátttöku í tískuvikunni í New York.

;FRAMHALD | 2


Gerið gæða- og verðsamanburð

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning.
Tveir stífleikar.
**Verðdæmi á Queen 153x203 cm á íslenskum botni**
**179.900 kr.**



12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Svefn & heilsa ★★★★★

www.svefn.is

**Þátturinn Orð skulu standa er á fjölum Þjóðleikhúskjallarans á fimmtudagskvöldum. Þar velta keppendur fyrir sér meiningu orða, ljóða og orðatiltækja og bresta í söng eða grín þess á milli.**



**LEIKKONA OG LIÐSSTJÓRI** Ótrúlega oft er hægt að ramba á rétt svar en gerist það ekki þá skiptir það heldur engu máli," segir Sólveig Arnarsdóttir um þátttökuna í þættinum Orð skulu standa í Þjóðleikhúskjallaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Formið hefur lítið breyst frá því þátturinn var í útvarpinu. Hann býður sem fyrr upp á heilabrot og bollaleggingar um íslenskt mál. Nú er hann bara með áhorfendum sem ósjálfrátt fara að glíma við gáturnar enda eru þeir allir með blöð og penna." Þannig lýsir Sólveig Arnarsdóttir leikkona fyrirkomulagi sýningarinnar Orð skulu standa í Þjóðleikhúskjallaranum.

Hún er þar liðsstjóri ásamt Guðmundi Steingrímssyni alþingismanni og í hverri viku fá þau með sér nýja og nýja keppendur. Stjórnandinn er Karl Th. Birgisson og við píanó situr Pálmi Sigurhjartarson því að sögn Sólveigar er tónlist orðin fastur liður í dagskránni. En taka gestir í sal bara þátt í skemmtuninni í eigin hugskoti eða eru þeir til einhvers gagns fyrir keppendur?

„Í Þjóðleikhúskjallaranum situr fólk við borð með kertaljós og veitingar og stundum verður til spjall á milli salar og sviðs en það er enginn þvingaður til að vera með. Fólk er oft hrætt við að vera drifið upp á svið til að gera eitthvað sniðugt, þetta er ekkert þannig. En fólk hefur alveg möguleika á því að taka þátt og í salnum er alltaf einhver klárari en við á sviðinu. Svo fá gestir í salnum líka spurningar og sá sem er fyrstur að leysa þrautina fær veglega gjöf."

Margir af fremstu listamönnum þjóðarinnar hafa verið meðal keppenda, að sögn Sólveigar, og gera sitt til að létta lund gesta. Í síðustu viku voru Eva María Jónsdóttir dagskrárgerðarkona og Ari Eldjárn uppistandari og í kvöld verða Þórunn Lárusdóttir leikkona og Karl Sigurðsson Baggalútur.

Sólveig kveðst alin upp við tiltölulega gott og kjarnyrt mál og hafa alla tíð lesið mikið, segist þó ekki vera neitt íslenskunörd – eins og Davíð Þór sem hafi ótrúlega þekkingu á tungunni. „En íslenskt mál er svo ríkt og getur verið endalaus uppspretta vangaveltna," bendir hún á. Hún segir ógerning að lesa sér til fyrir þáttinn. „Ég gluggaði reyndar aðeins í skólaljóðin til að rifja upp helstu höfundana okkar," viðurkennir hún. „En orðin sem hann Kalli dregur upp úr hatti sínum hefur yfirleitt ekki nokkur maður heyrt svo listin gengur út á að finna einhvern punkt í þeim og spinna sig áfram. Ótrúlega oft er hægt að ramba á rétt svar en gerist það ekki þá skiptir það heldur engu máli. Þessi kvöldstund gengur ekki út á það hver veit mest, það eru engin stig talin og annað liðið stendur aldrei uppi sem sigurvegari kvöldsins heldur er um hreina gleðistund að ræða."

gun@frettabladid.is



INNKÖLLUN Á VÖRU
Okkur hefur borist tilkynning um að rjómasprauta með vörunúmeri 170297230 af gerðinni Excellent Houseware 1L sem var seld í verslunum okkar sumarið 2011 geti verið hættuleg neytendum. Við hvetjum viðskiptavini okkar að hætta notkun á henni strax og skila til næstu verslunar okkar gegn fullri endurgreiðslu. Þökkum sýndan skilning.
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ


# Ástarglóð í taktföstum tómleika

Leikhús ★★★☆☆

**Sjöundá**

Leikhópurinn Aldrei óstelandi sýnir í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu

**Leikgerð:** Marta Nordal, Edda Björg Eyjólfsdóttir auk leikhópsins **Leikmynd og lýsing:** Egill Ingibergsson **Búningar:** Helga I. Stefánsdóttir **Myndefni:** Bergsteinn Björgúlfsson **Dans og hreyfingar:** Marta Nordal **Tónlist:** Stefán Már Magnússon **Leikarar:** Sveinn Ólafur Gunnarsson, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Harpa Arnardóttir, Leikstjóri: Marta Nordal.



**SJÖUNDÁA** Yfirheyrslur eru uppistaðan í verkinu.

Leikritið Sjöundá var frumsýnt í Kúlunni, minnsta leikrými Þjóðleikhússins, síðastliðið föstudagskvöld. Að því stendur leikhópurinn Aldrei óstelandi sem fékkst við Fjalla-Eyvind síðasta vetur og heldur þannig áfram að gera sér mat úr íslenskum örlagasögum. Fjórar vesælar mannverur á hjara veraldar steyptu hver annarri í glötun á Sjöundá. Flestir kannast við frásögnina af afspurn og eins úr sagnaminninu í Svartfugli Gunnars Gunnarssonar. Marta Nordal leggur upp með svipaða vinnuaðferð og hún notaði í hinni góðu sýningu um Fjalla-Eyvind, það er að láta útvarpsraddir leiða okkur inn í leikmyndina, mála upp fyrir okkur umhverfið. Þetta gerði Gunnar Gunnarsson hér, þar sem hann af bandi lýsti því umhverfi sem við honum blasti af sjó, þá er hann barði grónar rústir þessa örreytiskots augum. Síðan var mynd af ströndinni varpað upp á tjald að baki leikaranna og margar slíkar birtust meðan á verkinu stóð.

Textinn var byggður á spuna unnum úr Svartfugli og eins klipptar inn glefsur úr Galdra-Lofti en yfirheyrslur voru einmitt aðaluppistaðan í verkinu. Tvenn hjón á sömu þúfu. Jón á Steinunni og Bjarni á Guðrúnu. Eitthvað á þetta fólk af börnum en nærvera þeirra er engin í verkinu hér, raunar aðeins minnst á þau í eitt sinn þegar Jón er að tala um vanlíðan sína og löngun til þess að komast á brott frá þessum stað. Steinunn og Bjarni fella ekki aðeins hugi saman heldur verða hreinlega svo heltekin af hvort öðru að samviskan og skynsemin yfirgefur þau og allt gengur út á að koma hinum tveimur fyrir kattarnef.

Edda Björg Eyjólfsdóttir lék Steinunni og Sveinn Ólafur Gunnarsson fór með hlutverk Bjarna. Sú brennandi erótík og óslökkvandi löngun sem stjórnaði gjörðum þeirra kemst hér heldur illa til skila því nálgun þeirra er allan tímann svo vélræn. Það var fremur eins og verið væri að lýsa kynlífsfíklum heldur en undirliggjandi mögnuðum ástríðum. Leikstjórinn velur þá leið að leysa leikinn upp í einhvers konar óskilgreindum dansi og voru þau atriði heldur kauðsleg þar sem hin kattliðuga Harpa Arnardóttir var í raun og veru sú eina sem réði við þessa titrandi skjálfandi tjáningu. Harpa var líka á allan hátt hreint frábær í hlutverki Guðrúnar sem smám saman breyttist í vofu og engu líkara en að hún yrði græn í framan. Hinir leikararnir skiluðu hlutverkum sínum ágætlega, einkum Stefán Hallur í argandi hlutverki yfirvaldsins. Loks má þess geta að tónlistin og hljóðmyndin öll sem Stefán Már Magnússon er skrifaður fyrir var hrífandi.

Elísabet Brekkan

**Niðurstaða:** Heldur endurtekningarsöm leikgerð á Svartfugli en þó nokkuð af góðum lausnum. Harpa Arnardóttir er stjarnan í annars ágætlega leikinni sýningu.




# Vetrarseðill Hann & Hún

*Gallery Restaurant*

**Matreiðslumenn Gallery Restaurant hafa sett saman matseðla sem höfða til mismunandi bragðlauka kynjanna. Það er gaman að finna hvað kitlar bragðlaukana hjá hvoru kyni – svo kemur mismunandi smekkur til sögunnar. Hvor hentar þínum bragðlaukum?**



## Hún

*Lystauki - Saffrankrydduð kræklingasúpa og appelsínur*

*Túnfiskur á tvo vegu ásamt mangó og agúrkusalati, þeyttri kókosmjólk og lime*

*Kjúklingabringa undir kóríanderhjúp ásamt steiktum humarhala, snjóbaunum og asíukryddaðri appelsínusósu*

*Valrhona „Gianduja" með ástaraldinkaramellu, sítruskremi í sætu röri og gleymdi ísinn*

*5.900.-*



## Hann

*Lystauki - Humarsúpa Gallery Restaurants með marineruðum humri*

*Saltfiskur og parmaskinka ásamt sultuðum tómötum og nýrakaðri fenniku*

*Rib-eye steik - 12 daga „Premier Cru" með stökkum Belgískum kartöflum og Béarnaise- eða rauðvínssósu*

*Kirsuberjatoppar í súkkulaðihrauni, hindberja ískrap og frosið vanillukrem*

*5.900.-*

# Helgar „Roast"

## Alla laugardaga og sunnudaga frá kl. 11.30

**Helgarsteik mánaðarins:**

*Úrval forrétta þar sem hver velur fyrir sig*

*Heilsteikt nauta rib-eye með innbökuðum gratineruðum kartöflum í smjördeigi ásamt Pipar- og Béarnaisesósu*

*Kirsuberjatoppar í súkkulaðihrauni, hindberja ískrap og frosið vanillikrem*

*3.500.-*



Nýr Helgar „Roast" mánaðarlega

Gallery Restaurant - Hótel Holti · Bergstaðastræti 37 · 101 Reykjavík · 552 5700 · gallery@holt.is · www.holt.is

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

20% afsláttur

698 kr. kg
ÍM ferskur kjúklingur

1998 kr. kg
Verð áður ~~2498~~ kr. kg
ÍM ferskar kjúklingabringur

# KJÚKLINGAVEISLA!

1198 kr. kg
Kjúklingur með lime og rósmarín

798 kr. kg
Tandoori kjúklingur

2298 kr. kg
ÍM kjúklingalundir

20% afsláttur

698 kr. kg
Verð áður ~~899~~ kr. kg
ÍM kjúklingaleggir

598 kr. kg
ÍM kjúklingabitar

798 kr. kg
ÍM kjúklingalæri

1198 kr. stk.
Grillaður kjúklingur

398 kr. pk.
Holta kjúklingaborgarar, 2 stk. í pk

25% afsláttur

498 kr. fatan
Verð áður ~~698~~ kr. kg
BBQ og Buffalo kjúklingavængir í fötu

GJAFAKORT KRÓNAN

Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is

EXPO • www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

# LAMBALÆRI – fyrir þig og þína!

FRÁBÆRT VERÐ!

**1498** kr. kg

Lambalæri, þú velur: ókryddað, með kryddjurtum, hvítlauks og rósmarín, New york eða trönuberja og epla marineringu

**299** kr. pk.
H&G klettasalat

**318** kr. kg
Spergilkál

**296** kr. kg
Tómatar í lausu

30% afsláttur

**412** kr. kg
Verð áður ~~589~~ kr. kg
Hass avocado, full þroskað, í neti

20% afsláttur

**389** kr. kg
Verð áður ~~490~~ kr. kg
Lime

**240** kr. kg
Bananar

8 kg

**2499** kr. pk.
Neutral þvottaefni, 8 kg

**319** kr. stk.
Colgate Total tannkrem, margar teg., 75 ml

12 í pk.

**999** kr. pk.
Lambi WC pappír, 12 stk. í pk.

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is




## > Í SPILARANUM

**Bruce Springsteen** - Wrecking Ball
Muck - Slaves
**Emeli Sandé** - Our Version of Events
Burial - Kindred EP

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Blunderbluss frá White

Fyrsta sólóplata Jacks White, fyrrum forsprakka The White Stripes, nefnist Blunderbluss og kemur út 24. apríl. Fyrsta smáskífulagið, Love Interruption, er komið út en þar syngur White dúett með söngkonunni Ruby Amanfu sem fæddist í Gana en býr í Nashville. Lagið er lágstemmt og undir áhrifum sveitatónlistar. Það þykir meira í anda hliðarverkefnis White, The Raconteurs, heldur en The White Stripes.

Meðal annarra laga á plötunni eru Missing Pieces, Freedom at 21 og Hypocritical Kiss.

White segist ekki hafa getað gefið út plötuna fyrr en núna. „Ég hef frestað því að gefa út plötur undir eigin nafni í langan tíma vegna þess að þessi lög eru þannig gerð að einungis ég hefði getað gefið þau út,“ sagði White. Til að kynna plötuna kemur White fram í sjónvarpsþættinum Saturday Night Live 3. mars.



**FYRSTA SÓLÓPLATAN** Jack White gefur út sína fyrstu sólóplötu í apríl.



## > PLATA VIKUNNAR

**Low Roar** - Low Roar

★★★★

„Kaliforníumaðurinn og Reykvíkingurinn Ryan Karazija með firnasterka frumsmíð.“ - TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Tími tónlistarverðlaunanna*

Nú er tími tónlistarverðlaunanna. Íslensku tónlistarverðlaunin verða afhent í Hörpu í næstu viku, Brit-verðlaunahátíðin var á þriðjudagskvöldið og Grammy-verðlaunin fyrir nokkrum dögum. Hér á Íslandi eru verðlaunaflokkarnir um tuttugu og finnst sumum nóg um. Það er þó ekkert miðað við Grammy-flokkana sem eru 78 talsins. Það skal samt viðurkennt að markaðurinn er aðeins stærri vestanhafs…



**HEITUR** Skrillex fékk þrenn Grammy-verðlaun.

Það eru að sjálfsögðu veitt Grammy-verðlaun fyrir bestu lög og plötur í mörgum flokkum, en líka fyrir ýmislegt annað, t.d. upptökustjórn og hljóðblöndun. Sem dæmi má nefna að plata Bookers T. Jones, The Road From Memphis, var valin besta instrúmental poppplatan, Tassili með Tinariwen besta heimstónlistarplatan, samnefnd plata Bon Iver besta jaðartónlistarplatan og Paper Airplane með Alison Krauss og Union Station besta blúgrass-platan. Endurútgáfurnar voru líka verðlaunaðar: Viðhafnarútgáfan af Darkness on the Edge of Town með Bruce Springsteen fékk verðlaun fyrir besta endurútgáfupakkann, Band on the Run með Wings var valin besta sögulega platan og texti Adams Machado um blús í San Francisco-flóa á sjöunda áratugnum var valinn besti plötutextinn…

Einn af sigurvegurum kvöldsins á Grammy-hátíðinni var hinn 24 ára gamli Sonny John Moore, sem kallar sig Skrillex. Hann fékk þrenn verðlaun. Besta danstónlistarlagið (Scary Monsters & Nice Sprites), besta raftónlistarplatan (S.M. & N.S.) og besta endurgerðin (remix) fyrir lagið Cinema með Benny Benassi.

Skrillex byrjaði í bransanum árið 2004 sem meðlimur í hljómsveitinni From First to Last. Hann gerði fyrstu EP-plötuna sem Skrillex árið 2010 (My Name Is Skrillex) og verðlaunaplatan Scary Monsters & Nice Sprites kom út í árslok það ár. Það er líka EP-plata, en fyrsta platan hans í fullri lengd, Voltage, er væntanleg fljótlega.

Tónlist Skrillex er hreinræktuð partítónlist, enda hafa vinsældir hans aukist mikið undanfarið. Á Facebook eru þegar tvær íslenskar síður með nafninu „Við viljum Skrillex til Íslands“.



**Á UPPLEIÐ** Tónlistarmaðurinn Ed Sheeran er á mikilli uppleið í tónlistarbransanum. Hann hlaut tvenn Brit-verðlaun á dögunum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hugljúfur og harðduglegur

**Popparinn Ed Sheeran hlaut tvenn Brit-verðlaun á dögunum. Fyrsta sólóplatan hans náði efsta sæti breska vinsældalistans.**

Ed Sheeran er ungur enskur tónlistarmaður sem hefur slegið í gegn í Bretlandi að undanförnu með hugljúfu poppi og hlýlegri rödd sinni. Honum hefur verið líkt við John Mayer, Damien Rice og James Morrisson og er talinn eiga framtíðina fyrir sér.

Brit-tónlistarverðlaunin voru haldin í Bretlandi á þriðjudagskvöld og þar var Sheeran tilnefndur til flestra verðlauna, eða fernra. Á endanum hlaut hann tvenn verðlaun, sem besti breski nýliðinn og besti breski tónlistarmaðurinn. Aðrir tilnefndir í síðarnefnda flokknum voru engir aukvisar, eða Noel Gallagher, James Morrison, James Blake og Professor Green.

Sheeran fæddist í Halifax á Englandi árið 1991. Ungur að aldri lærði hann að spila á gítar og semja lög. Fyrsta EP-platan hans, The Orange Room, kom út 2005 þegar hann var einungis fjórtán ára. Fleiri stuttskífur fylgdu í kjölfarið og árið 2008 flutti Sheeran til London til að einbeita sér að spilamennsku. Hann var sérlega duglegur og spilaði nánast upp á hvern einasta dag.

Þessi kraftur skilaði sér því smám saman fór hann að vekja athygli og stuttskífan Loose Change sem kom út 2009 þótti vel heppnuð. Hann hætti hjá útgáfufyrirtæki sínu og flaug til Los Angeles þar sem hann vakti áhuga leikarans og tónlistarmannsins Jamie Foxx þegar hann spilaði á staðnum hans The Foxxhole. Aðdáendahópur Sheerans hélt áfram að vaxa með hjálp Youtube og árið 2010 gaf hann sjálfur út tvær stuttskífur sem fengu góðar viðtökur og aðra til viðbótar árið eftir.

Útsendarar frá útgáfunni Asylum/Atlantic Records gerðu við hann samning og síðasta sumar kom fyrsta smáskífulagið hans út, The A Team, sem fór beint í þriðja sæti breska vinsældalistans.

Fyrsta hljóðversplatan, You Need Me, kom svo út í september og náði hún efsta sætinu í Bretlandi. Sheeran er á leiðinni í stóra tónleikaferð um Evrópu og Bandaríkin sem hefst 3. mars í Ósló. Í Bandaríkjunum hitar hann upp fyrir bresku hljómsveitina Snow Patrol.

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 16. febrúar - 22. febrúar 2012

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Of Monsters And Men | Lakehouse |
| ▶ | 2 | The Black Keys | Lonely Boy |
| ▶ | 3 | Retro Stefson | Qween |
| ▲ | 4 | Valdimar Guðm. / Helgi Júlíus | Stöndum saman |
| ✱ | 5 | Magni | Hugarró |
| ✱ | 6 | Blár ópal | Stattu upp |
| ▲ | 7 | Foster The People | Call It What You Want |
| ▼ | 8 | Lana Del Rey | Born To Die |
| ▲ | 9 | Kelly Clarkson | Stronger |
| ✱ | 10 | Greta Salóme / Jónsi | Mundu eftir mér |

## TÓNLISTINN

Vikuna 16. febrúar- 22. febrúar 2012

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ýmsir | Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012 |
| ▶ | 2 | Mugison | Haglél |
| ▶ | 3 | Of Monsters And Men | My Head Is An Animal |
| ▲ | 4 | Adele | 21 |
| ▲ | 5 | Leonard Cohen | Old Ideas |
| ▼ | 6 | Ýmsir | Einu sinni var / Út um græna grundu |
| ▼ | 7 | Valgeir Guðjónsson | Spilaðu lag fyrir mig |
| ▲ | 8 | Sigurður Guðm. og Sigríður Thorl. | Ásamt Sinfó |
| ▲ | 9 | Friðrik Karlsson & María Ellingsen | Jóga |
| ▼ | 10 | Paul McCartney | Kisses On The Bottom |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is


# Opið hús í Tónlistarskóla FÍH



**Í tilefni Dags Tónlistarskólanna laugardaginn 25. febrúar n.k. verður opið hús í Tónlistarskóla FÍH að Rauðagerði 27 frá kl. 14:00 – 16:00.**

Gestum og gangandi er boðið að koma og skoða skólann, hlýða á tónlist og njóta léttra veitinga.

Boðið verður upp á fjölbreytta efnisskrá samspilsbanda, söng- og einleiksatriða sem í gangi verða í tveimur sölum skólans samtímis.

**Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir**







Kynntu þér bílafjármögnun Landsbankans.
landsbankinn.is 410 4800

Verð aðeins 3.690.000 kr. eða **29.947 kr.** í 84 mánuði miðað við grænan bílasamning og uppítöku á bíl að verðmæti 1.810.000 kr.* Árleg hlutfallstala kostnaðar aðeins 9,35%. Nánari upplýsingar á landsbankinn.is.

**Frítt í stæði**

## *Citroën C4 Comfort sjálfskiptur dísilbíll*

# Sparneytnasti bíllinn!

Sjáðu nýjan sjálfskiptan Citroën C4 Comfort með ótrúlega sparneytinni og visthæfri dísilvél. Hann notar aðeins 3,5l/100km og losar aðeins 98g $CO_2$/km. Þetta þýðir að hann er sparneytnasti bíllinn í sínum flokki á Íslandi í dag. Í nýjum Citroën C4 Comfort sameinast glæsileg hönnun, áreiðanleiki, ríkulegur búnaður og hagkvæmni í rekstri. Þetta er bíll fyrir hugsandi fólk með góðan smekk.

Brimborg auðveldar þér kaupin, uppítaka og græn fjármögnun. Landsbankinn býður lægri vexti og ekkert lántökugjald fyrir græna bíla sem losa minna en 120g $CO_2$/km. Komdu líka með gamla bílinn og settu hann uppí nýjan Citroën. Tökum við öllum tegundum bíla. Komdu í Brimborg, Bíldshöfða 8. Mátaðu þig í frönsku umhverfi. Sjáðu sparneytinn Citroën C4 Comfort.

*Kynntu þér franskan munað í Citroën C4 Comfort.*
**Meðal staðalbúnaðar er tvívirk tölvustýrð miðstöð með loftkælingu, ESP stöðugleikastýring, hraðastillir, start/stop spartækni, hiti í sætum, vindskeið, skyggðar rúður og fullkomin aksturstölva. 5 stjörnu öryggi í árekstrarprófum EuroNCAP.**

## *Sjáðu hönnun og gæði hjá Citroën í dag, Bíldshöfða 8:*

visthæf skref
með Brimborg

*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*



**Citroën C1 SX**
1,0 VTI bensín 68 hö.
5 dyra 5 gíra beinskiptur.
Eldsneytisnotkun 4,5 l/100 km.
Koltvísýringur $CO_2$ 103g/km.
***Sjáðu verðið: 2.090 þús. kr.***
Frítt í stæði



**Citroën C3 Seduction**
1,6 eHDi dísil 92 hö Airdream.
5 dyra 5 gíra beinskiptur.
Eldsneytisnotkun 3,6 l/100 km.
Koltvísýringur: $CO_2$ 93g /km.
***Sjáðu verðið: 2.890 þús. kr.***
Frítt í stæði



**Citroën C4 Comfort**
1,6 eHDi dísil 112 hö Airdream.
5 dyra 6 gíra sjálfskiptur.
Eldsneytisnotkun 3,8 l/100 km.
Koltvísýringur: $CO_2$ 98g /km.
***Sjáðu verðið: 3.690 þús. kr.***
Frítt í stæði.



**Citroën Berlingo Multispace**
1,6 HDi dísil 92 hö.
5 dyra 5 gíra beinskiptur.
Eldsneytisnotkun 5,3l/100 km.
Koltvísýringur: $CO_2$ 139g /km
***Sjáðu verðið: 3.450 þús. kr.***



**Citroën C5 Dynamique**
2,0 HDi dísil 163 hö.
4 dyra 6 gíra sjálfskiptur.
Eldsneytisnotkun 6,2 l/100 km.
Koltvísýringur: $CO_2$ 163g /km.
***Sjáðu verðið: 5.890 þús. kr.***

***Bonjour! Ráðgjafar Citroën taka vel á móti þér. Komdu í kaffi og upplifðu framúrskarandi þjónustu.***
***Komdu með gamla bílinn. Tökum allar tegundir uppí nýjan Citroën.***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | citroen.is

*Mánaðargreiðsla miðast við óverðtryggðan bílasamning Landsbankans til 84 mánaða. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Citroën.

### > ÁNÆGÐUR MEÐ CRAIG

Sam Mendes sem leikstýrir nýjustu Bond-myndinni, Skyfall, er mjög ánægður með Daniel Craig sem leikur njósnarann 007. „Mér fannst Casino Royale frábær. Daniel Craig var venjulegur maður í raunverulegum kringumstæðum,“ sagði Mendes, sem á að baki myndirnar American Beauty og Road to Perdition. „Þessi mynd minnti mig á þegar ég horfði á Sean Connery-myndirnar.“



# bíó

bio@frettabladid.is

# Hasarfull helgi með spennuívafi

Nýjasta mynd leikstjórans Stevens Soderbergh, Haywire, verður frumsýnd á morgun. Myndin fjallar um málaliðann Mallroy Kane sem vinnur ýmis verkefni sem yfirvöld loka augunum fyrir þar sem þau geta ekki heimilað þau, en vilja að þau séu unnin. Þegar Kane er svikin þarf hún að elta uppi þá sem sviku hana og fá þá til að segja sannleikann til að bjarga lífi sínu og fjölskyldu sinnar.

Nicholas Cage snýr aftur í hlutverki Johnny Blaze í kvikmyndinni Ghost Rider: Spirit of Vengeance sem verður frumsýnd á morgun. Blaze er enn þjakaður af bölvun kölska, en fær tækifæri til að losna undan bölvuninni og bjarga ungum dreng frá því að verða hýsill Satans.

Önnur Journey-myndin, The Mysterious Island, fjallar um Sean Anderson sem fer í leiðangur á smáeyju sem býr yfir miklum töfrum til að leita að afa sínum sem týndist þar. Dwayne Johnson, Michael Caine og Josh Hutcherson fara með aðalhlutverkin.

Austfirska spennumyndin Glæpur og samviska eftir Ásgeir Hvítaskáld verður einnig frumsýnd um helgina og á laugardaginn verður svo sýnd óperan Ernani eftir Verdi.



**STJÖRNUMYND** Myndin Haywire er stjörnum prýdd en auk Ginu Carano, sem leikur aðalhlutverkið, er þar að finna leikarana Ewan McGregor, Michael Douglas, Antonio Banderas, Bill Paxton, Channing Tatum og Michael Fassbender.

## KVIKMYNDARÝNI

**THIS MEANS WAR**

★★☆☆☆

Óvönduð útfærsla á ágætri hugmynd. Þolanleg í fluginu til Tenerife í sumar.

**SAFE HOUSE**

★★★☆☆

Mundu eftir eyrnatöppunum. Og sjóveikipillunum.

**EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE**

★★☆☆☆

Ekki alslæm mynd, en rembist ítrekað við að græta áhorfendur. Leikararnir halda þessu uppi.

**SHAME**

★★★★☆

Hugrökk mynd sem gleymist ekki í bráð.

**HUGO**

★★★★☆

Heillandi mynd fyrir börn og barnalegt fólk á öllum aldri. Ég skal glaður setja sjálfan mig í síðari flokkinn.



**DON CORLEONE** Marlon Brando sést hér í hlutverki sínu sem Don Corleone.

# Útgáfa „The Family Corleone“ kærð

**Kvikmyndaverið Paramount Pictures hefur kært Anthony Puzo, son rithöfundarins Mario Puzo, til að koma í veg fyrir útgáfu nýrrar bókar um Guðföðurinn, „The Family Corleone“. Kvikmyndaverið heldur því fram að það hafi keypt höfundarréttinn á skáldsögu Puzo um Guðföðurinn árið 1969 og að aðeins hafi verið samþykkt að gefa út eina framhaldssögu, „The Godfather Returns“ sem kom út árið 2004. Að sögn kvikmyndaversins er tilgangur kærunnar að „vernda heilindi og orðspor þríleiksins um Guðföðurinn“.**

# THE ARTIST TALIN SIGURSTRANGLEGUST

**Kvikmyndin The Artist er talin sigurstranglegust á Óskarsverðlaunahátíðinni, sem haldin verður í 84. skipti næstkomandi sunnudag í Kodak Theatre í Hollywood.**

The Artist hefur verið að raka inn verðlaunum að undanförnu. Hún kom, sá og sigraði á Golden Globe-hátíðinni fyrr í mánuðinum og þykir líkleg til sigurs í flestum þeirra tíu flokka sem hún er tilnefnd í. Myndin er þó ekki með flestar tilnefningar, því nýjasta mynd Martins Scorsese, Hugo, er tilnefnd í ellefu flokkum. Myndirnar The Help, Moneyball og War Horse fengu sex tilnefningar og The Descendants er með fimm. Mikill fjöldi tilnefninga þarf þó ekki endilega að skila sér í styttu, því skemmst er að minnast Óskarsverðlaunahátíðarinnar í fyrra, þar sem True Grit var tilnefnd til tíu verðlauna en hlaut engin.

Það er mjög áhugavert að myndirnar tvær sem fara inn í hátíðina með flestar tilnefningar eru báðar eins konar ástarbréf til „gömlu Hollywood“. The Artist er öll í svarthvítu, hún er næstum alveg þögul og í henni eru engir þekktir leikarar. Þetta er í fyrsta skipti í næstum áttatíu ár sem svarthvít mynd þykir líklegust til að taka heim Óskarinn fyrir bestu myndina, og fari svo verður það aðeins í annað skipti í sögu verðlaunanna sem þögul mynd stendur uppi sem sigurvegari en þögla myndin Wings vann þau verðlaun á fyrstu Óskarsverðlaunahátíðinni árið 1929.

Jean Dujardin hlaut Golden Globe-verðlaunin 2012 sem besti leikari í aðalhlutverki fyrir hlutverk sitt í The Artist, og þykir líklegur til að leika þann leik eftir á sunnudagskvöldið. Sömu sögu er að segja um Meryl Streep sem þykir sigurstrangleg fyrir túlkun sína á Margaret Thatcher í myndinni The Iron Lady. Streep hefur áður unnið til verðlaunanna tvisvar sinnum, árin 1979 og 1982 en hún á metið yfir flestar tilnefningar til Óskarsverðlauna fyrir leik, með alls 17 tilnefningar. Næst á eftir henni koma þau Katharine Hepburn og Jack Nicholson með tólf.

Gamli sjarmörinn Christopher Plummer er tilnefndur sem besti aukaleikarinn fyrir leik sinn í myndinni Beginners, og fari svo að hann hljóti Óskarinn verður hann elsti verðlaunahafinn í sögu hátíðarinnar. Jafnaldri hans, Max von Sydow, er einnig tilnefndur sem besti aukaleikarinn og á því líka möguleika á að vera elsti verðlaunahafinn. Jessica Tandy á nú metið, en hún var áttræð þegar hún hlaut Óskarinn fyrir leik sinn í myndinni Driving Miss Daisy.

Leikarinn Billy Crystal mun kynna hátíðina í níunda skipti, en aðeins Bob Hope hefur gert það oftar eða 19 sinnum. Crystal hefur hingað til þótt standa sig mjög vel í hlutverkinu og jafnvel verið nefndur einn besti kynnir í sögu hátíðarinnar sem verður send út beint til 225 landa út um allan heim.

tinnaros@frettabladid.is



**KYNNIR HÁTÍÐINA** Billy Crystal þykir einn besti kynnir á Óskarsverðlaunahátíðinni frá upphafi.

## HELSTU TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNANA

**Besta myndin:**
- The Artist
- The Descendants
- Extremely Loud & Incredibly Close
- The Help
- Hugo
- Midnight in Paris
- Moneyball
- The Tree of Life
- War Horse

**Besti leikari í aðalhlutverki:**
- Demián Bichir - A Better Life
- George Clooney - The Descendants
- Jean Dujardin - The Artist
- Gary Oldman - Tinker Tailor Soldier Spy
- Brad Pitt - Moneyball

**Besta leikkona í aðalhlutverki:**
- Glenn Close - Albert Nobbs
- Viola Davis - The Help
- Rooney Mara - The Girl with the Dragon Tattoo
- Meryl Streep - The Iron Lady
- Michelle Williams - My Week With Marilyn

**Besti leikstjóri:**
- Michel Hazanavicius - The Artist
- Alexander Payne - The Descendants
- Martin Scorsese - Hugo
- Terrence Malick - The Tree of Life

**Besti leikari í aukahlutverki:**
- Kenneth Branagh - My Week With Marilyn
- Jonah Hill - Moneyball
- Nick Nolte - Warrior
- Christopher Plummer - Beginners
- Max von Sydow - Extremely Loud & Incredibly Close

**Besta leikkona í aukahlutverki:**
- Bérénice Bejo - The Artist
- Jessica Chastain - The Help
- Melissa McCarthy - Bridesmaids
- Janet McTeer - Albert Nobbs
- Octavia Spencer - The Help

# Antonio Banderas leikur Picasso

Spænski leikarinn Antonio Banderas leikur Pablo Picasso í nýrri kvikmynd um listmálarann. Myndin ber nafnið 33 Days og er leikstýrt af spænska leikstjóranum Carlos Saura. Hún fjallar um tímabilið þegar Picasso málaði málverkið Guernica árið 1937. Hún mun einnig fjalla um samband listmálarans við frönsku listakonuna Doru Maar.

Samkvæmt tímaritinu Variety er áætlað að hefja tökur sumarið 2013.

Banderas sagði í viðtali við spænska blaðið El País að hann hefði fæðst aðeins nokkrum húsaröðum frá staðnum þar sem Picasso fæddist, en þeir eru báðir fæddir í Malaga á Spáni. Hann hafi lengi ætlað að taka að sér að leika listmálarann en ávallt neitað þangað til nú.

Pablo Picasso er einn af þekktustu listamönnum 20. aldar, en hann lést árið 1973 þá 91 árs að aldri. Hann er best þekktur fyrir að hafa þróað kúbisma ásamt George Braque. Einnig þótti hann afar afkastamikill, en eftir hann liggja um 50.000 listaverk. Guernica er eitt af hans þekktustu verkum, en hann málaði það eftir að þýskar og ítalskar herflugvélar sprengdu bæinn Guernica á Spáni. Málverkið er nú til sýnis í Museo Reina Sofí safninu í Madríd.

Banderas hefur áður leikið sögufrægar persónur en hann lék Che Guevara í kvikmyndinni Evita.



**ANTONIO BANDERAS** vílar ekki fyrir sér að taka að sér krefjandi hlutverk.

Sögusagnir hafa verið um að Banderas muni taka að sér að leika Fidel Castro í nýrri kvikmynd um dóttur Castros, sem ber nafnið Castro's Daughter.






FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

# SJÓNVARPSTILBOÐ




## Panasonic

**Panasonic TXP42ST32Y**

42" Full HD 1080p 3-D NeoPlasma SJÓNVARP með 3-D converter (breytir 2-D í 3-D), 1920x 1080p upplausn, Vreal 3-D Engine, 600Hz Sub-field Drive, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, High Contrast Filter, 0.001msec svartíma, háskerpu HDTV DVB-T/2 stafr. móttakara, innb. gervihnattamóttakara, SD kortalesara,2 x USB ofl.

neo plasma

**TILBOÐ 189.990**
FULLT VERÐ kr. 239.990

**46" NeoPlasma**
Panasonic TXP46ST32Y
**TILBOÐ 229.990**
FULLT VERÐ kr. 299.990

**50" NeoPlasma**
Panasonic TXP50ST32Y
**TILBOÐ 269.990**
FULLT VERÐ kr. 329.990




## TOSHIBA

**Toshiba 40LV833N**

40" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 50.000:1 skerpu, 7,5ms svartíma, háskerpu stafrænum DVB-T/C móttakara, 2x HDMI, USB, Scart, Digital Coax, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ 119.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




## FINLUX

**EINNIG TIL Í 46"**
**TILBOÐ 139.990**

**Finlux 42FLHX905HU**

42" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara og 100.000:1 skerpu. Fjöldi tengimöguleika m.a 2xHDMI, Digital Coax, 2xScart, 2xUSB Margmiðlunartengi, VGA tengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

**TILBOÐ 109.990**
FULLT VERÐ kr. 129.990




## Panasonic

**Panasonic TXP42S30Y**

42" Full HD Plasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 600Hz Sub Field Drive, Intelligent Frame Creation Pro, Vreal Live Engine, 2.000.000:1 skerpu, háskerpu HDTV DVB-T/T2 stafrænum móttakara, 24p Playback, x.v Colour, 3x HDMI, SD kortalesara, Wi-fi ready ofl.

**TILBOÐ 129.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




## TOSHIBA

**Toshiba 42SL863N**

42" FHD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn og 4.000.000:1 skerpu. 200 Active Motion Rate Processing. 24P Mode. DVB-T2 C2/S2 stafrænn móttakari. Gervihnattamótakari. Smart TV. Wi-Fi Ready. Auto Backlight Control og Ambient Light Sensor. 4x HDMI, LAN, Scart, Ci, VGA, 2x USB og heyrnatólstengi o.fl.

**TILBOÐ 159.990**
FULLT VERÐ kr. 179.990




## Panasonic

neo plasma

**EINNIG TIL Í 50"**
**TILBOÐ 299.990**

**Panasonic TXP42G30Y**

42" Full HD 1080p THX Plasma SJÓNVARP með 1920x 1080p upplausn, Vreal Live Engine, 600 Hz Sub Field Drive, High Contrast Filter, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, 0.001 msec svartíma, háskerpu HDTV stafrænum DVB-T/T2 móttakara, 2x USB, 4 HDMI 1.4, SD kortalesara ofl.

**TILBOÐ 179.990**
FULLT VERÐ kr. 219.990




## PHILIPS

**Philips 46PFL6606T**

46" FHD LED Pixel Precise sjónvarp með 1920x1080p upplausn. Full-HD, Pixel Plus HD. HD Natural Motion. 400Hz Perfect Motion Rate. 500.000:1 í skerpu. 2ms svartími. Háskerpu stafrænn HDTV móttakari. NET-TV (Wi-Fi möguleiki). USB, VGA, Scart, 3x HDMI, VGA, Digital out og heyrnatólstengi. CI/CI+ lesari o.fl.

**TILBOÐ 239.990**
FULLT VERÐ kr. 269.990

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

**lífsstíll**
lifsstill@frettabladid.is



**STEIK Í MORGUNMAT** Samkvæmt rannsókn sem framkvæmd var í háskólanum í Tel Aviv léttust tveir hópar offitusjúklinga jafn mikið þrátt fyrir að annar hópurinn hafi verið látinn borða kolvetnislítinn morgunverð á meðan hinn hópurinn fékk að gæða sér á veislumáltíð, og eftirrétti, á hverjum morgni.

# SLAUFUR FYRIR STELPUR OG MOTTULAUSA

**Fjórar stúlkur í Fjölbrautaskóla Garðabæjar hafa útbúið slaufur sem líkjast yfirvaraskeggi og selja til styrktar átaki Krabbameinsfélagsins, Mottumars. Slaufurnar hafa slegið í gegn og þær íhuga nú að ráða saumakonu til að anna eftirspurn.**

**TÍSKA** „Viðtökurnar hafa verið framar okkar björtustu vonum og pöntunum rignir inn,“ segir Ása Þórdís Ásgeirsdóttir nemandi í frumkvöðlafræði við Fjölbrautaskóla Garðabæjar.

Ása hefur hannað skemmtilegar slaufur sem líta út eins og yfirvaraskegg í félagi við skólasystur sínar, Irenu Sveinsdóttur, Hrafnhildi Heiðu Sandholt og Camillu Rut Arnarsdóttur. Slaufurnar tengja þær krabbameinsátakinu Mottumars, Karlmenn og krabbamein, og eru fyrir þá sem af einhverjum ástæðum ekki geta eða vilja safna yfirvaraskeggi en langar samt að leggja sitt af mörkum.

„Ég fékk þessa hugmynd fyrir tveimur árum síðan þegar kærastinn minn ætlaði að taka þátt í mottumars en var einfaldlega ekki með nógu gott yfirvaraskegg. Þá fattaði ég að það vantaði eitthvað fyrir þá sem geta ekki safnað skeggi,“ segir Ása en slaufurnar eru ætlaðar báðum kynjum og hitta vel á þar sem slaufur af öllum stærðum og gerðum eru einmitt í tísku þessa stundina.

Verkefnið er hluti af námi stúlknanna í frumkvöðlafræði en 9. mars næstkomandi fara þær með verkefnið í eins konar vörukeppni þar sem þær etja kappi við aðra framhaldsskóla. Slaufurnar hafa verið mjög vinsælar og gerðu stelpurnar ráð fyrir að selja margar fyrir árshátíð skólans sem fer fram í kvöld.

„Við erum að gera þetta í höndunum og sitjum sveittar við að sauma en það tekur um 20-30 mínútur að gera eina slaufu. Við erum byrjaðar að spá í að ráða saumakonu svo við náum að sinna öllum pöntunum og öðrum skólaverkefnum líka.“

Hver slaufa kostar 2.500 krónur og af því renna 500 krónur beint til Krabbameinsfélagsins. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um verkefnið á Facebook-síðunni Arcos Slaufur en hægt að leggja beint inn pöntun á póstfangið arcos.ehf@gmail.com.

alfrun@frettabladid.is



**SLAUFUR Í STAÐINN FYRIR YFIRVARASKEGG** Þær Ása Þórdís Ásgeirsdóttir, Irena Sveinsdóttir, Hrafnhildur Heiða Sandholt og Camilla Arnarsdóttir hafa hannað slaufur sem líkjast yfirvaraskeggi til styrktar átaki Krabbameinsfélagsins, Mottumars.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## HVERNIG KARLMENN GETA DREGIÐ ÚR LÍKUM Á KRABBAMEINI

- Ekki reykja og forðastu reyk frá öðrum. Ekki nota munn- og neftóbak.
- Reyna að ná hálftíma hreyfingu á dag.
- Borða hollan og fjölbreyttan mat. Dagleg ávaxta- og grænmetisneysla.
- Forðast að vera of þungur.
- Takmarka neyslu áfengis.
- Varast ber ljósabekki og óhófleg sólböð.
- Vera vakandi fyrir krabbameinsvaldandi efnum í umhverfinu.






# Google-sólgleraugu á markað í lok ársins

**TÆKNI** Framúrstefnuleg Google-gleraugu sem tengjast Android-snjallsímum eru væntanleg á markað í lok ársins, samkvæmt frétt The New York Times.

Hinar ýmsu upplýsingar úr símanum munu sjást þegar maður setur gleraugun upp, þannig að ekkert fari framhjá manni. Þannig er hægt að skoða tölvupóstinn, uppfæra stöðuna á Facebook og ýmislegt fleira með hjálp gleraugnanna á meðan maður er á gangi án þess að þurfa að gjóa augunum sífellt á farsímann. Talið er að í gleraugunum verði innbyggð myndavél og að verðmiðinn verði í kringum 30 til 75 þúsund krónur. Orðrómur er uppi um að þau muni líta svipað út og Oakley Thumps-gleraugu.

Svo virðist sem gleraugun séu hluti af langtímaáætlun Google um að auka notkun Android-stýrikerfisins. „Android-kerfinu var alltaf ætlað stærra hlutverk en eingöngu fyrir farsíma,“ sagði Hugo Barra, háttsettur markaðsmaður hjá Google.



**NÝ GLERAUGU** Talið er að Google-gleraugun muni líkjast þessum Oakley Thumps-sólgleraugum.



**SJÓNVARP** Koma þarf tækjabúnaði fyrir í hátt í milljón breskra sjónvarpsafruglara.

# 4G-farsímar valda truflun

**TÆKNI Koma þarf tæknibúnaði fyrir í hátt í milljón breskra heimila til að koma í veg fyrir að bylgjur úr 4G-farsímum trufli ekki sjónvarpsútsendingar. Þessi aðgerð mun kosta rúma tuttugu milljarða króna, samkvæmt frétt BBC.**

**Búnaðinum verður komið fyrir í stafrænum sjónvarpsafruglara sem hindrar að hávaði sem bylgjur úr 4G-símum skapa komist þar að. Þrátt fyrir aðgerðirnar muni skapa töluvert rask eru þær sagðar mikilvægar. Að sögn menningarmálaráðherra Bretlands mun 4G-farsímakerfið hleypa nýju blóði í stafræna iðnaðinn í landinu.**

# Fyrsta plata Gildrunnar í fimmtán ár

Gildran frá Mosfellsbæ ætlar að gefa út sína fyrstu plötu með nýjum lögum í fimmtán ár í haust. Tvö ár eru liðin síðan hljómsveitin gaf út lagið Blátt, blátt sem var samið við texta rithöfundarins Vigdísar Grímsdóttur.

„Við höldum að við séum orðnir svo gamlir að við séum að fara að deyja. Þetta er síðasti sjens fyrir andlátið,“ segir gítarleikarinn Sigurgeir Sigmundsson um nýju plötuna og hlær. „Nei, nei, við eigum efni. Við þurfum svo sem ekkert að gera þetta en okkur langar til þess.“

Gildran, sem var stofnuð fyrir 32 árum, gaf á sínum tíma út sex plötur en lagðist í dvala þegar sú síðasta kom út árið 1997.

Tónleikar sem voru teknir upp í Hlégarði í Mosfellsbæ í nóvember 2010 munu líklega fylgja með nýju plötunni. Sveitin spilar næst á Spot í Kópavogi á laugardagskvöld. „Það verður bæði til að fjármagna plötuna og æfa undir hana,“ segir Sigurgeir um tónleikana. - fb



**NÝ PLATA** Hljómsveitin Gildran er að undirbúa sína fyrstu plötu í langan tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GARY OLDMAN** Leikaranum líst ekkert á auknar vinsældir tölvuleikjanna.

# Tölvuleikir frekar en bíó

**Gary Oldman óttast að tölvuleikir séu að verða vinsælli en kvikmyndir. „Við búum í öðruvísi heimi núna. Krakkarnir mínir geta horft á kvikmynd í iPhone, sem mér finnst alveg hræðilegt að hugsa sér. En þetta er ný kynslóð sem er að vaxa úr grasi,“ sagði leikarinn sem er tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í Tinker Tailor Soldier Spy. „Tölvuleikirnir eru að ná yfirhöndinni og það eina sem maður getur gert sem foreldri er að takmarka tímann sem krakkarnir eyða í þá.“**



**NÝ BÓK** Justin Bieber gefur út nýja ljósmyndabók í september.

# Bieber sýnir ljósmyndir

**Justin Bieber ætlar að gefa út ljósmyndabók með alls konar myndum úr einkasafni sínu. Popparinn gaf út ævisögu sína fyrir ekki svo löngu en vill núna feta nýjar slóðir.**

**Í bókinni verða myndir úr hljóðverinu og myndir sem voru teknar baksviðs á tónleikum. „Það eru algjör forréttindi að geta deilt þessu með aðdáendum mínum. Ég get ekki beðið eftir því að sýna frá því sem hefur gerst á tónleikaferðum og í hljóðverinu í þessari bók,“ sagði Bieber. Bókin er væntanleg í verslanir í september.**








**ÁNÆGÐ MEÐ VERÐLAUNIN** Breska söngkonan Adele var ánægð með verðlaunin sín en hún var valin söngkona ársins og átti plötu ársins.



**ÁNÆGÐUR BRUNO** Bruno Mars var alþjóðlegur söngvari ársins og brosti út að eyrum. NORDICPHOTOS/AFP

# SIGURGANGA ADELE HELDUR ÁFRAM

**Bresku tónlistarverðlaunin voru afhent í London á þriðjudagskvöldið og var rauða dreglinum rúllað út í tilefni kvöldsins. Eins og búist var við fór söngkonan Adele heim með tvenn verðlaun á hátíðinni við mikla lukku. Söngkonan vinsæla komst hins vegar í fréttirnar fyrir aðrar sakir er hún sýndi myndavélinni löngutöng í miðri þakkarræðu. Ástæðan var sú að hún hafið talað of lengi og var kynnirinn, James Gorden, knúinn til að stoppa hana af. Breski söngvarinn Ed Sheeran vann einnig tvenn verðlaun og Rihanna var valin alþjóðleg söngkona ársins og sigraði þar með okkar eigin Björk Guðmundsdóttur sem var tilnefnd í sama flokki.**



**RAUÐ** Söngkonan Jessie J var djörf í rauðum kjól.

**FLEGINN** Rihanna var valin alþjóðleg söngkona ársins og skartaði fallegum gullllituðum kjól.

## HELSTU VINNINGSHAFAR BRESKU TÓNLISTARVERÐLAUNANA

**Söngvari ársins:** Ed Sheeran
**Söngkona ársins:** Adele
**Hljómsveit ársins:** Coldplay
**Nýliði ársins:** Ed Sheeran
**Smáskífa ársins:** One Direction - What Makes You Beautiful
**Plata ársins:** 21 - Adele
**Alþjóðlegur söngvari ársins:** Bruno Mars
**Alþjóðleg söngkona ársins:** Rihanna
**Alþjóðleg sveit ársins:** Foo Fighters
**Alþjóðlegur nýliði ársins:** Lana Del Rey


SAMBÍÓIN SAMbio.is




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| A FEW BEST MEN | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| A FEW BEST MEN Luxus VIP | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | VIP |
| EXTREMELY LOUD INCREDIBLY CLOSE | kl. 5:40 - 8 - 10:40 | 2D | 10 |
| BEAUTY & THE BEAST - 3D (FRÍÐA OG DÝRIÐ) M/ ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| HUGO Með texta | kl. 5:20 - 8 | 2D | 10 |
| HUGO Ótextuð | kl. 10:40 | 3D | 10 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 8:20 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10:40 | 2D | 12 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ ÍSL TAL Í 3D | kl. 6 | 3D | L |
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 8 - 10:30 | 2D | 10 |
| PRÚÐULEIKARARNIR enskt tal ísl texti | kl. 6 | 2D | L |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | | |
|---|---|---|---|
| FRÍÐA OG DÝRIÐ m/ísl tali | kl. 6 | 3D | L |
| EXTREMELY LOUD & INCREDIBLY CLOSE | kl. 5:20 - 10:10 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| HUGO | kl. 5:20 - 8 | 2D | 10 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| UNDERWORLD: AWAKENING | kl. 10:10 | 2D | 16 |
| MAN ON A LEDGE | kl. 8 | 2D | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 8 - 10:40 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| SHAME | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| BEAUTY & THE BEAST - 3D (FRÍÐA OG DÝRIÐ) M/ ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| WAR HORSE | kl. 5 | 2D | 12 |
| THE HELP | kl. 5 | 2D | L |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | | |
|---|---|---|---|
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 8 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THIS MEANS WAR | kl. 10:30 | 2D | 14 |

ALVÖRU FRÍÐINDI
kynntu þér SAMbíóklúbbinn á
SAMbio.is

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
AUKAKRÓNUR 5%




**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | |
|---|---|
| THIS MEANS WAR | 8, 10 |
| SAFE HOUSE | 5.40, 8, 10.20 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 2D | 6 - ISL TAL |
| THE GREY | 8, 10.20 |
| THE IRON LADY | 5.50 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THIS MEANS WAR | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| THIS MEANS WAR LÚXUS | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5 | 10 |
| SAFE HOUSE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 3.30 | L |
| CHRONICLE | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| CONTRABAND | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THIS MEANS WAR | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EP1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 6 - 9 | 10 |
| SAFE HOUSE | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5 .30 | L |
| LISTAMAÐURINN | KL. 6 - 8 - 10 | L |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THIS MEANS WAR | KL. 8 - 10 | 14 |
| SAFE HOUSE | KL. 10 | 16 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.40 | 10 |
| SÁ SEM KALLAR | KL. 6 | L |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

LYFJA
– Lífið heil
www.lyfja.is



D-3 vítamín er nauðsynlegt fyrir alla
– börn, konur og karla.

Fyrir þig í Lyfju

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

FIMMTUDAGUR: SKÓLASÝNINGAR 10:30, 13:00 ■ ÚTSKRIFTARSÝNINGAR KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS 16-23 (frítt inn) ■ A DANGEROUS METHOD 20:00, 22:00 ■ THE DESCENDANTS 17:45, 22:00 ■ FRÖNSK HÁTÍÐ: STRÍÐSYFIRLÝSING 18:00, 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 18:00 ■ MY WEEK WITH MARILYN 20:00 ■ ELDFJALL 20:00 ÍSL. TEXTI ENG. SUBS

SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 23. febrúar 2012**

### Tónleikar



**20.30** Tríó Sunnu Gunnlaugsdóttur heldur tónleika í Þjóðmenningarhúsinu, Hverfisgötu 15. Um er að ræða fyrstu tónleikana hérlendis síðan diskur þeirra, Long Pair Bond, kom út.

### Námskeið

**16.30** Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein eða blóðsjúkdóma og aðstandendur þeirra, stendur fyrir námskeiði fyrir 7-9 ára gömul börn. Um er að ræða 10 vikna styrkjandi námskeið fyrir börn sem hafa átt eða eiga nána aðstandendur með krabbamein. Skráning á námskeiðið, sem er ókeypis, er á netfanginu ljosid@ljosid.org.

### Kvikmyndir

**17.00** Konfúsíusarstofnunin sýnir fyrsta hluta heimildaþríleiksins Kína: Byltingaöldin (e.China: A Century of Revolution) eftir Sue Williams. Myndin er sýnd í stofu 101 í Odda. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

### Dagskrá

**20.00** Fjallað verður um bæjarlistamann Mosfellsbæjar, Bergstein Björgúlfsson kvikmyndaleikstjóra og framleiðanda í dagskrá í Hlégarði. Notaleg stemning, kaffi og kókostoppar í boði. Allir velkomnir.

### Tónlist

**20.30** Tríó danska Hammond-orgelleikarans Kjeld Lauritsen spilar á jazztónleikaröðinni á KEX Hostel, Skúlagötu 28. Tríóið mun flytja fjölbreytt úrval þekktra jazzlaga auk nokkurra eigin tónsmíða. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Ob-La-Dí, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Fyrirlestrar

**12.00** Davíð Logi Sigurðsson heldur erindi á vegum Alþjóðamálastofnunar í stofu 101 í Odda. Yfirskrift erindisins er Allar leiðir liggja til Damaskus og mun Davíð meðal annars fjalla um sambandið milli Sýrlands og Líbanon. Allir velkomnir.

**17.15** Ragna Árnadóttir, fyrrverandi dómsmálaráðherra, flytur annað erindið af fjórum um ÁBYRGÐ í Bókasafni Kópavogs. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**20.00** Aðalsteinn Ingólfsson flytur fyrirlesturinn Tíu Kyrralíf (og nokkur til vara) í Hafnarborg. Þar fjallar hann um kyrralífsmyndina í sögulegu og hugmyndalegu ljósi.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**






# Járnkona lýsir formúlu eitt

„Þetta er rosalega spennandi, enda taka sex fyrrverandi heimsmeistarar þátt á þessu keppnistímabili," segir Halldóra Matthíasdóttir en hún og Rúnar Jónsson taka við sem stjórnendur Formúlu 1 á Stöð 2 Sport sem hefst í mars. Þau munu taka við af Gunnlaugi Rögnvaldssyni sem hefur séð um Formúlu 1 á stöðinni síðan árið 2008.

Halldóra verður Rúnari til halds og trausts í lýsingum á kappakstrinum og í tímatökum. Hún er þó ekki alveg blaut á bak við eyrun þegar kemur að dagskrárgerð í Formúlunni. „Ég hef áður verið í tveimur þáttum sem kallast Við rásmarkið og Við endamarkið og hef verið að aðstoða við klippingar og tölfræði síðustu tvö ár," segir hún.

Halldóra hefur sjálf aldrei keppt í akstursíþróttum en hún er áhugamanneskja um mótorhjól. Hún segir áhuga sinn á Formúlunni hafi kviknað sumarið 1998. „Þá bjó ég í Hamburg og fylgdist með keppninni þar, en þá voru Michael Schumacher og Mika Häkkinen að berjast um heimsmeistaratitilinn." Halldóra hefur í nægu að snúast og þykir leitt að missa af keppni. „Ég er að fara að taka þátt í Parísarmaraþoni þann 15. apríl og þá missi ég af F1 keppninni í Sjanghæ í Kína." Halldóra er mikil íþróttamanneskja og er nú að undirbúa sig undir þátttöku í hálfum Járnkarli sem fer fram þann 22. júlí. „Ég hef aldrei tekið þátt áður þannig að ég er á fullu að synda, hjóla og hlaupa til að undirbúa mig. Ég æfi með Þríþrautarfélagi Ægis í sundi og hleyp með hlaupahópnum Bíddu aðeins," segir Halldóra.

Formúlan hefst að nýju í mars og allar keppnir ársins verða sýndar í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og í opinni dagskrá.



**Í ELDLÍNUNNI** Halldóra lýsir formúlunni ásamt Rúnari Jónssyni.




# sport

sport@frettabladid.is



**MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR** spilaði síðustu 30 mínúturnar er lið hennar, Turbine Potsdam, gerði óvænt 1-1 jafntefli við Hamburg í þýsku úrvalsdeildinni í gær. Var þetta fyrsti leikur Margrétar Láru með liðinu en hún fékk tvö góð færi í leiknum sem henni tókst ekki að nýta. Potsdam mætir næst Leverkusen á sunnudaginn.

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-d. kvenna*

| | |
|---|---|
| Fjölnir - Valur | 67-79 |
| Snæfell - Haukar | 77-75 |
| Njarðvík - KR | 78-71 |
| Keflavík - Hamar | 73-61 |

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | **23** | **19** | **4** | **1816-1588** | **38** |
| Njarðvík | 23 | 17 | 6 | 1914-1708 | 34 |
| **Haukar** | **23** | **12** | **11** | **1698-1653** | **24** |
| Snæfell | 23 | 12 | 11 | 1630-1698 | 24 |
| **KR** | **23** | **12** | **11** | **1696-1592** | **24** |
| Valur | 23 | 9 | 14 | 1675-1738 | 18 |
| **Hamar** | **23** | **6** | **17** | **1584-1746** | **12** |
| Fjölnir | 23 | 5 | 18 | 1618-1898 | 10 |

### *Meistaradeild Evrópu*

| | |
|---|---|
| FC Basel - Bayern München | 1-0 |
| Marseille - Inter | 1-0 |

### *Evrópudeild UEFA*

**Manchester City - Porto** **4-0 (6-1)**
1-0 Sergio Agüero (1.), 2-0 Edin Dzeko (76.), 3-0 David Silva (84.), 4-0 David Pizarro (86.)

### *Þýska úrvalsdeildin*

**Kiel - Rhein-Neckar Löwen** **33-25**
Aron Pálmarsson skoraði eitt mark fyrir Kiel en Róbert Gunnarsson ekkert fyrir Rhein-Neckar Löwen. Alfreð Gíslason þjálfar Kiel en Guðmundur Guðmundsson stýrir liði Löwen.

**Grosswallstadt - Bergischer HC** **24-23**
Sverre Jakobsson lék í vörn Grosswallstadt en Rúnar Kárason skoraði eitt mark fyrir Bergische.

**Wetzlar - Füchse Berlin** **26-28**
Kári Kristjánsson skoraði sex mörk fyrir Wetzlar. Alexander Petersson lék ekki með Berlín vegna meiðsla en Dagur Sigurðsson er þjálfari liðsins.

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Kiel** | **21** | **21** | **0** | **0** | **+181** | **42** |
| Füchse Berlin | 21 | 17 | 1 | 3 | +74 | 35 |
| **Hamburg** | **20** | **16** | **0** | **4** | **+89** | **32** |
| Flensburg | 20 | 15 | 0 | 5 | +62 | 30 |
| **RN Löwen** | **21** | **14** | **1** | **6** | **+60** | **29** |
| Magdeburg | 20 | 12 | 0 | 8 | +31 | 24 |
| **Lemgo** | **20** | **12** | **0** | **8** | **+4** | **24** |
| Lübbecke | 20 | 9 | 1 | 10 | -5 | 19 |

### *Danska úrvalsdeildin*

**Skive - AG Kaupmannahöfn** **17-28**
Arnór Atlason skoraði eitt mark fyrir AG en þeir Guðjón Valur Sigurðsson, Snorri Steinn Guðjónsson og Ólafur Stefánsson skoruðu ekki í leiknum.

**Bjerringbro/Silkeborg - Viborg** **27-29**
Guðmundur Árni Ólafsson skoraði tvö mörk fyrir Bjerringbro/Silkeborg í leiknum.

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **AG** | **21** | **18** | **1** | **2** | **+113** | **37** |
| Bjerr/Silkeb. | 21 | 13 | 2 | 6 | +59 | 28 |
| **Kolding** | **20** | **13** | **2** | **5** | **+21** | **28** |
| Team Tvis | 20 | 10 | 5 | 5 | +58 | 25 |
| **Skjern** | **20** | **10** | **3** | **7** | **-5** | **23** |
| Álaborg | 20 | 10 | 2 | 8 | +42 | 22 |
| **Árósir** | **20** | **8** | **2** | **10** | **0** | **18** |
| Viborg | 21 | 7 | 3 | 11 | -40 | 17 |

Landsliðið komið til Japans:

## Óvíst hver verði fyrirliði Íslands

**FÓTBOLTI Íslenska landsliðið í knattspyrnu er komið til Japans og æfði í Osaka í gær. Liðin mætast í fyrramálið kl. 10.20 að íslenskum tíma og verður leikurinn í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.**

**Leikurinn er sá fyrsti sem Ísland leikur undir stjórn Lars Lagerbäck en liðið mætir svo Svartfjallalandi í æfingaleik á föstudaginn. Enginn leikmanna Íslands sem er í Japan mun spila þann leik og fær því Lagerbäck tækifæri til að sjá marga leikmenn spila.**

**„Allir leikmennirnir í þessum hópum eiga jafnan möguleika í framtíðinni,“ sagði Lagerbäck í viðtali á heimasíðu KSÍ. „Bæði liðin sem við erum að fara að spila við eru mjög sterk og er það gott. Þá sér maður best úr hverju leikmenn eru gerðir.“**

**Lagerbäck hefur ekki ákveðið hvaða leikmaður verði fyrirliði Íslands í leiknum. „Fyrirliði verður að njóta virðingar í leikmannahópnum og vera leiðtogi bæði innan vallar sem utan,“ sagði hann.** - esá





**ÞJÁLFARAR Í FREMSTU RÖÐ** Alfreð Gíslason og Guðmundur Guðmundsson stýra tveimur af stærstu handboltaliðum heims. Alfreð hefur náð frábærum árangri með Kiel í vetur en liðið hafði betur gegn Guðmundi og lærisveinum hans í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Alfreð náði yfirhöndinni í einvíginu gegn Guðmundi

**Kiel vann nokkuð þægilegan sigur á Rhein-Neckar Löwen í stórslag liðanna í þýsku úrvalsdeildinni í gær, 33-25. Þetta var 21. sigur liðsins í jafnmörgum leikjum í deildinni sem er vitanlega met. Yfirburðir Kiel eru með ólíkindum.**

**HANDBOLTI** Kiel er enn með fullt hús stiga í þýsku úrvalsdeildinni eftir átta marka sigur á Rhein-Neckar Löwen á heimavelli í gær, 33-25. Alfreð Gíslason er þjálfari Kiel og hefur náð ótrúlegum árangri með liðið á tímabilinu en liðið hefur unnið 21 leik á tímabilinu. Ekkert lið hefur byrjað betur í sögu deildarinnar.

Kiel vann síðustu þrjá leiki sína á síðasta tímabili og sigrarnir eru því orðnir 24 í röð.

Alfreð og Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Löwen, voru búnir að mætast fimm sinnum með lið sín fyrir leikinn í gærkvöldi og voru með jafnan árangur. Lið Alfreðs var búið að vinna tvo leiki, lið Guðmundar var búið að vinna tvo leiki og einum leik hafði lyktað með jafntefli.

Rhein-Neckar-Löwen vann báða deildarleiki liðanna í fyrra en Alfreð er nú kominn með undirtökin í einvígi þessara kappa sem léku lengi saman í íslenska landsliðinu á sínum tíma.

Rhein-Neckar Löwen komst yfir, 2-1, í gær en þá tók tékkneska skyttan Filip Jicha leikinn í sínar hendur. Hann skoraði fjögur fyrstu mörk Kiel í leiknum og kom sínum mönnum yfir. Heimamenn létu forystuna aldrei af hendi eftir það og skoraði Jicha alls tíu mörk í leiknum.

### Skoruðu ekki í tíu mínútur

Miklu munaði um tíu mínútna kafla um miðbik hálfleiksins þar sem Löwen náði ekki að skora eitt einasta mark. Ekkert gekk upp í sóknarleik liðsins, sama hvað Guðmundur reyndi. Að sama skapi gekk allt upp hjá Kiel og skipti engu hvaða leikmönnum Alfreð tefldi fram hverju sinni.

Kiel brunaði fram úr og náði átta marka forystu, 14-6. Staðan var svo 17-9 í hálfleik en leikurinn var aldrei spennandi í síðari hálfleiknum. Aron Pálmarsson fékk sínar mínútur og skoraði eitt mark en Róbert Gunnarsson náði ekki að komast á blað hjá Löwen, þó svo að hann hafi mikið spilað í seinni hálfleik. Uwe Gensheimer var markahæstur hjá Löwen með átta mörk í gær.

### Mánuður í næsta toppleik hjá Kiel

Það er erfitt að sjá fyrir hvort og þá hvenær Kiel tapar leik á tímabilinu. Það er rúmur mánuður í að liðið mæti næst einu af efstu liðum deildarinnar en þá koma Dagur Sigurðsson og lærisveinar hans í Füchse Berlin í heimsókn. Berlínarrefirnir eru nú í öðru sæti deildarinnar.

Löwen er nú þremur stigum frá þriðja sæti deildarinnar sem er það síðasta sem veitir þátttökurétt í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð. Það er því hörð barátta fram undan fyrir Guðmund og félaga ef liðið ætlar sér að komast í keppni þeirra bestu. - esá, óój

**Einvígi liða Alfreðs og Guðmundar**

**THW Kiel gegn Rhein-Neckar Löwen:**

| | |
|---|---|
| Meistaradeildin, 21. nóvember 2010 | Kiel vann 30-27 |
| Meistaradeildin, 26. nóvember 2010 | Jafntefli, 30-30 |
| Þýska úrvalsdeildin, 1. desember 2010 | Löwen vann 29-26 |
| Þýska úrvalsdeildin, 6. apríl 2011 | Löwen vann 33-31 |
| Þýska úrvalsdeildin, 24. september 2011 | Kiel vann 30-27 |
| Þýska úrvalsdeildin, 22. febrúar 2012 | Kiel vann 33-25 |

Inter og Bayern München töpuðu bæði í Meistaradeildinni í gær:

# FC Basel sá við þýsku risunum

**FÓTBOLTI** „Litla“ liðið frá Sviss, FC Basel, gerði sér lítið fyrir og skellti þýsku risunum í Bayern München í fyrri leik liðanna í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær. Valentin Stocker skoraði eina mark leiksins um fimm mínútum fyrir lok venjulegs leiktíma. Enn ein góðu úrslitin fyrir Basel í keppninni en liðið sá til þess að Manchester United sat eftir í riðlakeppninni.

Það var einnig dramatík í leik Marseille og Inter í Frakklandi þar sem heimamenn tryggðu sér sigurinn með marki í uppbótartíma. Andre Ayew var þar að verki með skalla af stuttu færi eftir hornspyrnu. Marseille hefur nú leikið sextán leiki í röð án taps í öllum keppnum.

Þetta er enn eitt áfallið fyrir Claudio Ranieri, stjóra Inter, en liðinu hefur gengið skelfilega í deildinni heima fyrir að undanförnu. Jafntefli hefðu verið fín úrslit fyrir Ranieri en hvort hann fái að stýra liðinu í síðari leiknum í Mílanó í næsta mánuði verður að koma í ljós.

Þrátt fyrir afan fjörugan fyrri hálfleik í Sviss í gær tókst hvorugu liðinu að skora þrátt fyrir nokkur mjög fín færi. Heimamenn áttu tvívegis skot í stöng en markverðir beggja liða sýndu einnig laglega tilþrif.

Það voru svo tveir varamenn sem sáu um að búa til mark Basel. Jacues Zoua fór illa með vörn Bæjara með laglegri sendingu inn fyrir varnarlínuna á Stocker sem skoraði með föstu skoti. - esá



**MIKILVÆGT MARK** Valentin Stocker tryggði Basel sigur í gær og gæti markið reynst mikilvægt. NORDIC PHOTOS/GETTY



**MARTA** Táraðist á blaðamannafundi Tyresö í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Sænski kvennaboltinn:

## 124 milljónir fyrir Mörtu

**FÓTBOLTI Marta frá Brasilíu, besta knattspyrnukona heims, skrifaði í gær undir tveggja ára samning við sænska úrvalsdeildarfélagið Tyresö. Hún var án félags eftir að tímabilið í Bandaríkjunum var blásið af fyrir tæpum mánuði.**

**Samkvæmt sænskum fjölmiðlum fær Marta eina milljón dollara fyrir tímabilið eða 124 milljónir króna. Eru það einstakar tölur í heimi kvennaknattspyrnunnar en ljóst er að forráðamenn Tyresö ætla sér stóra hluti á komandi tímabili. Hefur liðið fengið til sig marga sterka leikmenn þar að auki.**

**Marta táraðist á blaðamannafundi Tyresö í gær. „Ég er svo ánægð með að vera komin aftur til Svíþjóðar. Þegar ég fór til Bandaríkjanna gerði ég mér grein fyrir því að Svíþjóð væri mitt annað heimili. Þetta er besta deild í heimi og hér líður mér vel,“ sagði hún.**

**Marta er 25 ára gömul og hefur fimm sinnum verið kosin besta knattspyrnukona heims. Hún lék með Umeå frá 2004 til 2008 og skoraði þá 111 mörk í 103 deildarleikjum. Varð hún fjórum sinnum sænskur meistari.** - esá



**PIZARRO** Skoraði fjórða og síðasta mark City í gær. Hér fagnar hann því. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Evrópudeild UEFA:

## City komst auðveldlega áfram

**FÓTBOLTI** Manchester City fór létt með andstæðing sinn í 32-liða úrslitum Evrópudeildar UEFA en liðið vann 6-1 samanlagðan sigur á Porto frá Portúgal, ríkjandi meistara í Evrópudeildinni. Liðin mættust í Manchester í gær og vann City þá 4-0 stórsigur.

Sergio Agüero kom City yfir eftir nítján sekúndur en þeir Edin Dzeko, David Silva og David Pizarro skoruðu hin mörk liðsins á síðasta stundarfjórðungi leiksins.

„Þetta var frábær sigur,“ sagði fyrirliðinn Vincent Kompany eftir leikinn í gær. „Við sýndum í dag að okkur er full alvara í þessari keppni. Það er frábært að slá ríkjandi meistara úr leik með 4-0 sigri. Það eru mjög góð úrslit. Ég held að við höfum ekki verið upp á okkar besta í kvöld en við gerðum það sem þurfti til. Frammistaða okkar bar merki um mikinn þroska,“ sagði Kompany.

32-liða úrslitunum lýkur með fimmtán leikjum í kvöld en City mætir sigurvegaranum úr leik Legia Varsjá og Sporting Lissabon í 16-liða úrslitunum. - esá

> Stöð 2 kl. 20.10

**The Amazing Race**

***Kapphlaupið er hafið á ný og núna eru það tólf lið sem mæta til leiks en eitt þeirra dettur úr leik strax í byrjun. Meðal keppenda eru m.a. tveir liðsmenn Harlem Globetrotters, giftir jógakennarar, atvinnumenn í póker, bræður, feðgar og bestu vinir. Kynnir er sem fyrr Phil Keoghan.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR BJARNASON BER SAMAN

# Ronaldo og Fagri Blakkur

Tveir gjörólíkir hópar íþróttaáhugamanna söfnuðust saman fyrir framan imbakassann í gærkvöldi. Báðir fylgdust þeir spenntir með Meistaradeildinni en í sitthvorri íþróttinni því Meistaradeildin í hestaíþróttum var á dagskrá Sjónvarpsins á sama tíma og Meistaradeild Evrópu í fótbolta var sýnd á Stöð 2 Sport.
Ekki þekki ég marga fótboltaáhugamenn sem eru líka áhugamenn um hestaíþróttir, nema kannski einn hrossabónda frá Akranesi, og leyfi ég mér því að efast um að þessir tveir viðburðir hafi skarast hjá sjónvarpsáhorfendum.
Ekki verður þó deilt um fegurfræði beggja íþrótta. Þegar snillingarnir í Meistaradeildinni eru upp á sitt besta, Messi, Ronaldo og félagar, er hrein unun á að horfa og sömuleiðis geta frændur hins glansandi og glæsilega Fagra Blakks verið undurfögur sýn á sjónvarpsskjánum.
Enn sem komið er á Meistaradeildin í fótbolta þó hug minn allan en hver veit nema Meistaradeildin í hestaíþróttum fái einn góðan veðurdag tækifæri í miðju markalausu jafntefli og Fagri Blakkur fái loksins að leika listir sínar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Íslensk menning **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Laufdalaheimilið **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.30** Útvarpsperla: Af Litlanesfólkinu **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.30 Meistaradeild í hestaíþróttum** (e)
**15.45 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Konungsríki Benna og Sóleyjar** (5:52)
**17.31 Sögustund með Mömmu Marsibil** (30:52)
**17.42 Fæturnir á Fanneyju** (30:39)
**17.54 Grettir** (3:54)
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** (25:30)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Framandi og freistandi með Yesmine Olsson** (7:9)
**20.40 Tónspor** (5:6) Daníel Bjarnason tónskáld og Margrét Bjarnadóttir danshöfundur koma fram að þessu sinni.
**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (9:23) (Desperate Housewives VIII) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** (117:138) (Criminal Minds VI) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Höllin** (4:20) (Borgen) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.40 Fréttir**
**00.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Just Married**
**10.00 Wedding Daze**
**12.00 Red Riding Hood**
**14.00 Just Married**
**16.00 Wedding Daze**
**18.00 Red Riding Hood**
**20.00 A Fish Called Wanda**
**22.00 Stig Larsson þríleikurinn**
**00.25 Pucked**
**02.00 Dreaming Lhasa**
**04.00 Stig Larsson þríleikurinn**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (107:175)
**10.15 Celebrity Apprentice** (4:11)
**11.50 White Collar**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (7:24)
**13.25 The Painted Veil** Dramatísk og hugljúf mynd um breskan lækni, leikinn af Edward Norton, sem er sendur í lítið kínverskt þorp ásamt konunni sinni, leikin af Naomi Watts, til að lækna kóleru.
**15.35 Friends** (22:24)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (10:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (8:22)
**19.45 Til Death** (13:18)
**20.10 The Amazing Race** (1:12)
**20.55 Alcatraz** (3:13) Glæný spennuþáttaröð um lögreglukonu í San Francisco sem aðstoðar alríkislögregluna við að handsama hættulegustu glæpamenn Bandaríkjanna. Þeir hurfu sporlaust úr Alcatraz fyrir 50 árum og nú snúa þeir aftur einn af öðrum, og hafa ekkert breyst.
**21.40 NCIS: Los Angeles** (10:24)
**22.25 Rescue Me** (2:22) Fimmta þáttaröðin um slökkviliðsmanninn Tommy Gavin og dramatíska en þó oft og tíðum spaugilega glímu hans við lífið eftir skilnað sem og hryðjuverkaárásirnar þann 11. september 2001.
**23.10 The Mentalist** (9:24)
**23.55 Spaugstofan**
**00.25 The Kennedys** (7:8)
**01.10 Boardwalk Empire** (2:12)
**02.10 The Painted Veil**
**04.15 Alcatraz** (3:13)
**05.00 Rescue Me** (2:22)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörk**
**08.40 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörk**
**14.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin** Endursýndur leikur.
**15.45 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörk**
**16.10 Man. City - Porto** Útsending frá síðari leik liðanna í 32 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
**17.55 Valencia - Stoke** BEINT.
**19.55 Man. Utd. - Ajax** BEINT.
**22.00 Í greipum Gunnars** Þáttur um bardagaíþróttakappann Gunnar Nelson, þáttöku hans á ADCC-mótinu 2011.
**22.30 Valencia - Stoke** Útsending frá síðari leik liðanna í 32 liða úrslitum.
**00.15 Man. Utd. - Ajax** Útsending frá síðari leik liðannaí 32 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**18.10 Tottenham - Man. City**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Premier League Review 2011/12**
**21.25 2001/2002** Mörk Úrvalsdeildarinnar
**22.20 Football League Show**.
**22.50 Man. City - Liverpool**

## STÖÐ 2 EXTRA

**19.50 The Doctors** (55:175)
**20.30 In Treatment** (66:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 New Girl** (2:24)
**22.15 Kalli Berndsen-Í nýju ljósi** (8:10)
**22.45 Grey's Anatomy** (15:24)
**23.30 Gossip Girl** (4:24)
**00.15 Pushing Daisies** (3:13)
**01.00 Malcolm In The Middle** (8:22)
**01.25 Til Death** (13:18)
**01.50 In Treatment** (66:78)
**02.15 The Doctors** (55:175)
**02.55 Fréttir Stöðvar 2**
**03.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Innlit/útlit** (2:8) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Innlit/útlit** (2:8) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**14.55 Minute To Win It** (e).
**15.40 Eureka** (7:20) (e)
**16.30 Dynasty** (3:22)
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 Pan Am** (14:14) (e)
**18.50 Game Tíví** (5:12) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tölvuleikjaheiminum.
**19.20 Everybody Loves Raymond** (1:24)
**19.45 Will & Grace** (11:27) (e)
**20.10 The Office** (19:27) Michael er á biðilsbuxunum og deildin heldur risastóra lagersölu.
**20.35 Solsidan** (3:10) Alex og Anna fá að vita kyn barnsins en geta ekki komið sér saman um nafn og æskuvinur Alex kíkir í heimsókn.
**21.00 Blue Bloods** (2:22) Skaphundurinn Danny lendir í rannsókn innra eftirlitsins eftir að hafa skotið á lögreglumann.
**21.50 Flashpoint** (8:13) Ung stúlka hringir í neyðarlínuna og tilkynnir um óboðinn gest á heimilinu en þegar sérsveitina ber að garði er stúlkan horfin og móðir hennar liggur meðvitundarlaus í blóði sínu.
**22.40 Jimmy Kimmel**
**23.25 CSI: Miami** (21:22) (e)
**00.15 Jonathan Ross** (13:19) (e)
**01.05 The Good Wife** (4:22) (e)
**01.55 Blue Bloods** (2:22) (e)
**02.45 Everybody Loves Raymond** (e)
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** World Golf Championship 2012 (1:5) **13.00** Golfing World **13.50** World Golf Championship 2012 (1:5) **18.35** Inside the PGA Tour (8:45) **19.00** World Golf Championship 2012 (2:5) **23.00** US Open 2002 - Official Film **00.00** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## BBC entertainment

**06.35** ,Allo ,Allo! **08.20** New Tricks **10.10** Come Dine With Me **11.00** EastEnders **11.30** Top Gear **12.20** ,Allo ,Allo! **13.15** ,Allo ,Allo! **14.10** ,Allo ,Allo! **14.35** My Family **15.05** QI **16.05** Top Gear **17.25** Top Gear **18.20** Come Dine With Me **19.10** QI **19.40** QI **20.10** Top Gear **21.00** Lee Evans Live Different Planet Tour **21.55** Live at the Apollo **22.40** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **23.25** ,Allo ,Allo! **00.20** ,Allo ,Allo! **01.10** New Tricks **02.55** My Family **03.25** ,Allo ,Allo! **04.45** QI **05.15** My Family **05.45** The Weakest Link

## DR 1

**12.35** Aftenshowet **13.30** Klimaduks og Blærerov **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Livet i Fagervik **15.00** Benjamin Bjørn **15.15** Timmy-tid **15.25** Den fortryllede karrusel **15.35** Peter Pedal **16.00** Lægerne **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Jamies mad på 30 minutter **17.25** OBS **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Sporløs **19.30** Nye hvide verden **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Mord i familien **21.55** Den sidste fjende **22.55** OBS **23.00** Lykke

## NRK 1

**13.05** Helt patent! **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Ei iskald verd **16.00** NRK nyheter **16.10** Ardna - Samisk kulturmagasin **16.30** VM skiflyging Vikersund **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** VM skiflyging Vikersund **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Schrödingers katt **19.15** Team Bachstad **19.45** Glimt av Norge **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Debatten **21.30** Fremmed i Norge **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket

## svt1

**11.40** Dag **12.05** Min smala lycka **12.25** Den sjungande trappuppgången **13.25** Minnenas television **14.20** Strömsö **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Designreportage **15.40** Det ljuva livet i Alaska **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **21.00** Debatt **21.45** Bästa frisören **22.30** Det ljuva livet i Alaska **23.20** Rapport **23.25** Uppdrag Granskning

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Náttúra og nýting

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |

SKEMMTUM
OKKUR
INNANLANDS

FLUGFELAG.IS

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ELDBÖKUÐ PIZZA

577 7000

Rizzo Pizza

ALLAR PIZZUR Á MATSEÐLI Á
1.380 KR EF ÞÚ SÆKIR

ELDBÖKUDAGAR

BÆJARLIND • HRAUNBÆ • GRENSÁSVEGI

pepsi MAX

TILBOÐIÐ GILDIR
22. - 28. FEBRÚAR

FÖÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„Ég kveiki á útvarpinu á morgnana og ég flakka á milli Rásar 2 og Bylgjunnar en annars er ég ekki að hlusta á neitt sérstakt þessa dagana.“*

Sara Sigurðardóttir, nýkjörinn formaður stúdentaráðs og nemi í stjórnmálafræði og hagfræði.

# Ákærður fyrir henda flösku í lögreglubíl

„Sé ég eftir þessu? Já, ætli það ekki. Veskið mitt sér líka eftir þessu,“ segir rapparinn Emmsjé Gauti, sem hefur verið ákærður fyrir að henda glerflösku í lögreglubíl.

Atvikið átti sér stað á stúdentagörðum í Reykjavík. Lögreglan hafði stöðvað teiti sem Gauti var gestur í, en flaskan átti að hans sögn að hafna við hliðina á lögreglubílnum. „Ég ætti auðvitað að vera með gleraugu,“ segir hann. „Ég sá ekki alveg hvert ég var að kasta og hitti beint ofan á húddið á löggubílnum.“

Gauti var handtekinn ásamt öðrum manni sem hafði leikið svipaðan leik og voru þeir færðir niður á lögreglustöðina við Hverfisgötu þar sem þeir viðurkenndu brotin. „Þá urðum við og lögreglumennirnir mestu mátar og spjölluðum um lífið,“ segir Gauti. „Hann laug svo að mér að þetta myndi kosta mig 15 þúsund kall, en sektin var vel yfir 100 þúsund kallinn.“

Gauti er ekki góðkunningi lögreglunnar og síðast þegar lögreglan þurfti að hafa afskipti af honum var þegar hann fór á vindsæng út á Reykjavíkurtjörn. Þetta er í fyrsta skipti sem Gauti fer fyrir héraðsdóm, en málið verður þingfest í mars. „Þetta hefði getað farið illa, flaskan hefði getað hafnað í einhverjum,“ segir Gauti þegar hann rifjar atvikið upp. „Þá hefði grínið ekki verið eins fyndið. Ég ætlaði hvorki að meiða neinn né skemma lögreglubílinn. Ég ætlaði aðeins að stríða þeim, þeir eru alltaf að stríða okkur.“ - afb



**SÉR EFTIR ÖLLU** Gauti sér eftir að hafa hent flöskunni í lögreglubílinn og vill færa lögreglunni fría tónlist á vefsíðunni Emmsjegauti.com. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**HILDUR KRISTÍN:** ERFIÐASTA LAG SEM HÆGT ER AÐ SYNGJA

# Syngur þjóðsönginn fyrir 50 þúsund Japani í Osaka

„Þetta er svo fyndið og absúrd að ég get ekki verið stressuð yfir þessu,“ segir Hildur Kristín Stefánsdóttir, tónlistarkona og skiptinemi frá Háskóla Íslands í Tokyo.

Hildur syngur þjóðsöng Íslands fyrir vináttuleik íslenska landsliðsins í knattspyrnu við Japani á morgun. Landsleikurinn fer fram í Osaka í Japan og er búist við um 50.000 áhorfendum á leikvanginn. „Þetta er lang stærsti hópur sem ég hef sungið fyrir og mjög spennandi allt saman,“ segir Hildur en hún er meðlimur í hljómsveitinni Rökkurró þar sem hún bæði syngur og spilar á selló.

Íslenski þjóðsöngurinn er þekktur fyrir að vera heldur óþjáll með sína háu tóna og hefur Hildur fengið að kynnast því undanfarna daga. „Þetta er erfiðasta lag sem hægt er biðja mann um að syngja en ég fékk sem betur fer heilan mánuð til að undirbúa mig. Ég þakka bara fyrir að hafa tekið eitt ár í óperusöng fyrir nokkrum árum.“

Það var íslenski sendiherrann í Tokyo sem benti á Hildi í verkefnið en hún kom í fyrsta sinn fram í Japan í litlu boði hjá sendiráðinu. „Þegar ég kom út bjóst ég við að vera í pásu frá tónlist því hljómsveitin mín er auðvitað staðsett á Íslandi. En ég sá fljótt að það myndi aldrei ganga, enda elska ég tónlist of mikið og tækifærin hér eru svo spennandi. Ég tróð svo upp á samnorrænni kvikmyndahátíð hérna úti og þá fór boltinn að rúlla. Það er frábært að vera hér í námi og geta fengið að upplifa japanska menningu en um leið fá tækifæri til að sinna tónlistinni,“ segir Hildur sem kallar sóló verkefni sitt Lily and Fox.

Mikill áhugi er á leiknum hérlendis þó einungis sé um vináttulandsleik að ræða en leikurinn verður sá fyrsti undir stjórn Svíans Lars Lagerbäck. Hildur hefur verið í miklu sambandi við þá sem sjá um undirbúning leiksins í aðdragandanum og segir þau samskipti hafa verið skondin. „Japanir eru rosalega nákvæmir í öllu sem þeir gera og ég hef fengið fullt af reglum sem ég verð að fylgja. Til dæmis er mér bannað að mæta í háhæluðum skóm því það skemmir grasið á vellinum. Svo má ég ekki syngja lengur en nákvæmlega 95 sekúndur,“ segir Hildur sem stendur með hljóðnema á miðjum leikvanginum í Osaka klukkan 10.15 í fyrramálið á íslenskum tíma.

alfrun@frettabladid.is



**JAPANIR NÁKVÆMIR** Hildur Kristín Stefánsdóttir hefur fengið reglur frá Japönunum sem sjá um vináttulandsleikinn við Ísland. Hún má til dæmis ekki vera í hælaskóm og flutningur íslenska þjóðsöngsins má alls ekki vera lengri en 95 sekúndur.

# Tilboð sem þau gátu ekki hafnað

„Við fengum einfaldlega tilboð sem við gátum ekki hafnað,“ segir Birgir Þórarinsson, einn meðlima hljómsveitarinnar GusGus, en tískurisinn Bulgari fær sveitina til Mílanó til að halda uppi fjörinu á tískuvikunni.

Hljómsveitin flaug út í dag og kemur heim á laugardaginn en ásamt Birgi, sem betur er þekktur sem Biggi veira, skipa þau Urður Hákonardóttir, Daníel Ágúst Haraldsson, Stephan Stephensen og Högni Egilsson dansssveitina. Biggi vissi ekki mikið um viðburðinn en taldi að um væri að ræða stórt eftirpartí eftir sýningu Bulgari á tískuvikunni. „Þetta verður eitthvað tískupartý og bara mikið stuð. Það verða eflaust allir rosa flottir og fínir eins og tískupartíum sæmir,“ segir Biggi en Bulgari bókaði sveitina í gegnum umboðsskrifstofu GusGus í Þýskalandi.

„Við spiluðum í Mílanó síðasta sumar og þeir tónleikar gengu svakalega vel. Mig grunar helst að útsendarar frá þeim hafi séð okkur á þeim tónleikum og því ákveðið að fá okkur yfir.“



**EFTIRSÓTT** Íslenska dansveitin GusGus fékk tilboð frá tískuhúsinu Bulgari sem þau gátu ekki hafnað. Þau koma frá í partýi á tískuvikunni í Mílanó um helgina. MYND/ARIMAGG

Mikið flakk er á sveitinni þessa dagana en hún er nýkomin frá norsku tónlistarhátíðinni by:Larm sem fór fram í Ósló um síðustu helgi.

„Það var frábært í Ósló og gekk vel. Við höfum ekki verið að spila mikið í Skandinavíu heldur einbeitt okkur að Austur-Evrópu og Þýskalandi. Nú höfum við kannski opnað einhverjar dyr þar í kjölfarið á hátíðinni.“ - áp



# KLÁRUM VETRARVÖRURNAR FRÁBÆR VERÐ

Regatta GREAT OUTDOORS™

Dare 2b

CRAGHOPPERS

BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS

| VERÐDÆMI | BARNAFÖT |
|---|---|
| FLÍS PEYSUR KR. | 1.990,- |
| SOFTSHELL PEYSUR | 2.990,- |
| ÚLPUR | 3.990,- |
| SKÓR | 3.990,- |

| VERÐDÆMI | DÖMU & HERRA |
|---|---|
| FLÍS PEYSUR | 2.990,- |
| SKYRTUR | 2.990,- |
| S0FTSHELL PEYSUR | 3.990,- |
| BUXUR FÓÐRAÐAR | 3.990,- |
| ÚLPUR | 4.990,- |
| SKÓR | 6.990,- |
| SMÁVARA O. FL. | |

**OPIÐ**

**VIRKA DAGA 11 – 18.**
**LAU. 11 – 16.**
**SUN. 13 –16**

ÚTIVIST & SPORT

verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



NOVA
LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Andri á Norðurlöndunum

Þáttaröðin Andri á flandri, þar sem fylgst var með útvarpsmanninum **Andra Frey Viðarssyni** flakka um landið á húsbíl, hefur verið seld til sænskra, danskra og norskra sjónvarpsstöðva. Spennandi verður að sjá hvernig frændur okkar og frænkur taka Andra, en þættirnir nutu mikilla vinsælda á Íslandi og voru tilnefndir til Edduverðlauna sem besti menningar- og lífstílsþátturinn. Andri Freyr vinnur nú að nýrri þáttaseríu, Andralandi, þar sem hann flakkar um Reykjavík.



### Ísdrottningin skilin

Fyrirsætan **Ásdís Rán** og fótboltamaðurinn **Garðar Gunnlaugsson** hafa ákveðið að skilja eftir níu ára hjónaband. Ásdís og Garðar eiga saman tvö börn, Hektor, sex ára, og Victoriu, fjögurra ára. „Örlagaríkur dagur í ævintýralandi Ísdrottningarinnar," skrifaði Ásdís á Facebook-síðu sína í gær eftir að skilnaðurinn varð opinber. Garðar er búsettur á Íslandi um þessar mundir, en hann spilar nú með knattspyrnufélaginu ÍA á Akranesi. Ásdís býr enn í Búlgaríu þar sem hún fæst við fyrirsætustörf. **- afb / - sv**



### Mest lesið VÍSIR

1. Ráðist á starfsmann Dróma á heimili hans
2. Lögreglan lýsir eftir 15 ára gömlum dreng
3. Sýslumenn svara HH fullum hálsi
4. Helmingur af tunglgrjóti NASA er horfið eða týnt
5. Forrit finnur barnaníð í tölvum


Okkar hlutverk er að dreifa
fjölpósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.
Póst dreifing
Sími 585 8300 - www.postdreifing.is


